

ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR

Uppáhaldslampinn minnir á upprunann

Heimili
allt í MIDJU BLADSINS

FASTEIGNIR

Einbýli á útsýnisstað

Sérblað um fasteignir
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SVERRIR BERGMANN

Vinnur með Grammy-verðlaunahafa að plötu

Vill losna við „íslenska hljóminn“
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. september 2007 — 259. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Tilbrifamilik tíska

Kísa sýndi sumartísku næsta árs á Tískuvíkinni í London á dögunum.

TÍSKA 22

Talar tungum

Hrafn Gunnlaugsson hreifst af Kína í nýlegri heimsókn. Hann stefnir að því að læra kínversku.



FÓLK 30

Kirkjubrúðkaup

„Við hljótum að samgledjast nýbókuðum brúðhjúnonum sem voru gefin saman í Fríkirkjunni á dögunum á vegum Siðmenntar,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14




Valur vængjum þöndum

Valsmenn skutu FH af toppi Landsbankadeildarinnar í gær en þar hafði FH setið í 60 umferðir. Valur verður Íslandsmeistari með sigri á HK.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG




ÁFRAM HVASSVIÐRI sunnan og austanlands, og úrkoma um norð-austanvert landið. Kalt um allt land.

VEÐUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu



Keppast um yfirráð yfir hafsbotninum

Undanfarin sex ár hafa stjórnvöld Íslands staðið í viðræðum við þrjár þjóðir um landgrunnsréttindi á svonefndu Hatton Rockall-svæði. Hagsmunir Íslands eru gríðarlegir þar sem talið er að auðlindir á borð við olíu sé að finna á svæðinu.

UTANRÍKISMÁL „Miklir hagsmunir eru í húfi, því ef okkur ber ekki gæfa til að ná samkomulagi munu auðlindir liggja ónýttar og umfangsmikil gagnasöfnun vera unnin fyrir gýg,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um viðræður Íslendinga, Breta, Íra og Dana, fyrir hönd Færeyinga, um landgrunnsréttindi á svonefndu Hatton Rockall-svæði.

Fundur um skipingu landgrunnsins á Hatton Rockall, suður af Íslandi, milli ríkjanna fjögurra hefst í Reykjavík á miðvikudag. Deilur um svæðið hafa staðið yfir síðan snemma á níunda áratugnum

en fjórhlíða viðræður ríkjanna hófust að frumkvæði Íslendinga haustið 2001.

Spurð um þagnargildið sem legið hefur yfir viðræðunum segir Ingibjörg Sólrún að mönnum hafi ef til vill þótt þetta framtíðarmúsík, en nú sé kominn tími til að ræða málið opinberlega. Aðeins tæp tvö ár eru þar til frestur Íslands til þess að senda greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna rennur út.

Landgrunnsnefndin leggur tæknilegt mat á greinargerðir strandríkja og gerir tillögu að ytri mörkum landgrunnsins. Þegar því

ferli er lokið getur strandríkið á grundvelli tillagna nefndarinnar ákveðið mörkin milli landgrunnsins og alþjóðlega hafsbotnssvæðisins þar fyrir utan. „Nokkrar líkur eru á að þar finnist olía. Þá fleygir þekkingunni á auðlindum stöðugt fram og talað er um erfðauðlindir í því samhengi.“

Ísland á sjálfkrafa réttinn yfir hafsbotni að 200 sjómílum en við ákveðnar náttúrulegar aðstæður geta ríki átt tilkall til landgrunns utan þess svæðis. Ísland gerir tilkall til hafsbotnssvæðanna Hatton Rockall, Síldarsmugunnar og Reykjaneshryggisins. - eb



Á ÖFUGUM VEGARHELMINGI Bíllinn fór eina veltu og lenti á öfugum vegarhelmingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bílvelta á Hafnarfjarðarvegi:

Einn fluttur á slysadeild

SLYS Einn var fluttur á slysadeild með áverka í andliti eftir bílveltu á Hafnarfjarðarvegi um miðjan dag í gær. Ökumaður bílsins missti stjórn á honum með þeim afleiðingum að hann valt eina veltu og lenti á öfugum vegarhelmingi.

Þrír farþegar voru í bílnum en þá sakaði ekki. Að sögn lögreglu er ekki vitað hvað varð til þess að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum. - þeb



REIÐIR FRAM ÍSLENSKT HUNANG Býflugnabændur kynntu býflugnarækt og buðu gestum og gangandi að bragða á íslensku hunangi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Býflugnabændur fagna:

Íslenska hunangið vakti mikla lukku

FÓLK Uppskeruhátíð býflugnabænda var í gær haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Býflugnabændur af sunnanverðu landinu kynntu þar býflugnarækt og buðu upp á sýnishorn af uppskeru sumarsins.

Gestir fengu að bragða á hunangi sem fengið var beint úr búinu á staðnum og hægt var að kaupa íslenskt hunang. Tómas Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og býflugnabóndi, taldi að í kringum þúsund gestir hefðu komið á kynninguna og seldist hunangið upp á augabragði. Til sölu voru 45 millilítra krukkur á 500 krónur stykkið.

Um fimmtán býflugnabændur eru á Íslandi víðs vegar um landið. - hs

Heimsókn Ahmadinejads Íransforseta til Bandaríkjanna vekur harðar deilur:

Segir Bandaríkjamenn misskilja sig

BANDARÍKIN, AP Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti kom til New York í gær. Þar heldur hann ræðu við Kólumbíuháskóla í dag og ávarpar síðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á morgun.

Hann segir að Bandaríkjamenn hafi „ekki fengið réttar upplýsingar“ um ýmis málefni, en vilji gjarnan fá að heyrna önnur sjónarmið. Heimsókn Ahmadinejads hefur vakið harðar deilur í Bandaríkjunum. Eftir var til mótmælaaðgerða við Kólumbíuháskóla í gær til að mótmæla því að honum skyldi boðið að halda þar ræðu. Á síðasta ári afboðaði Kólumbíuháskóli af öryggisástæðum ræðu sem Ahmadinejad átti að halda þar en að þessu sinni er ekki annað að sjá en að ræðan verði flutt.



FYRIR BROTTFÖRINA FRÁ ÍRAN Ahmadinejad fletti upp í Kóraninum áður en hann hélt til Bandaríkjanna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjastjórn hefur lengi haft horn í síðu Ahmadinejads. Hún sakar hann um að aðstoða herskáká sjía-múslima í Írak. Einnig saka Bandaríkjamenn hann um

að vera með leynd að koma upp kjarnorkuvopnum í Íran undir yfirsýni friðsamlegrar notkunar kjarnorku.

Ýmis ummæli Ahmadinejads hafa sömuleiðis farið fyrir brjóstið á bandarískum stjórnvöldum. Hann hefur meðal annars kallað helför gyðinga „godsögn“ eina og sagt að Ísrael ætti að „þurrka út af kortinu“.

Bandaríkjamönnum var mörgum hverjum auk þess sárlega misboðið þegar hann bað í síðustu viku um að fá að skoða staðinn þar sem Tvíburaturnarnir í New York stóðu, þar sem hann hugðist leggja blómsveig til minningar um fórnarlömb árásanna haustið 2001. Hann fékk ekki heimild til þess. - gb

Stubbahus.is



Stubbahúsin vinsælu fyrir utanhúss reykingarnar. Frábær hönnun, fást nú í 3 stærðum.

Pöntunarsími: 564 1783 / 896 1783

SPURNING DAGSINS

Djákni, trúir þú líka á drauga?

„Nei, en ég trúi á Ga.“

Fjöldi Íslendinga trúir á huldufólk, drauga og blómálfa samkvæmt nýlegri rannsókn Félagsvísindastofnunar. Djákninn á Myrká er ein frægasta afturganga íslenskra þjóðsagna.

Lést eftir slys í Kópavogslaug

Þórður Ingi Guðmundsson, fæddur 29. apríl árið 1991, lést á laugardagskvöld.

Þórður varð fyrir slysi í skólasundi í Kópavogslaug 26. apríl síðastliðinn og nær druknaði. Honum var haldið sofandi í öndunarvél, en hann komst aldrei til meðvitundar.

Þórður var á lokaári í Snælandsskóla þegar slysið átti sér stað. Hann var búsettur að Reynigrund 33 í Kópavogi.

Stjórnarandstaða Pakistans: Leiðtogarnir handteknir

PAKISTAN, AP Nokkrir leiðtogar stjórnarandstöðunnar í Pakistan hafa verið handteknir og sakaðir um að ætla að efna til uppþota, nú þegar styttest í forsetakosningar.

Innan fárra daga er búist við að Hæstiréttur Pakistans taki afstöðu til þess hvort það samræmist stjórnarskrá landsins að Pervez Musharraf forseti bjóði sig fram í forsetakosningunum.

Stjórnarandstaðan heldur því fram að hann geti það ekki nema hann segi fyrst af sér sem yfirmaður hersins.

AFGANISTAN

Tveimur ítölum rænt

Tveggja starfsmanna ítalska hersins í Afganistan er saknað ásamt afgönskum bílstjóra og túlki. Talið er fullvist að mönnunum hafi verið rænt.

2FRÉTTABLAÐIÐ24. september 2007MÁNUDAGUR

Ping unga fólksins fór fram um helgina í Norræna húsinu og í Valhöll:

Gáfu samfylkingarfólki hækju

STJÓRNMÁL Ping unga fólksins fór fram um helgina í Norræna húsinu og í Valhöll. Á þinginu komu saman fulltrúar ungliðahreyfinga allra stjórnmálaflokkanna og ræddu íslenskt samfélag og málefni líðandi stundar.

„Það var mikill félagshyggjuandi yfir hópnum,“ segir Anna Pála Sverrisdóttir, sem sótti þingið fyrir hönd Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar. „Ég býð unga framsóknarmenn velkomna í hóp félagshyggjuafllanna á ný.“Vinaleg stemning var á þinginu að sögn viðstaddra og gáfu ungliðahreyfingarnar hver annarri gjafir.

Meðal annars gáfu ungir framsóknarmenn ungu samfylkingarfólki hækju í tilefni af þátttöku þeirra í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

„Þetta er meira leikur en alvara,“ segir Þórlindur Kjartansson, formaður Sambands ungra

NORRÆNA HÚSIÐ Ping unga fólksins var haldið í Norræna húsinu fyrstu dagana, en í gær fór fundurinn fram í höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins.

sjálfstæðismanna. „Það var fín stemning, auðvitað átök um hitt og þetta, en annars bara gaman.“Ályktana frá þinginu er að vænta á næstu dögum.

Konan kærði nauðgun: Meintum nauðgara sleppt

LÖGREGLUMÁL Kona á fertugsaldri kærði nauðgun til lögreglunnar í Vestmannaeyjum á laugardagsmorgun. Nauðgunin átti sér stað utandyra.

Stuttu eftir að kæran barst beindist grunur lögreglu að manni á fertugsaldri. Maðurinn, sem er aðkomumaður í Vestmannaeyjum, hafði farið þaðan með Herjólf síðdegis á laugardag en var handtekinn af lögreglunni á Selfossi að kvöldi sama dags.

Honum var sleppt úr haldi í gærkvöldi en hefur verið boðaður til frekari yfirheyrslu í dag og heldur rannsókn málsins þá áfram.

Meintur höfuðpaur neitar alfarið sök

Bjarni Hrafnkelsson er talinn eiga verulegan þátt í skipulagningu og fjármögnun Pólstjórnumyglisins. Hann neitar sök. Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvar, hvenær og hvernig fíkniefnunum var komið fyrir í skútunni, og hverjir gerðu það.

LÖGREGLUMÁL Bjarni Hrafnkelsson, einn þeirra sem situr í gæsluvarðhaldi vegna Pólstjórnumálsins, er talinn eiga verulegan þátt í skipulagningu og fjármögnun fíkniefnasmyglisins til Íslands sem var upprætt á fimmtudag. Þá er hann talinn hafa komið að því að útvega efnin erlendis, sem og að pakka þeim. Bjarni neitar því þó alfarið að tengjast málinu á nokkurn hátt.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins játaði Bjarni strax á fimmtudag að þekkja Einar Jökul Einarsson, sem einnig er talinn eiga stóran þátt í smyglinu. Þeir hafi verið í sama kunningjahópi og þekkt í nokkur ár. Bjarni var á fimmtudag úrskurðaður í gæsluvarðhald til 18. október. Taldi dómurinn að gengi Bjarni laus gæti hann sett sig í samband við meinta vitorðsmenn sem einnig gengju lausir, eða komið undan sönnunargögnum.

Rannsókn lögreglu mun beinast að því fyrst og fremst að upplýsa hvar, hvenær og hvernig fíkniefnunum var komið fyrir í skútunni sem kom til Fáskrúðsfjarðar í síðustu viku, og hverjir komu efnunum fyrir í henni. Ítarrannsókn á skútunni í Keflavík er lokið en hún leiddi ekkert nýtt í ljós.

Fimm sitja nú í gæsluvarðhaldi hérlandis vegna málsins; þeir Bjarni og Einar, Alvar Óskarsson og Guðbjarni Traustason, sem sigldu skútunni, og sá sem handtekinn var á bílaleigubíl við Fáskrúðsfjarðarhöfn. Hann var einungis úrskurðaður í einnar viku varðhald og er þáttur hans

Í FÁSKRÚÐSFJARÐARHÖFN Ómerкта skútan við hlið varðskipsins Ægis á fimmtudag. Í henni reyndust vera rúm 60 kíló af fíkniefnum.

FÍKNIEFNIN TIL SÝNIS Um 45 kíló af amfetamíni og fimmtán kíló af helsælu var að ræða.

talinn veigalíttill. Þá var Íslendingur sem handtekinn var í Færeyjum úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald í gær. Ekki hefur verið ákveðið hvort óskað verði eftir framsali hans til Íslands. Dananum sem einnig var handtekinn í Færeyjum vegna málsins hefur verið sleppt.

Þá hefur Loga Frey Einarssyni, bróður Einars Jökuls, sem handtekinn var í Stafangri í Noregi

verið sleppt. Ekki var krafist gæsluvarðhalds yfir honum en Stefán Eiríksson lögreglustjóri vill ekki gefa upp hvers vegna.

Stefán segir fleiri íslenska rannsóknarlögreglumenn á leið til Færeyja á næstunni vegna Íslendingsins sem þar er í haldi. Hann segir að íslenskir lögreglumenn hafi verið við störf víðs vegar í Evrópu vegna málsins að undanfögnu.

Ráðstefna um Mið-Austurlönd: Bandaríkin bjóða Sýrlandi

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjastjórn ætlar að bjóða fulltrúum tólf arabaríkja, þar á meðal fulltrúum Sýrlands, til fundar við George W. Bush Bandaríkjaforseta nú í haust.

Meiningin er að ræða ástandið í Mið-Austurlöndum og möguleikana á friðarsamningi við Ísrael.

CONDOLEEZZA RICE Rice utanríkisráðherra

skýrði frá þessu í gær. Auk fulltrúa Ísraela og Palestínumannna verða á fundinum fulltrúar Kvartettsins svo nefnda, það er Bandaríkjana, Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Rússlands, og svo fulltrúar allra ríkja Arababandalagsins

DNA-greiningar til sölu: Vafasöm þjónusta í boði

HEILBRIGÐISMÁL Pétur Hauksson geólæknir telur vafasamt að bjóða almenningi að kaupa greiningu á erfðamengi sínu líkt og Íslensk erfðagreining áformar að gera. Frá þessu var greint á Vísii.is.

Pétur segir að svo geti farið að heilbrigðar konur með kortlagða áhættuþætti láti jafnvel fjarlægja brjóst sín til að fá ekki krabbamein. Markmið ÍE er að gera fólki kleift að nálgast upplýsingar um áhættuþætti sjúkdóma.

Upplýsingar sem þessar geti verið meðhöndlaðar af rannsóknaraðilum, yfirvöldum og jafnvel tryggingarfélagum. Pétur telur nauðsynlegt að taka á öllum siðferðislegum álítaefnum áður en farið er af stað með þjónustuna.

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

www.ob.is

Forvitnilegt og fágætt fiðrildi var fangað í stigagangi í Grafarvogi:

Flúði þegar boxið var opnað

NÁTTÚRA Ungur drengur fann marglitt og fagurt fiðrildi í stigaganginum heima hjá sér í Grafarvogi.

„Fiðrildið var hátt uppi á vegg í ganginum svo ég kastaði bangsa í það og þá flaug það niður. Það er blátt, gult, svart og hvítt og ég held að það komi örugglega frá Póllandi. Vinur minn frá Póllandi hefur nefnilega séð svona fiðrildi áður. Við settum það í box, en það flaug í burtu þegar ég opnaði boxið aftur,“ segir Steinn Alex, sem gengur í fjórða bekk í Rimaskóla. Hann segist sjá svolítið eftir því, en skilja vel að fiðrildið hafi ekki viljað búa í boxi.

Móðir Steins Alex, Elva Hallgrímsdóttir, segir hann vera mikinn grúskara.

„Hann er alltaf með nefið ofan í einhverju og er á kafi í þessu.

FUNDVÍSIR VINIR Steinn Alex og vinir hans með netlufiðrildi í boxi.

NETLUFÍÐRILDI Fiðrildi sem þessi berast til Íslands með skipum og varningi.

Hann safnar ýmsum skordýrum og geymir þau í boxum.“

„Þetta kallast netlufiðrildi, eða Aglais urticae, og finnst hér stöku sinnum í höfuðborginni,“ segir Erling Ólafsson skordýrafræðingur um fiðrildi fagra.

„Fiðrildi þessarar tegundar hafa

aldrei borist yfir hafið af sjálfsdádum svo vitað sé, eins og til dæmis aðmírálsfiðrildi og þistilfiðrildi gera iðulega. Netlufiðrildi berast einkum með skipum og varningi um borð. Fiðrildið gæti því auðveldlega hafa borist í Grafarvog frá Sundahöfn.“

Ég ætlaði bara að fá mér fiölu

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili.*

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



Hinn og hafi / SIA - 9071096

75 ára

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

GENGIÐ 21.09.2007			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	62,46	62,76
	Sterlingspund	125,74	126,36
	Evra	87,76	88,26
	Dönsk króna	11,774	11,842
	Norsk króna	11,279	11,345
	Sænsk króna	9,532	9,588
	Japanskt jen	0,5400	0,5432
SDR		96,71	97,29
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
118,0944			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Utanríkisráðherra í New York:
Ingibjörg Sól-
rún sækir fundi

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra situr í dag ráðstefnu um loftslagsbreytingar sem haldin er á vegum Ban Ki-moon, aðalritara Sp. Ráðstefnan fer fram í New York.
Á morgun hefst ráðherrahluti allsherjarþingsins og mun utanríkisráðherra halda ræðu síðla dags 28. september. Auk þess heldur hún erindi um utanríkisviðskipti Íslands og Bandaríkjanna á fundi íslensk-ameríska verslunarráðsins á miðvikudag.
Utanríkisráðherra mun einnig eiga fjölda tvíhliða funda meðal annars til að kynna framboð Íslands til öryggisráðs Sp. -hs

Breytingar hjá Skjánum:
Nýr sjónvarps-
stjóri ráðinn

FJÖLMÍÐLAR Nýr sjónvarpsstjóri hefur verið ráðinn hjá Skjánum. Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, mun taka við starfinu af Birni Þóri Sigurðssyni sem lét nýlega af störfum.
Í tilkynningu segir að ákvörð-
unin hafi verið besta fyrir-
komulagið að svo stöddu þar sem verið sé að ljúka við stefnumörkun félagsins og endurskoðun á skipulagi þess.
Sigríður er með B.Sc.-gráðu í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri. Áður en hún tók við starfi framkvæmdastjóra Skjásins starfaði hún sem framkvæmdastjóri Já. -eb

Verkstjórnarnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi

Markmiðið er að þjálfra millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Áætlanagerð

- Hvatning og starfsánægja
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **100 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **8. október 2007**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Vímuefnavandi foreldra og áhrif hans á börn er meginefni námsdaga Þerapeiu: Ráðstefna um vímuefnavanda

HEILBRIGÐISMÁL „Sum börn mæðra sem hafa verið í neyslu á meðgöngu bíða þess merki, bæði líkamlega og andlega,“ segir Hulda Guðmundsdóttir. Vímuefnavandi foreldra og áhrif hans á börn er meginviðfangsefni á námsdögum Þerapeiu sem fram fara í Þjóðminjasafninu á fimmtudag og föstudag. „Ef foreldrar bera ekki gæfu til þess að sinna börnum sínum sem skyldi, veita þeim þá alúð sem þau þurfa, þá eru miklar líkur á að börnin skaðist tilfinningalega,“ segir Hulda, sem skipuleggur námsdagana. „Við þurfum að hafa í huga að þessir foreldrar sem við á hafa nær undantekningarlaust haft erfiðan bakgrunn,“ segir Hulda. „Við þurfum að hafa einhverja fræðslu og meðferð í heilbrigðiskerfinu til að fyrirbyggja neyslu vímuefna á meðgöngu,“ segir Hulda. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir hversu alvarlegt það er. Heilsugæslustöðvarnar eru mikilvægastar til að



VÍMUEFNAVANDI Neysla foreldra getur haft skaðleg áhrif á börn þeirra. Myndin er sviðsett.

grípa inn í, veita meðferð og fyrirbyggja.“ Námsdagarnir eru sérstaklega ætlaðir fagfólki og standa frá 9.15 til 16 báða dagana. -sgj

Segir fullveldi Íraks alvarlega ógnað

Bandaríska öryggisfyrirtækið Blackwater hefur komið við sögu í sjö skotárás-um á íraska borgara. Íraksforseti segir ekki hægt að sætta sig við að starfsmenn bandarískra öryggisfyrirtækja í Írak geti drepíð fólk án þess að sæta ábyrgð.

BANDARÍKIN, AP „Íraksstjórn ber ábyrgð á öryggismálum og það er ekki hægt að sætta sig við að öryggisfyrirtæki drepí fólk,“ segir Nouri Al Maliki Íraksforseti í viðtali við bandarísku fréttastofuna AP.
Framferði bandarískra öryggisverktaka, sem starfað hafa í Írak, hefur sætt vaxandi gagnrýni. Í síðustu viku voru að minnsta kosti 11 óbreyttir borgarar drepnir á torgi í Bagdad. Starfsmenn bandaríska öryggisfyrirtækisins Blackwater eru grunaðir um að hafa verið þar að verki.
Maliki segir að Blackwater-fyrirtækið hafi komið við sögu í að minnsta kosti sjö skotárás-um á almenna borgara í Írak. „Þetta er alvarleg ógnun við fullveldi Íraks,“ segir hann.
Hann gaf þó í skyn að hægt yrði að ná samkomulagi við Bandaríkjamenn um lausn á þessum vanda.
Í viðtalinu sagði Maliki gagnrýni á ríkisstjórn sína ómaklega og lagði áherslu á að Írakar yrðu að fá að ráða sínum málum sjálfir. Hann sagði árangur hafa orðið í landinu og er vongóður um að árið 2008 verði ár sátta og uppbyggingar í Írak.
Blackwater er eitt þriggja öryggisfyrirtækja sem bandaríska utanríkisráðuneytið hefur ráðið til verndar starfsmönnum sínum í Írak og mikil óvissa ríkir um hvað yrði ef starfsmenn þess yrðu reknir úr landi, eins og kröfur hafa heyrst um.



ERLENDIR ÖRYGGISVERKTAKAR Í ÍRAK Í síðustu viku komu starfsmenn bandaríska öryggisfyrirtækisins Blackwater við sögu þegar 11 íraskir borgarar voru skotnir til bana á torgi í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ef við rekum þetta fyrirtæki strax úr landi þá skapast tómar- um í öryggismálum sem krefst þess að einhverjir hermenn verði kallaðir frá átakasvæðum,“ sagði Tahseen Sheikley, íraskur embættismaður.
Írösk stjórnvöld segja nauðsynlegt að setja nýjar reglur um framferði erlendra öryggisverktaka, meðal annars vegna þess að vafi leikur á því hvort hægt sé að sækja starfsmenn erlendra öryggisverktaka til saka að íröskum lögum.
Árið 2004 veitti bandaríska her- námsstjórnin erlendum verktök- um, bandarískum hermönnum og fleiri erlendum erindrekum rétt til að njóta friðhelgi gagnvart íröskum lögum. Öryggisverktakar lúta ekki heldur bandarískum herlögum, sem beitt er þegar bandarískir hermenn eru ákærðir fyrir morð eða misþyrmingar á íröskum ríkisborgurum.
„Írösk refsilög ættu að ná til allrar glæpastarfsemi á íraskri grund,“ segir Sheikley. gudsteinn@frettabladid.is

Árið 2004 veitti bandaríska her- námsstjórnin erlendum verktök- um, bandarískum hermönnum og fleiri erlendum erindrekum rétt til að njóta friðhelgi gagnvart íröskum lögum. Öryggisverktakar lúta ekki heldur bandarískum herlögum, sem beitt er þegar bandarískir hermenn eru ákærðir fyrir morð eða misþyrmingar á íröskum ríkisborgurum.
„Írösk refsilög ættu að ná til allrar glæpastarfsemi á íraskri grund,“ segir Sheikley. gudsteinn@frettabladid.is

Illkynja slímhúðarbólga greind: Fyrsta tilfellið á Bretlandi

LONDON, AP Ein kýr á bøndabæ í nágrenni Ipswich hefur greinst með illkynja slímhúðarbólgu. Verið er að rannsaka hvort um faraldur geti verið að ræða.
Þetta er í fyrsta skipti sem sjúkdómurinn finnst í Bretlandi. Veiran er ekki skaðleg mönnum en getur reynst nautgripum banvæn. Sjúkdómurinn er ekki bráðsmi- andi en ráðlegt er að láta sauðfé og nautgripi ekki ganga saman þar sem veiran hefst við í sauðfé.
Yfirvöld segja að afbrigðið sem greindist sé af sama stofni og það sem fannst í Belgíu árið 2006. Ekki er til neitt sérhæft bóluefni og verður sýktu kúnni slátrað. -hs



VIÐBÚNAÐUR Nokkrar skemmdir urðu á gólfi og í lofti.

Eldur í íþróttahúsi: Kviknaði í út frá ljósi í lofti

LÖGREGLUMÁL Eldur kom upp í íþróttahúsinu í Bolungarvík um hádegisbil í gær.
Að sögn lögreglunnar á Vest- fjörðum er líklegast að eldurinn hafi kviknað út frá loftljósi í íþróttahúsinu.
Talsverður fjöldi fólks var í og við íþróttahúsið þegar eldsins varð vart. Meðal annars stóð Vestfjarðameistaramót í sundi yfir í sundlauginni við hlið íþróttahússins. Vel gekk að rýma húsið og sundlaugargarðinn.
Nokkrar skemmdir urðu á húsinu, bæði á gólfi og í lofti, en að sögn lögreglu þurfti að kljúfa þakið á um tuttugu metra kafla til að komast að eldinum. -þeb

LÖGREGLUFRETTIR

Grunaður um líkamsárás
Fimm manns gistu fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum um helgina. Á föstudag voru þrír menn stöðvaðir eftir að hafa stolið bíl af bílasölu. Á laugardag voru svo tveir handteknir, annar vegna ölvunar og óláta og hinn vegna líkamsárásar.

Bílvelta á Hellisheiði
Fólksflutningabíll valt á Hellisheiði um miðjan dag í gær. Um tíu ferðamenn voru í bílnum en engan sakaði. Slysíð varð á Þúsundvatnaleið, sem er vin- sæl meðal ferðamanna.

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Lægir í dag um sunnanvert land

Það verður áfram hvasst um sunnan- og austanvert landið í dag, en lægir þegar liður á kvöldið. Úrkoma mest í morgunsárið, en stýttir upp og birtir til seinnipartinn. Með norðanáttinni verður áfram kalt, á bilinu 0-5 stig fyrir norðan og austan en 2-8 stig sunnantil. Á morgun má áfram búast við kulda, en vindinn lægir þó nokkuð. Ný lægð kemur svo upp að landinu á miðvikudag.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Norðan 10-16 m/s , bjart og hiti 2-6 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C skýjað	London	19°C rigning	Eindhoven	21°C léttskýjað
Billund	20°C skýjað	Paris	20°C skýjað	Basel	25°C léttskýjað
Oslo	16°C skúrir	Frankfurt	23°C léttskýjað	Alicante	27°C léttskýjað
Stokkhólmur	16°C hálfskýjað	Friedrichshafen	24°C léttskýjað	Róm	25°C léttskýrt
Gautaborg	18°C léttskýjað	Berlin	24°C léttskýjað	Las Palmas	23°C heiðskýrt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

Fremur hæg norðlæg átt um allt land.

» miðvikudagur

Hvöss SV-átt um allt land, fyrst S-lands.

Til hamingju!



KR-stúlkur eru sigurvegarar í VISA-bikarkeppni kvenna 2007

VISA BIKARINN 2007



KJÖRKASSINN



Fylgist þú af áhuga með Pólstjörnumálinu svokallaða?

Já	47,2%
Nei	52,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hjólaðir þú í vikunni sem leið?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir



UNDIRRITUN Valdís Arnardóttir, kynningarstjóri Atorku Group, og Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL.

BUGL fær fimm milljónir: Féð verður notað til kennslu og þjálfunar

HEILBRIGÐISMÁL Fyrirtækið Atorka Group veitti verkefni Barna- og unglingageðdeildar „Brúum bilið“ fimm milljón króna styrk. Byggja á upp þekkingu á geðröskunum barna með fræðslu og þjálfun fagfólks á heilsugæslustöðvum í notkun sérhæfðra mats- og greiningartækja. Þá verður því veitt kennsla og þjálfun í notkun viðeigandi meðferðarúræða. Um tuttugu prósent íslenskra barna og unglinga kljást við geðræn vandamál á einhverjum tímamarki fyrir átján ára aldur. Sjö til tíu prósent þeirra þurfa á geðrænni meðferð að halda, en innan við eitt prósent barna með geðræn vandamál fær þjónustu hjá BUGL, að því er kemur fram í tilkynningu.

Frístundaheimili í Reykjavík bjóða sveigjanlega þjónustu:

Komið til móts við manneklu

SKÓLAMÁL Sextán frístundaheimili í Reykjavík munu bjóða upp á sveigjanlega þjónustu til að koma til móts við hluta foreldra þeirra 743 barna sem eru nú á biðlista eftir plássi. Um ræðir tilraun hjá Íþrótt- og tómstundaráði í Breiðholti, Grafarvogi, Árbæ, Grafarholti og einstaka skólum í öðrum hverfum. Nýja þjónustan felur í sér að foreldrum verður boðið að fækka vistunardögum þannig að hægt sé að bjóða þeim börnum sem bíða dagana sem losna. „Við byggjum þessa tillögu á könnun þar sem við spurðum foreldra hvernig þeir myndu vilja haga fyrirkomulagi dagvistunar.



FRÍSTUNDAHEIMILI í framtíðinni verður vinnudagur barnanna styttri og þörfin fyrir dagvistun eftir skóladaginn minnkar.

Það kom í ljós að 30% foreldra myndu velja tveggja til fjögurra daga vistun,“ segir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundamála hjá Íþrótt- og tómstundaráði.

Tilraunin verður gerð í þeim skólum sem verst gengur að manna. Um 200 til 300 börn munu komast að með skerta vistun. Soffía segir hugsanlegt að um framtíðarlausn sé að ræða. Í byrjun næsta árs verður athugað hvort taka eigi kerfið upp í öllum frístundaheimilum. „Þróunin er þannig að öllu skóla- og tómstundastarfi barna verður í framtíðinni lokið fimm. Nú þegar hefja mörg íþróttafélög æfingar fyrr á daginn. Vonandi verður minni þörf fyrir þjónustu frístundaheimila í framtíðinni.“

- eb

Ísraelar láta fanga lausa: Níutíu fangar verða frjálsir

IERÚSALEM, AP Ísraelsk stjórnvöld samþykktu í gær að láta lausa 90 palestínska fanga í því augnamiði að styrkja Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, í valdabaráttu hans við Hamas-samtökin. Palestínumenn lýstu hins vegar vonbrigðum sínum með það hve fáir fangarnir eru, og hvöttu Ísraela til að sleppa fleiri fangum. Talskona Ísraelsstjórnar sagði að fangarnir gætu að öllum líkindum fengið frelsið á þriðjudag. Síðast létu Ísraelar 250 palestínska fanga lausa í júlí síðastliðnum.

- gb

Leigubílstjórar fá endurtekið tilboð um kynlífsgreiða

Leigubílstjórar í miðborg Reykjavíkur segjast oft fá boð um kynlífsgreiða í stað peninga fyrir akstur um helgar. „Aumkunarvert,“ segir leigubílstjóri sem hefur fengið slíkt boð. Hann segir fulla alvöru vera með mörgum þessara boða. „Leigubílstjórar eru vandir að virðingu sinni,“ segir framkvæmdastjóri Hreyfils.

LEIGUBÍLAR Leigubílstjórar fá endurtekið boð um kynlífsgreiða í skiptum fyrir akstur frá farþegum um helgar. Þetta segja leigubílstjórar sem keyra fólk heim úr skemmtanalífi miðborgarinnar. Freyr Sigurðarson, sem unnið hefur hjá Hreyfli í hálft annað ár, segist hafa fengið slík boð. „Oft er ég spurður, bara til þess að sjá hvernig ég tek í þetta,“ segir Freyr. „Stundum er þetta í gríni, en stundum í fullri alvöru.“ Freyr segir þessi boð oft spröttin vegna ölvunar farþegans, en þó ekki alltaf. „Einu sinni kom fyrir að konan hafði ekkert annað í boði, átti enga peninga,“ segir Freyr. „Ég sagði bara nei, tók eitt hvað frá henni í pant og hún borgaði daginn eftir. Þá lét hún eins og hún myndi ekkert eftir þessu.“ Freyr segir margna aðra leigubílstjóra hafa svipaða sögu að segja. „Mér finnst þetta kannski ekki þreytandi, en þetta er bara svo aumkunarvert,“ segir Freyr. „Það er ótrúlegt hvað fólk er að bjóða í staðinn fyrir peninga,“

„Hvað gerist í skjóli nætur þekkir maður ekki, en leigubílstjórar eru vandir að virðingu sinni.“

SÆMUNDUR KR. SIGURLAUGSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HREYFILS.

segir Bjarni Atlason, sem unnið hefur sem leigubílstjóri með hléum frá árinu 2003. „Yfirleitt býð ég þeim þann valkost að borga eða ég hringi á lögregluna. Þá borgar fólk vanalega.“ Bjarna grunar að flest sé þetta fólk sem neytir fíkniefna eða hafi mjög skerta sjálfsmynd. „Þetta er sorglegt,“ segir Bjarni. Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils, segist draga tíðni þessara tilboða í efa. „Ég held að íslenskar konur beri það mikla virðingu fyrir sjálfum sér að þær bjóði ekki leigubílstjórum svona.“ Sæmundur segir leigubílastöðina hafa reglur varðandi hegðun bílstjóra. Þeir megi ekkert aðhaf-



LEIGUBÍLAMERGÐ Fjöldi leigubílstjóra vinnur við að aka misölvuðu fólk heim úr miðborginni um helgar.

ast í starfi sem geti brotið í bága við lög eða valdið stöðinni eða stétt sinni álitshnekki. „Hvað gerist í skjóli nætur

þekkir maður ekki, en leigubílstjórar eru vandir að virðingu sinni,“ segir Sæmundur.

steindor@frettabladid.is

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA





ÞÚ FÆRÐ DECUBAL Í NÆSTA APÓTEKI

DECUBAL[®]

KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ



MCCANN-HJÓNIN Kate og Gerry hafa nú fengið lögræðinga Brians Kennedy til umráða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur maður og norsk kona með nýjar upplýsingar:

Segjast hafa séð Maddie í Marokkó

BRETLAND Tvö vitni segjast hafa séð til Madeleine McCann í Marokkó þann níunda maí, nokkrum dögum eftir hvarf hennar. Áður hafði verið upplýst um fullyrðingar norsku konunnar en lögregla hefur ekki gefið neitt upp um fullyrðingar mannsins. Blaðið News of the World hefur það hins vegar eftir manni nákomnum McCann-fjölskyldunni að Bretinn hafi gefið sig fram við lögreglu. Samkvæmt heimildum blaðsins var maðurinn nálægt hóteli í Marrakech þegar hann sá stúlkuna

og lét hann lögreglu í Bretlandi vita. Þeim upplýsingum hafi svo verið komið áfram til lögreglunnar í Marokkó og Portúgal. Í gær tilkynnti breski milljóna-mæringurinn Brian Kennedy að hann ætlaði að veita Kate og Gerry McCann fjárhagslega aðstoð. Aðstoðin mun aðallega felast í lögræðingum hans. Í yfirlýsingu frá Kennedy segir að lögræðingar hans geti hjálpað hjónunum að hreinsa nöfn sín og þá geti allir þeir sem koma að málinu einbeitt sér að því að finna Madeleine. - þeb

Repúblikanar í forsetaslag: Forðast allir að minnast á Bush

BANDARÍKIN, AP Repúblikanarnir tíu, sem sækjast eftir að verða forsetaefni flokksins í næstu kosningum, forðast að tala um George W. Bush forseta. Þeir Rudy Giuliani, Mitt Romney, Fred Thompson og John McCain minnst varla orði á forsetann, nema þá helst þegar þeir lofa að leysa vandamál sem hann mun skilja eftir sig. „Ég viðurkenni að hann hefur gert ýmislegt gott,“ segir McCain, „en ég held að staðreyndin sé sú að Bandaríkjamenn séu að snúa við blaðinu, þar á meðal kjarni kjósenda okkar í Repúblikanaflokknum.“

GEORGE W. BUSH

- gb

LÖGREGLUFRETTIR Erilsöm nótt í miðborginni Alls 26 voru handteknir fyrir brot á lögreglusamþykkt í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags. Fangageymslur lögreglunnar voru fullar en að sögn lögreglu var mikil ölvun. Þá komu upp minni háttar fíkniefnamál.



NORÐURBAKKI

LÚXUSÍBÚÐIR Á SJÁVARLÓÐ

ÞAÐ SEM FLESTIR ÓSKA SÉR ...

... góð og falleg hönnun • vönduð bygging
• veðursæld • fallegt umhverfi • gullfallegt
útsýni • nálægð við náttúru • þjónusta við
dyrnar ...

Allt þetta býður ATAFL nú í stórglæsilegum
lúxusíbúðum í nýju bryggjuhverfi á Norðurbakka
í Hafnarfirði. Hverfið liggur í hjarta bæjarins að
fallegu rötgrónu svæði. Íbúðirnar eru á framúr-
skarandi útsýnisstað í skjóli fyrir norðanáttinni.
ATAFL fékk til liðs við sig arkitektastofuna Arkþing
við hönnun húsanna. Árangur samstarfsins þykir
einstaklega áhugaverður enda báðir aðilar þekktir
fyrir framsæknar lausnir og vandaða vinnu. Um er
að ræða tvö hús, 4ra og fimm hæða með alls 51
íbúð.

Í boði eru 4 stærðir: 2ja, 3ja og 4ra herbergja
auk „penthouse“ íbúða.



SÖLUAÐILAR VEITA ÞÉR ALLAR UPPLÝSINGAR:

FRÓÐGÆTUNARMAÐUR
MIKLABORG

sími 569 7000, www.miklaborg.is



sími 520 2600, www.as.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ NÁNAR
www.atafl.is


ATAFL
í 50 ár

Lyngási 11 • 210 Garðabæ • sími 420 6400 • bréfsími 420 6499 • atafl@atafl.is

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða fyrrverandi forseti Perú er sakaður um morð og spillingu?

2 Hvað kallast nýr spjallþáttur Loga Bergmanns Eiðssonar sem sýndur verður á Stöð 2?

3 Hvaða leikari fer með hlutverk Tonys Soprano í The Sopranos?

SVÖR Á SÍÐU 30

Benedikt XVI páfi predikar:

Ríkir deili auði með fátækum

ÍTALÍA, AP Benedikt XVI páfi fjallaði í gær um bilið milli ríkra og fátækra. Páfinn fordæmdi þá áherslu sem lögð er á hagnað í



BENEDIKT XVI PÁFI

heiminum í dag og talaði um að peningar gætu breytt fólki í „blinda egóista“. Hann hvatti enn fremur hina ríku til að deila auði sínum með fátækum og fara þar með að fordæmi Krists. Benedikt fjallaði um þetta í tveimur aðskildum athöfnum. Búist er við að páfinn muni fjalla enn frekar um félagslegt og fjárhagslegt réttlæti í öðru umburðarbréfi sínu en starfsmenn Vatíkansins hafa staðfest að það taki á félagslegum málefnum. - hs

Ultraflex

gluggaopnarar


Ultraflex gluggaopnarar eru auðveldir í uppsetningu og henta fyrir glugga í mismunandi hæð. Fjöldi lausna er í boði fyrir flestar gerðir glugga.



UCS VEGA 230V
Mjög nettur rafknúinn gluggaopnari úr áli, drifinn keðju úr ryðfriu stáli, sérlega auðveldur í uppsetningu. Hentar vel fyrir glugga með gardinum. Átakið er staðsett í miðju opnarans. Fáanlegur með og án fjarstýringar. UCS 230 V, 230V 24 VDC, 300 mm stöðluð opnun.



UCS KEÐJUOPNARI
Handknúinn gluggaopnari með keðju og sveif sem hentar jafnt fyrir glugga með lamir að neðanverðu sem ofanverðu og hátt upp í opnanleg fög. Á stóra glugga er möguleiki að nota tvo opnara. Auðvelt er að komast að þrifum.



UCS SINTESI 230V
Rafknúinn öflugur gluggaopnari, keðjudrífinn, einfaldur í uppsetningu, auðvelt að komast að þrifum. UCS 230 V, 250 mm eða 380 mm opnun.

8FRÉTTABLAÐIÐ24. september 2007MÁNUDAGUR

Um 483.000 fermetrar af verslunartengdu húsnæði eru í byggingu:

288 Hallgrímskirkjur að rísa

FASTEIGNIR Gangi áform eftir um nýjan miðbæjarkjarna í Reykjavík ásamt 195.000 fermetra uppbyggingu á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi, verða minnst 483.000 fermetrar í byggingu á höfuðborgarsvæðinu.

Það samsvarar rúmlega níu Kringlum, 288 Hallgrímskirkjum, eða 1.484 verslunum, jafnstórum Brynju á Laugavegi.

Hugmynd að nýrri verslunarmiðstöð, sem Samson Properties kynnti í vikunni, gerir ráð fyrir um 45.000 fermetra nýbyggingu, undir verslun, þjónustu og íbúðir.

Við Vesturlandsveg er verið að reisa 40.000 fermetra verslunar-

húsnæði undir Rúmfatalagerinn, Pier og BYKO. Skammt frá, handan vegarins, hyggst Bauhaus reisa 20.000 fermetra verslunarhúsnæði.

Við Smáratorg rís hæsta bygging landsins, meðal annars, undir leikfangaverslunina Toys“R“Us og tekur minnst 17.000 fermetra.

Rétt hjá, við Smáralind, rís um 18.000 fermetra verslunar- og skrifstofuhúsnæði á fimmtán hæðum.

Á Höfða er verið að reisa Höfðatorg, sem er um 140.000 fermetrar að stærð, og í Holtagörðum er einnig verið að bæta við verslunarrrými, alls 8.000 fermetrum.

- kóp / - pal



HALLGRÍMSKIRKJA Kirkjan er 1.676 fermetrar að stærð. Á höfuðborgarsvæðinu rísa nú byggingar sem samsvara 288 Hallgrímskirkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LÖGREGLUFRETTIR

Ók ölvaður á ljósastaur

Lögreglan handtók ökumann fólksbíl um hádegisbil í gær. Maðurinn hafði ekið bíl sínum á ljósastaur á Vesturlandsvegi og var grunaður um ölvun við akstur.

FRAKKLAND

Marcel Marceau látinn

Frakkinn Marcel Marceau, þekktasti látbragðsleikari heims, er látinn. Hann var 84 ára gamall og var heimsþekktur fyrir látbragðslistina. Skrifstofa forsætisráðherra Frakklands skýrði frá andláti hans í gær.

UMHVERFISMÁL

Bílalaus dagur í stórborgum

Bílalausir dagar voru haldnir bæði í Evrópu og Asíu um helgina til að vekja athygli á umhverfisvænni ferðamátum. Meðal borga sem tóku þátt voru Amsterdam, Brussel, Antwerpen og Jakarta í Indónesíu auk 108 borga í Kína.



NUNNUR OG MUNKAR Á BÆN VIÐ GYLLTU SCHWEDAGON-PAGÓÐUNA Í RANGÚN Nunnurnar, sem eru ljósklæddar, hafa nú gengið til liðs við rauðklædda munkana og taka þátt í daglegum mótmælagöngum. Mótmælin byrja jafnan með bænahaldi, en síðan er haldið út á götur helstu borga í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert lát á daglegum mótmælum munkanna í Búrma:

Mótmælendum fjölgar sífellt

BÚRMA, AP Mótmælin gegn herstjórninni í Búrma eru orðin þau fjölmennustu og viðamestu í meira en tvo áratugi. Í gær tóku um tuttugu þúsund manns þátt í mótmælagöngu um götur Rangún, þar sem munkar og nunnur voru að venju í fararbroddi mótmælanna.

Fimm hundruð manna hópur, þar á meðal eitthvað á annað hundrað munkar, reyndi að ganga að heimili andófskonunnar þekktu Aung San Suu Kyi en lögreglunni tókst að koma í veg fyrir það með því að loka götum.

Lögreglan hafði ekki afskipti af stóru mótmælagöngunni í gær, en fylgdist engu að síður grannt með.

Einn munkur hélt ræðu, þar sem hann hvatti stjórnvöld til að láta Aung San Suu Kyi lausa úr stofufangelsi, sem hún hefur verið í stanslaust síðan árið 2003. Flokkur hennar vann mikinn sigur í þingkosningum árið 1990, en herinn kom í veg fyrir að hann gæti tekið við völdum.

Mótmælaaldan í Búrma hófst í ágúst eftir að stjórnvöld hækkuðu skyndilega verð á eldsneyti. Í

byrjun síðustu viku hófu munkarnir að efna daglega til mótmæla-funda og hefur þátttakendum fjölgað jafnt og þétt.

Í gær héldu tíu þúsund munkar út á götur Rangún, sem herfor-ingjastjórnin nefnir Jangon. Um tíu þúsund manns fylgdust með göngu munkanna og mynduðu keðju meðfram götunum með því að haldast í hendur.

Mótmælaaðgerðirnar í gær voru þær fjölmennustu síðan árið 1996, þegar almenn uppreisn varð í landinu. Hernum tókst að brjóta þá uppreisn á bak aftur. - gb



A. KARLSSON



Heilsu-dagar24. sept. til 3. okt.



Hugaðu að heilsunni!

➤ **15% afsláttur** af æfingataekjum, heilsurúmum, rafskutlum, blóðþrýstingsmælum ofl.

➤ **Taktu stöðuna** – blóðþrýstings- og fitumæling á staðnum.

Opið kl. 9 til 17 virka daga

A. Karlsson | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | Sími: 5 600 900 | www.akarlsson.is

Skútuvegur 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is



- ★ **GÆÐI**
- ★ **GÓÐ VERÐ**
- ★ **ÞJÓNUSTA**
- ★ **ÚRVAL**
- ★ **ÞEKKING**

Veldu það besta!



Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur



Rafmagnsrúm
í úrvali



Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR



Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Lísthúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



KANNAR UMHVERFIÐ Binxing, sjö ára gamall pandabjörn í dýragarðinum í Madrid, kannar nýju vistarvernar. Hann kom frá Kína fyrir hálfum mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýr forsætisráðherra tekur við í Japan í vikunni:

Á erfitt verk fyrir höndum

JAPAN, AP Yasuo Fukuda tekur væntanlega við sem forsætisráðherra Japans á þriðjudaginn, þegar neðri deild þingsins kys arftaka Shinzo Abe, sem sagði óvænt af sér í síðustu viku.

Vinsældir stjórnarinnar hafa minnkað mjög síðustu mánuði og stjórnarandstaðan á þingi hefur verið að styrkjast. Fukuda viðurkennir að erfitt geti orðið að snúa þessari þróun við.

„Útnefning mín kemur á mjög erfiðum tíma,“ sagði Fukuda í gær eftir að félagar hans í Frjálslynda flokknum höfðu samþykkt í atkvæðagreiðslu á flokksfundi að hann yrði arftaki Abes.

„Ég ætla að vinna að því að blása nýju lífi í flokkinn, endurheimta traust almennings og ná árangri í stefnumótun.“ Fukuda er gamalreyndur stjórnmálamaður, 71 árs að aldri, þykir öfgalíttill og varkár. Hann hefur verið nánasti ráðgjafi tveggja fyrrverandi forsætisráðherra, og faðir hans var á sínum tíma forsætisráðherra Japans.

Hann þykir vekja vonir um að meiri stöðugleika muni gæta á næstunni, sem Japanir virðast vilja nú í kjölfar tímabils Abes, sem einkennst hefur af óöryggi og óstöðugleika. Aðrir óttast þó að Fukuda geti orðið of gamaldags.

- gb



YASUO FUKUDA Hann brosti eftir að flokksfélagar hans höfðu kosið hann til að verða arftaki Shinzo Abe í forsætisráðherraembættinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áhlaup á Vesturbakkanum:

Virtur Hamas-liði handtekinn

NABLUS, AP Palestínska lögreglan handtók predikara Hamas-samtakanna á Vesturbakkanum í gær.

Handtakan var hluti af aðgerðum gegn herskáum íslamistum. Sheik Maher Kharas, oft kallaður „Hvíta ljónið“, er einn virtasti meðlimur Hamas á Vesturbakkanum.

Öryggisfulltrúinn Abdullah Kumail sagði að Kharas hefði egnt fylgismenn sína og að hann yrði færður til yfirheyrslu.

Hamas-liðar segja að um 700 meðlimir hafi verið handteknir síðan í júní og að um 150 séu í haldi án dóms og laga.

- hs

LJÓS & PERUR

Er ljósabúnaðurinn í lagi fyrir veturinn?
Við bjóðum mikið úrval af ljósabúnaði og perum frá Hella.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS



ISHMAEL BEAH Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna kom honum til bjargar þegar hann var sextán ára. Í dag er hann orðinn 27 ára gamall og býr í New York.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Snertir ekki bara Afríku

Fyrrverandi barnahermaður er staddur á Íslandi á vegum UNICEF og JPV-útgáfunnar til þess að vekja athygli á baráttunni gegn barnahermennsku.

SAMFÉLAGSMÁL „Flest börnin sem tóku þátt í stríðinu í Sierra Leóne hafa náð andlegum bata, en þau sem ekki eiga fjölskyldu eða eru of fátæk til þess að ganga í skóla vita ekki hvað þau eiga að gera við líf sitt,“ segir Ishmael Beah, sem skrifaði bókina „Um langan veg – frásögn herdrengs“ um veru sína í stjórnarhernum frá þrettán ára aldri í borgarastríðinu í Sierra Leóne.

Hann segir mikilvægast fyrir börn sem ganga í gegnum það sama og hann að fá hlutverk í lífinu.

„Ég skrifaði þessa bók til þess að benda fólki á að þegar stríði lýkur eru enn mörg vandamál sem taka þarf á. Þegar börn hafa tekið þátt í stríði þarf að kenna þeim að lifa heilbrigðu lífi á ný. Ef það er ekki gert vaxa þau úr grasi og verða herskár leiðtogar framtíðarinnar. Barnahermennska er því ekki aðeins vandamál Afríku.“

Beah vildi einnig sýna heiminum að barnahermenn gætu unnið úr vandálum sínum og því væri nauðsynlegt að hjálpa þeim. Börnin væru framtíðin og í henni yrði að fjárfesta.

„Ég vil gefa til baka og lít á bókina sem byrjunarskrefið. Ég kom nýverið á fót styrktarsjóði í Bandaríkjunum og mun nota hann til þess að styrkja börn til menntunar og byggja upp bókasöfn þar sem börn geta fræðst og talað saman.“

Spurður hvað hefði verið erfiðast

„Ég þurfti að læra upp á nýtt einfalda hluti eins og að sofa rólega, treysta öðrum og sjálfum mér.“

ISHMAEL BEAH

við dvölina á endurhæfingarstöð Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann dvaldist um nokkurra mánaða skeið, segir Beah það hafa verið að endurvekja tilfinningarnar.

„Lífsbaráttan og fíkniefnin gera mann tilfinningalega dofinn og það var erfiðast að finna fyrir tilfinningum á ný. Ég þurfti að læra upp á nýtt einfalda hluti eins og að sofa rólega og treysta öðrum og sjálfum mér. Maður verður að fyrirgefa sjálfum sér og læra að lifa með því sem maður hefur gert.“

Beah hefur sætt gagnrýni fyrir að segja sögu sína. Í Sierra Leóne og annars staðar í heiminum er enn til fólk sem ekki hefur fyrirgefið barnahermönnum.

„Ég skil þá gagnrýni vel. Ég hef líka upplifað þetta, þegar ég var svo reiður að ég gat ekki fyrirgefið. Þetta er yfirleitt fólk sem syrgir enn fjölskyldu sína eða vini. Margir íbúar Sierra Leóne hafa þó fyrirgefið börnunum og tekið þau að sér.“

Beah mun lesa upp úr bók sinni og fjalla um reynsluna af borgarastyrjöldinni á opnum hádegisfundi í Iðnó klukkan 12.10 í dag.

eva@frettabladid.is

Lotus Professional

Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Lotus enMotion blár snertifrír skammtari
Lotus enMotion hvítur snertifrír skammtari

3.982 kr.

Lotus sápuskammtari Foam blár
Lotus sápuskammtari Foam hvítur

1.865 kr.

WC SmartOne statíf blátt
WC SmartOne statíf hvítt

1.865 kr.

Þú sparar bæði pappír og sápu með nýju Lotus Professional skömmturinum

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Prestur fékk dóm styttn:

Myrti nunnu við særingu

RÚMENÍA, AP Rúmenskur prestur sem var sakfelldur fyrir að hafa myrt 23 ára nunnu við særingar-athöfn árið 2005 fékk fangelsis-dóm sinn styttn úr fjórtán árum í sjö ár samkvæmt úrskurði áfrýjunardómstóls á fimmtudag. Fjórar nunnur voru einnig dæmdar fyrir að hafa hjálpað prestinum við særingarathöfnina. Þær hlutu fimm til sex ára fangelsisdóma. Nunnan, sem hafði verið meðhöndluð vegna geðklofa, var hlekkjuð við kross dögum saman án matar og vatns. Hún lést af völdum ofþornunar, örmögnunar og köfnunar. - sdg

Þróunarsamvinnustofnun:

Afhenti íbúum Srí Lanka hús

SRÍ LANKA Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) opnaði þjónustumiðstöð á Srí Lanka síðastliðinn miðvikudag. Miðstöðin, sem er í fiskiþorpinu Kandakuliya, var afhent nýstofnuðu samvinnufélagi kvenna í þorpinu til umráða og eignar. Opnun þjónustumiðstöðvarinnar var tímasett nákvæmlega, klukkan 10.59, með aðstoð stjórnuspekinga eins og tíðkast á Srí Lanka þegar tímasetning mikilvægra viðburða er ákveðin. Í fréttatilkynningu frá ÞSSÍ segir að fimm þjónustumiðstöðvar til viðbótar verði afhentar á Srí Lanka á næstu vikum. - sps



ÍRAK Talið er að hálf milljón íraskra flóttabarna gangi ekki í skóla.

25 milljónir til styrktar Írökum:

Síversnandi aðstæður í Írak

UTANRÍKISMÁL Ákveðið hefur verið að utanríkisráðuneytið leggi samtals 25 milljónir í átak til stuðnings börnum meðal íraskra flóttamanna í grannríkjum Íraks og til óbreyttra borgara í Írak. Varað er við því að kynslóð íraskra barna vaxi úr grasi ómenntuð og afskipt. Talið er að hálf milljón íraskra flóttabarna hafi ekki aðgang að skóla og miðar verkefnið annars vegar að því að bæta úr því. Þá fara aðstæður óbreyttra borgara í Írak síversnandi og mun styrkur til þeirra einkum renna til aðstoðar við aldraða, fatlaða og munaðarlaus börn. - eb

Óhapp á Bretlandi:

Öldruð kona festist á klósetti

BRETLAND Öldruð kona festist inni á almenningssalerni yfir nótt í bænum Pickering í vikunni. Konan, sem er 77 ára gömul, fór inn á salernið eftir að hafa komið heim úr ferðalagi. Hún hefur líklegast ekki heyrt tilkynningu starfsmanns á svæðinu um að salerninu ætti að loka yfir nóttina. Konan hafði ferðatöskuna sína meðferðis og gat því klætt sig betur og borðað nesti. Hún náði einnig að leggja sig áður en henni var hleypt út klukkan sjö um morguninn. - sgi

Umferðarstofa greinir frá slysaskráningu fyrstu sjö mánuði ársins:

Alvarlegum slysum fjölgar talsvert

SLYS Umferðarslysum fækkaði um tæp átta prósent á fyrstu sjö mánuðum ársins, miðað við sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í slysaskráningu Umferðarstofu. Slysaskráningin byggist á skýrslum frá lögreglu og eru það því eingöngu þau óhöpp og slys sem tilkynnt eru til hennar sem sýnd eru í skráningunni. Alvarlegum og minni háttar slysum fjölgaði talsvert á milli ára en banaslysum fækkaði. Einar Magnús Magnússon, upp-lýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að margar ástæður geti legið að baki tölunum og erfitt sé að túlka þær.

Talsverð fjölgun hefur orðið á alvarlegum umferðarslysum á milli ára. Þau voru 69 á þessum tíma í fyrra en voru 95 á þessu ári. „Þetta er óheillaþróun. Það að alvarlegum slysum fari fjölgandi er mjög alvarlegt mál. Það er ljóst að menn þurfa að taka sig hraustlega á, þeir sem hafa mest áhrif á þetta eru ökumennirnir sjálfir,“ segir Einar. Að sögn Einars er hlutfall erlendra ökumanna nokkuð hátt í slysum og óhöppum. „Það er atriði sem við höfum haft áhyggjur af. Það hefur vantað upp á fræðslu fyrir innflytjendur en nú er búið að gera gangskör í þeim efnum.“ - þeb

SLÖSUÐUM FJÖLGAR UM 165 MILLI ÁRA			
Tölfræði fyrstu sjö mánuði ársins		Alvarleg umferðarslys:	
		Árið 2007	95
		Árið 2006	69
Fjöldi umferðarslysa í heild:		Banaslys:	
Árið 2007	4375	Árið 2007	5
Árið 2006	4750	Árið 2006	11
Umferðarslys með litlum meiðslum:		Slasaðir og látnir í heild:	
Árið 2007	516	Árið 2007	897 manns
Árið 2006	415	Árið 2006	732 manns

Að sjá og heyra fyrir sama verð

Myndsímtal á sama verði og venjulegt GSM símtal.

- Sjónvarp í símann á 0 kr. til 1. nóvember
- Þráðlaust netsamband í fartölvuna með 3G netkorti
- Háhraðanet í símann

Komdu í næstu verslun Símans á höfuðborgarsvæðinu og fáðu 3G símkort í 3G símann þinn, þér að kostnaðarlausu.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**




Símí



Netið



Sjónvarp



Ha? Níu og níu báðar leiðir...

Madrid, Róm og Barcelona á 9.900 kr., ...báðar leiðir með sköttum

Á morgun, þriðjudag, hefjum við sölu á ferðum til Madrid, Róm og Barcelona á mjög lágu verði. Báðar leiðir til þessara miklu menningarborga á aðeins:

9.900* kr.

Salan stendur einungis yfir í 24 klukkutíma. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Ferðir í boði

Madrid: 15. og 22. október

Róm: 28. október

Barcelona: 12., 19. og 26. nóvember og 3. desember

* Innifalið í verði: Flug og flugvallarskattar.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



www.plusferdir.is

**Þú færð
30 þúsund
á mánuði**

ef þú leggur 3 milljónir inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

Mx12 er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlagn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

Mx12 er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%. Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á kaupthing.is

Mx12 – við borgum þér vextina mánaðarlega



Hugsun lengra

* Fyrir fjármagnstekjuskatt.

Íslensku glæpasagnaverðlaunin veitt í fyrsta sinn:

Blóðdropinn til Stefáns Mána

FÓLK Glæpaskáldsagan Skipið eftir Stefán Mána hlaut Blóðdropann, íslensku glæpasagnaverðlaunin, árið 2007. Þau voru afhent í fyrsta sinn í gær.

Það er Hið íslenska glæpafélag sem veitir verðlaunin. Dómnefndina skipuðu Gunnþórunn Guðmundsdóttir, Kristján J. Jónsson og Ingibjörg Rögnvaldsdóttir. Í umsögn þeirra segir meðal annars að lesandinn eigi bágt með að slíta sig frá ógeðfældri áhöfn hins skelfilega skips, sem sagan fjallar um. Bókin verður jafnframt framlag



STEFÁN MÁNI

Íslands til norrænu glæpasagna-verðlaunanna, Glerlykilsins, á næsta ári.

- þeb



PINGVALLAVATN Vatnalíffræðingur segir fyrirhugaðan Gjábakkaveg á Þingvöllum á þessu svæði þannig að öll mengun frá honum myndi berast í þetta vatnstökusvæði.

Vegurinn gæti spillt vatnsbóli

Vatnalíffræðingur hjá Orkustofnun telur fyrirhugaðan Gjábakkaveg geta spillt framtíðarvatnsbóli höfuðborgarsvæðisins. Oddviti Bláskógabyggðar segir veginn stytta leið þriggja skólabarna.

SAMGÖNGUR „Neysluvatnið í kringum höfuðborgarsvæðið er ekki á þrotum en eftir nokkra áratugi eiga menn eftir að þurfa að leita lengra. Þá er næsta stóra gjöfula vatnsbólið Þingvallavatn,“ segir Freysteinn Sigurðsson, vatnalíffræðingur hjá Orkustofnun. Hann telur fyrirhugaðan Gjábakkaveg á Þingvöllum líklegan til að spilla vatnsbólinu.

Freysteinn segir líklegt að ef vatnstaka á svæðinu yrði væri það af hrauninum austanvert við Arnarfell og Miðfell. „Fyrirhugaður Gjábakkavegur liggur efst á þessu svæði þannig að öll mengun frá honum myndi berast í þetta vatnstökusvæði,“ segir Freysteinn.

Vegaframkvæmdirnar hafa lengi verið á teikniborðinu og tvívegis verið kærðar til umhverfisráðuneytisins auk þess sem UNESCO hefur málið nú til athugunar. Tveimur dögum fyrir kosningar í maí úrskurðaði Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, um að vegurinn yrði lagður þrátt fyrir harðort álit Umhverfisstofnunar og áskorun nær allra starfandi vatnalíffræðinga landsins.

„Þessi vegur var ein af forsendum sameiningar sveitarfélaga í Bláskógabyggð árið 2002,“ segir Margeir Ingólfsson, oddviti Bláskógabyggðar. Hann bendir á að vegurinn stytta leið þriggja skólabarna um nær 80 kílómetra á dag og líklegt sé að þeim fjölgi innan

skamms. Hann telur vegalengdina ekki forsvaranlega. Þá bendir hann á að vegurinn myndi bæta umferðaröryggi mikið sem og aðkomu ferðamanna að svæðinu.

“Fyrirhugaður Gjábakka-vegur liggur efst á þessu svæði þannig að öll mengun frá honum myndi berast í þetta vatnstökusvæði.“

FREYSTEINN SIGURÐSSON
VATNALÍFFRÆÐINGUR HJÁ ORKUSTOFNUN

Margeir segir sveitarstjórnina meðvitaða um mikilvægi vatnsverndar sem komi meðal annars fram í öflugri vatnsvernd í aðal- skipulagi sveitarfélagsins við vatnsupptökusvæðin við Þingvallavatn. Hann telur vísindamenn hafa verið með sleggjudóma og vísar þar til mótmæla Péturs M. Jónassonar, fyrrverandi forseta Alþjóðasamtaka vatnalíffræðinga og prófessors við Kaupmannahafnarháskóla, en hann hefur barist gegn uppbyggingu vegarins vegna ótta við að hann kunni að raska lífríki Þingvallavatns.

„Mér finnst lágmark að vísindamenn sýni fram á það sem þeir eru að tala um með rannsóknunum,“ segir Margeir. Ætlunin er að framkvæmdir á veginum verði boðnar út innan skamms. karen@frettabladid.is



EKKI FORSVARANLEG VEGALENGD Oddviti Bláskógabyggðar segir nýjan veg stytta leið þriggja skólabarna um 80 kílómetra á dag. Von sé á að þeim fjölgi enn frekar.

Forseti Svartfjallalands:
Fékk afhent
trúnaðarbréf

UTANRÍKISMÁL Sveinn Björnsson sendiherra afhenti á föstudag forseta Svartfjallalands, Filip Vujanovic, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra gagnvart Svartfjallalandi með aðsetur í Vínarborg. Forsetinn kvað það sögulega stund að taka á móti fyrsta sendiherra Íslands gagnvart landinu, segir í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins.

Ísland var fyrsta ríki heims til þess að viðurkenna sjálfstæði Svartfjallalands, í júní árið 2006. Geir H. Haarde forsætisráðherra heimsótti landið í liðinni viku og fundaði með forseta, forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

- sps

Líkamsræktartæki fyrir börn í sérstökum sal í World Class Laugum:

Parf að byggja upp sjálfsmynd


HEILBRIGÐISMÁL „Tækin eru appelsínugul og lóðin jafn stór og fullorðins lóð nema þau eru léttari. Þetta eru því eftirlíkingar þannig að krakkarnir fíla þetta mjög vel eftir að hafa horft á foreldrana æfa,“ segir Björn Kr. Leifsson, framkvæmdastjóri World Class Lauga, um tækjasal með líkamsræktartæki fyrir börn á aldrinum átta til fimmtán ára

Í Fréttablaðinu í liðinni viku kom fram að vísbendingar utan úr heimi bentu til þess að börn væru að greinast yngri en áður með átraskanir. Fræðimenn telja ástæðuna geta verið tengda

mikilli samfélagsumræðu um offitu.

Rósa Björk Sigurðardóttir, deildarstjóri fyrir ráðgjöf, stuðning og fræðslu hjá Hinu húsinu, segir það ekki jákvæða upplýðisleið að setja barn á líkamsræktartæki til að brenna hitaeiningum. „Þú þarft að byggja upp sterkan karakter og sjálfsmynd hjá börnum öðruvísi en með brennslu. Það er miklu heilbrigðara að tala um heilsu á jákvæðari máta, fara í göngutúr með barninu eða fara í leiki.“

Björn segir tækjasalinn viðbót fyrir foreldra, sem hafi nú meira val um hvað henti betur fyrir



börn þeirra. „Börn hafa gott af styrktarþjálfun. Þetta prógramm hjá okkur er eftir enskri fyrirmynd og er kennt undir leiðsögn menntaðra þjálfara.“

- lbb

HELGIATHÖFN HINDÚA Indverskur prestur kveikir á kertum við helgiathöfn hindúa fyrir framan líkneski af guðinum Ganesh. Tíu daga hátíð til heiðurs Ganesh hófst 15. september í indversku borginni Mumbai.

NORDICPHOTOS/AFP

DRENGUR Í BAGDAD Þessi piltur var með brauð í poka og náði sér í vatn á matstofu í miðborg Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Flestir vilja fara til Svíþjóðar:
Fleiri Írakar
sækja um hæli

GENF, AP Fjöldi íraskra flóttamanna sem sótt hefur um hæli í iðnríkjum á fyrri helmingi þessa árs vegna ofbeldis í heimalandi sínu hefur meira en tvöfaldast frá sama tímabili í fyrra, að því er flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna greindi frá í gær.

Um 19.800 Írakar sóttu um hæli í 36 vestrænum ríkjum frá janúar til júní 2007. Með sömu þróun má gera ráð fyrir að á árinu 2007 hafi allt að 50.000 Írakar sótt um hæli í iðnríkjum.

Svíþjóð er eftirsóttasta ríkið, með nærri helming allra umsóknna það sem af er ári.

Um 2,2 milljónir Íraka eru nú utan heimalandsins, flestir í nágrannaríkjum.

- sdg

OPNUN VETNISSTÖÐVAR Bragi Árnason prófessor sagði á CNN að Ísland væri tilvalinn staður fyrir vetnissamfélag.

Vetnissamfélagið Ísland:
Hrein íslensk
orka á CNN

ORKUMÁL Fjallað var um hreina íslenska orku á fréttavef CNN í vikunni sem leið. Rætt var við Braga Árnason, fyrrverandi prófessor hjá Háskóla Íslands, um hvernig Íslendingar gætu skipt jarðefnaeldsneyti út fyrir vetni til að knýja bíla og farartæki. Bragi, sem hefur hlotið gælunafnið Prófessor vetni, segir Ísland tilvalinn stað fyrir fyrsta vetnissamfélagið.

„Björk er kannski þekktasta útflutningsvara Íslendinga en hrein orka er ný og ört vaxandi stjarna sem mun færa þjóðinni frægð í framtíðinni,“ segir meðal annars í greininni.

- sps

BARÁTTAN UM BESTA FÓLKID

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Á NORDICA
25. SEPTEMBER 2007

Samkeppnin um hæfasta starfsfólkið harðnar hröðum skrefum. Tækniþytingar, hækkandi menntunartig, minnkandi trygð, kröfur um sveigjanleika og nýr alþjóðlegur vinnumarkaður eru aðeins forsmekkur þeirra breytinga sem eru að verða á íslensku atvinnulífi. Er þitt fyrirtæki viðbúið þessari þróun?

Á ráðstefnunni gefst stjórnendum einstakt tækifæri til að skyggjast inn í framtíðina með tveimur af fremstu sérfræðingum heims á sviði stjórnendabjálfunar og rannsókna á vinnumarkaði.

DAGSKRÁ

12:30 Móttaka

13:00 Setning ráðstefnunnar

13:10 **Mannauður og áskoranir 21. aldarinnar**
Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, og Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsbankans

13:40 **Adjusting to the World of Work for Creating a Competitive Advantage - Dr. Dominique Turcq**

Dr. Dominique Turcq er meðal fremstu sérfræðinga heims í málefnum alþjóðlegs vinnumarkaðar. Hann starfar meðal annars sem ráðgjafi æðstu stjórnenda Manpower Inc., stærstu vinnumiðlunar heims, og alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey. Dr. Turcq hefur einstaka yfirsýn yfir strauma og stefnur í atvinnumálum á heimsvísu og innsýn í fjölbreytilegar þarfir fyrirtækja, enda hefur hann helgað sig rannsóknum, stefnumótun og viðskiptaþróun á því sviði um árabil.

14:50 Kaffihlé

15:20 **The Future of Leadership - Sir John Whitmore**

Sir John Whitmore er frumkvöðull á sviði stjórnendabjálfunar. Hann vakti fyrst athygli sem Bretlands- og Evrópumeistari í kappakstri en skaut upp á stjórnuhimininn með bók sinni *Coaching for Performance*. Bækur hans hafa verið þýddar á yfir tuttugu tungumál og vakið verðskuldaða athygli á stjórnendabjálfun sem leið að árangri, enda einkennast fyrirlestrar hans af líflegri framsetningu og virkri þátttöku áheyrenda. Sir John Whitmore var nýlega útnefndur sem sá fremsti á sviði stjórnendabjálfunar í Bretlandi af blaðinu *The Independent*.

16:30 Umræður

17:00 Ráðstefnulok

Ráðstefnustjórn: Dr. Margrét Jónsdóttir

Verð: 18.000 kr.
Skráning á www.hr.is eða skraning@ru.is

„Sterkur leiðtogi er máttlítil ef hann hefur ekki öflugt lið á bak við sig.“

- Sigurjón P. Árnason, bankastjóri Landsbankans



Umhverfissvænsti ferðamátinn er að skilja bílinn eftir heima.

Ferðast fyrir eigin afli

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Með hverju árinu sem líður herðir á umræðunni um umhverfismál. Bílar og útblástur frá bílum eru iðulega í brennidepli og svo var einmitt í vikunni sem leið þegar hér var haldin alþjóðleg ráðstefna um umhverfissvæna samgöngutækni.

Umræðan um eldsneyti framtíðarinnar á bíla hefur einkennst nokkuð af því að talsmenn hvernar leiðar fyrir sig hafa reynt með ráðum og dád að hvetja menn til fylgis við sína hugmynd, þannig að svo virðist sem ákveðið áróðursstríð sé háð.

Í umræðunni vill þó oft sleppa undan sú staðreynd að umhverfissvænast af öllu hlýtur að vera að ferðast fyrir eigin afli eins og kostur er.

Reiðhjól voru þó í kastljósinu í vikunni sem leið enda var vikan sú sérstaklega kennd við samgöngur. Árni Þór Sigurðsson, fráfarandi borgarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, lagði fram tillögu í borgarstjórn um að unnin yrði sérstök hjólreiðaáætlun fyrir borgina með það að markmiði að gera hjólreiðar að fullgildum samgöngukosti. Áætlunin á annars vegar að taka til stefnumótunar um aukio aðgengi hjólafólks, en hins vegar vera framkvæmdaáætlun til nokkurra ára þar sem gera á grein fyrir einstökum verkefnum og fjármögnun þeirra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Reiðhjól eru ákaflega þægilegir fararskjótar. Þau hafa þróast mikið undanfarin ár og eiga því fátt sameiginlegt með þeim tvíhjóla fararskjótum sem þekktust fyrir nokkrum áratugum. Það er því ekki lengur goðgá að fara ferða sinna á hjóli, jafnvel í því mishæðotta borgarlandslagi sem við búum við, eða vindasömu veðurlagi.

Aðstæður hér í borginni eru þó ekki hjólreiðafólki sérlega vinsamlegar. Göngustígarnir meðfram ströndinni eru vissulega ljómandi hjólreiðabrautir fyrir þá sem geta nýtt sér þær. Annars staðar eru sérstakar hjólreiðabrautir í algeru skötulíki. Örstuttir kaflar sem allt í einu gufa upp.

Vissulega eru fáir á ferli á flestum gangstéttum, þannig að þær nýtast hjólreiðafólki þokkalega. Malbikaðir stígar eru þó tvímælalaust aðgengilegri hjólreiðabrautir en gangstéttirnar. Það er þó ekki nóg að leggja brautir. Þær þarf líka að hirða til að koma í veg fyrir óþægindi eins og Elvar Örn Reynisson lýsti í frétt blaðsins í gær en hann varð fyrir því óláni að tvisvar sprakk á hjóli hans í samgönguvíkunni vegna glerbrota á stígnum sem hann hjólar.

Það eru framsýn borgaryfirvöld sem vilja stuðla að því að gera hjólreiðar að fýsilegum valkosti. Með því að draga úr daglegum akstri til og frá vinnu er lagt lóð á vogarskálar betra samfélags, með hreinna lofti, minna svífryki og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að til verði áætlun um hjólreiðamál í borginni og að aðgerðir samkvæmt henni líti dagsins ljós. Markmiðið hlýtur að vera að sem flestir uppgötvi þau gæði sem felast í að ferðast hjólandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

SPELT FLATKÖKUR

Alveg ferköntuð nýjung frá Ömmubakstri



www.ommubakstur.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Okur!

Doktor Gunni er kominn með nóg af íslensku okri og hefur opnað heima-síðu þar sem okurbúllur landsins eru færðar til bókar. Meðal þeirra verslana sem Dr. Gunni telur upp er 10-11 fyrir að selja Sól appelsínusafa á 419 krónur, 101 bar fyrir að selja stóran bjór á 790 krónur og Hálendis-miðstöðin í Hrauneyjum fyrir að selja núðlusúpu í pakka á 300. Átta þjónustuaðilar hafa verið færðar til bókar en þeir sem vita um „skefjalaust og svívirðilegt“ okur eiga að láta doktorinn vita með tölvupósti.

Skrópaði

Í nógu hefur verið að snúast hjá Björgólfi

Guðmundssyni síðustu daga. Um síðustu helgi bauð Landsbankinn 200 viðskiptavinum í umdeilda dekurferð til Ítalíu, á miðvikudaginn voru kynntar róttækar hugmyndir eignarhaldsfélagsins Samson Properties um verslunar- og þjónustumiðstöð í miðbænum og sama dag voru kynntar breytingar á stjórn enska knattspyrnuliðsins West Ham. Svo mikið var atið hjá Björgólfi að hann þurfti að skrópa á kynningarfundinn um breyttan miðbæ en samkvæmt útgæfinni dagskrá átti hann að opna fundinn.

Rekinn

Það er mál manna að Kristján L. Möller samgönguráðherra sé maður að meiri eftir að hafa beðið Einar Hermannsson skipaverkfræðing afsökunar eftir að hann reyndi að klína Grímseyjarferjuklúðrinu á hann, jafnvel þótt afsökunarbeiðnin hafi komið allt of seint. Ómar R. Valdimarsson, málþípa Impregilo, telur Kristján í það minnsta hafa gert rétt en leggur til að ráðherrann hreinsi enn betur upp eftir sig og reki þann sem átti hugmyndina að því að gera Einar að blóraböggli í málinu.

kristjan@frettabladid.is

Kirkjubrúðkaup

Við hljótum öll að samgleðjast nýbökuðum brúðhjónum sem gefin voru saman í Fríkirkjunni á dögunum á vegum Siðmenntar, sem er félagsskapur trúleysingja og hefur staðið fyrir mjög vel heppnuðum borgaralegum fermingarathöfnum á umliðnum árum. Og við hljótum líka að skilja hvað vakir fyrir prestunum í Fríkirkjunni að opna svona hús sitt fyrir fólki sem ekki aðhyllist sömu lífsviðhorf og trú og kristnir menn. Þetta er iðulega gert þegar tónleikar eru haldnir og Fríkirkju-prestur hefur líka verið með athyglisverðar tilraunir í sameiginlegum athöfnum með Ásatrúar-mönnum.

En samt:

Vissar efasemdir sækja að manni varðandi þessa þróun. Eins og sá ágæti prestur á Akureyri, Svavar A. Jónsson, orðar það svolítið þurrlega á bloggsíðu sinni: „Hjónaleysi sem ekki vilja láta hjónavígslu sína tengjast Guði eða kristni geta eiginlega ekki valið óheppilegri stað fyrir þá athöfn en kirkju.“

Borgaralegur sáttmáli

Allir hlutirnir sem svo mikil stemmning fylgir í kirkjunni hafa nefnilega vissu tákngildi sem miðar að því að ýta undir tilbeiðslu á Guði, og óneitanlega finnst manni skemmtilegra þegar inntaki slíkra tákna er sýnd virðing. Samt er það kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að þegar kirkju er valinn staður undir hjónavígslu er eiginlega verið að samþykkja að hjónavígslan sé á einhvern hátt í eðli sínu kirkjuleg athöfn og að hinn náttúrulegi vettvangur slíkrar athafnar sé kirkja - sé maður ekki kristinn reyni maður bara að láta eins og maður sjái ekki altarið og altaristöfluna og hin helgitáknin. En þetta er ekki rétt: hjónavígslan



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Trúlausar kirkjuathafnir

er í eðli sínu borgaraleg og hjónabandið er borgaralegur sáttmáli; við ákveðum sjálf hvernig við kjósum að standa að þessum gjörningi og þetta þarf ekki að fara í gegnum kirkjuna.

Það er nú þegar hægt að gera allt mögulegt þegar fólk giftir sig: fara á Þingvöll, finna fallegt rjóður einhvers staðar, vera undir eftirlætisfjallinu sínu, vera í sundlaug, vera undir fossi ... Ég hef verið viðstaddur ákaflega fallegar borgaralegar athafnir úti í garði fyrir utan heimili brúðhjóna og í Þjóðleikhúskjallaranum – og ekki þurr hvarmur á svæðinu. Við þurfum ekki á kirkju eða prestum að halda til að vera vettvangur fyrir eða aðili að þessari mikilvægu stund í lífi okkar – en ættum við ekki samt að sýna kirkjum og prestum þá virðingu að nota ekki kirkju ef við viljum halda Guði og hans fólki utan við þessa stund? Kirkja er alltso Guðshús ...

Ráðhúsbrúðkaup

Þetta leiðir hins vegar hugann að því hvort „hið opinbera“ ætti ekki að bjóða fólki sem hyggur á borgaralega hjónavígslu upp á annan valkost en að ösla í gegnum gjaldþrotin í Skógarhlíðinni áður en það fær að hitta misjafnlega innlifaða og hátíðlega dómara sem gefa það saman.

Ættu ekki slíkar athafnir að fara fram í Ráðhúsinu á hverjum stað,

frekar en í skelfilegum húsum á borð við húsið í Skógarhlíð þar sem einhver fjármálaógæfa grúfir yfir öllu? Og væri ekki upplagt að borgarstjórnin tæki svo sem klukkutíma á dag eða svo til að setja á sig keðjuna góðu og gefa fólk saman með einhverjum fyrirfram útbúnum texta. Vil-hjálmur borgarstjóri mundi sóma sér mjög vel í slíku hlutverki og ekki er að spyrja að því að vinsældir hans mundu enn aukast – og eru ærnar fyrir. Og ekki veitir bæjarstjóranum í Kópavogi af því að fá að tengjast slíkum gleðistundum í lífi fólksins í bænum eða bæjarstjóranum í Hafnarfirði eftir hinar hörmulegu byggingarframkvæmdir við höfnina þar og þannig koll af kolli hringinn í kringum landið.

Bæjarstjórn myndu ljá slíkra athöfn þann virðuleika og festu og tengsl við æðri mátt sem fólk sækist eftir þegar það lætur gefa sig saman í kirkju. Það hlýtur líka að vera hægt að koma fyrir orgelskrifli einhvers staðar í þessum byggingum þar sem hægt er að hamra da-dada-damm meðan brúðurin lifur inn eftir rauðum dregli leidd af föður eða frænda eða slíkra persónu úr lífi sínu. Brúðkaupssiðirnir og hátíðleikinn þarf ekkert endilega að vera sér-kristinn.

Og þarna gætu samkynhneigðir sem vilja hátíðlegar og hefðbundnar athafnir fengið enn nýjan valkost, og Þjóðkirkjan gæti fengið að vera í friði með sínar hégiljur um það hvernig samlífi fólks skuli háttað.

En kirkjurnar eru sem sé kristilegar. Erfitt að komast undan því. Og þó að þær standi opnar vantrúðum og annarrar trúar fólki er kannski til nokkurs mikils mælst að fá að nota athafnir kristinnar kirkju án kristilegs inntaks.

Fátt um svör um framtíð Kolaportsins

UMRÆÐA

Kolaportið

Gestir og rekstraraðilar Kolaportsins hafa enn engin svör fengið um hvernig brugðist verði við yfir fjögur þúsund undirskriftum sem söfnuðust á einni helgi vegna yfirvofandi framkvæmda við að breyta Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, í bílastæði. Ef í þær verður ráðist leggst starfsemi Kolaportsins af í hálf tölvað ári og verulega þrengir að starfsemi til frambúðar. Tveir inngangar Kolaportsins hverfa, fimmtungur gölfplatans einnig og lofthæð aðalsölurýmisis lækkar um helming.

Það er mjög ósannfærandi að ekki sé hægt að mæta bílastæðapörf starfsfólks öðru vísi, líkt og talsmaður fjármálaráðuneytisins hefur látið hafa eftir sér. Hinum megin götunnar er verið að steypa stærsta bílakjallara landsins með 1.600 stæðum, neðanjarðar.

Í þessu máli koma saman ótalmargir þættir sem eiga að vera leiðarljós við stjórn borgarinnar: að standa vörð um öfluga og skemmtilega miðborg, að stuðla að félagslegri fjölbreytni og gera hinum margbreytilegu litum mannlífsins öllum jafnhátt undir höfði. Kolaportið er ómissandi fyrir ótalmarga. Vandræðaleg og hikandi viðbrögð borgarstjóra við



DAGUR B. EGGERTSSON

áskorunum um að standa vörð um Kolaport-ið hljóta því að vekja athygli.

Í Reykjavík erum við nú að sjá ávexti framsýnnar stefnu um uppbyggingu og eflingu miðborgarinnar. Sú stefna var mörkuð fyrir áratug þegar miðborgin var í sögulegri lægð. Við sjáum ávextina í hinum nýja og lifandi Austurvelli, endurbættum Skólavörðustíg, Laugavegi og Bankastræti og skemmtilegri veitinga- og kaffihúsamenningu. Miðborgarstefnan mun ekki síður sjást í nýjum íbúðahverfum sem skipulögð

hafa verið á Slippasvæðinu og við Hlemm, í staðsetningu Tónlistar- og ráðstefnuhússins við höfnina, fimm stjörnu hóteli og höfuðstöðvum Landsbankans á sama svæði og í endurnýjun Lækjartorgs og Kvosar. Þá má nefna a.m.k. þrjá nýja verslunarkjarna sem eru í farvatninu við Laugaveg. Allt eru þetta stefnu- og baráttumál Samfylkingarinnar í borgarstjórn.

Mikilvægi Kolaportsins minnkar ekki vegna þessara væntanlegu glæsibygginga, það eykst. Kolaportið er einfaldlega ómissandi vídd sem ekki má tapast. Við værum öll fátækari ef allt verður hvít-skúraður marmari og miðborgin okkar lúxusvædd. Þetta skilja fjöldamargir og vinir Kolaportsins skipta tugum þúsunda. Þeir eiga rétt á svörum.

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa **yfir 35.000 nemendur** sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

● Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Windows Vista fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

● Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

● Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

● Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókhald og endurskr. • 18 st./verð 36.500
Excel III: Fjölvir og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 8 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

● Outlook

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

● Vefsíðugerð

DreamWeaver 8 vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
Microsoft Expression Web • 27 stundir/verð 29.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

● Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 29.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

● Windows

Windows XP framhaldsnámskeið • 9 st./verð 12.900

● Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

Ný námskeið eru merkt með rauðum lit

Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

Helstu kennslugreinar

- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið sem kennir þér allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.

Talaðu við okkur um greiðslukjör.

Lengd: 54 stundir/36 klst. **Verð:** 42.900
Tímar: Síðdegisnámskeið, kennt mánu- og miðvikudaga, 16:15-19:15, **hefst 26. sept.**

Photoshop: 27 st./18 klst. **hefst 26. sept.**
Kennt kl. 13:00-16:00 Verð: 29.900
DreamWeaver: 27 st./18 klst. **hefst 26. sept.**
Mánu- og miðvikud. 16:15-19:15 Verð: 29.900

Visual C# forritun



Hnitmiðuð og yfirgripsmikið diplómnám ætlað þeim sem vilja læra forritun með Visual C# .NET frá Microsoft.

Námið spannar flesta þætti hins vinsæla forritunarmáls C# .NET og er góður grunnur að MCP prófgráðu, frekara námi í forritun eða starfsframa við forritun.

Krafist er góðrar ástundunar í náminu og góðrar þekkingar á hugbúnaði og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri.

Frábær kennari með langa reynslu af forritun og kennslu.

Láttu drauminn rætast, lærðu að forrita.

Lengd: 94 stundir/63 klst.

Verð: 139.900, þægileg greiðslukjör

Kvöldnám hefst 24. september
Kennt er mán./mið. kl. 19:30-22:30

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir.

Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst.

Verð: 16.900 - **kvöld- og dagnámskeið**

Office 2007

Office 2007 er með gerbreytta ásýnd frá eldri útgáfum. Valmyndirnar eru horfnar en í stað þeirra eru komnir flipar með hnöppum.

Þetta er ein mesta breyting sem gerð hefur verið á Office pakkanum frá upphafi og er markmiðið að auðvelda notendum að nýta hvert forrit til fulls.

Mörgum notendum reynist þó erfitt að fóta sig í þessu nýja umhverfi og fyrir þá bjóðum við röð stuttra námskeiða um hvert forrit fyrir sig.

Auk þess að útskýra þær breytingar sem orðið hafa er jafnframt kennt að nota ýmsa nýja eiginleika hvers forrits.

Við höldum einnig Office 2007 námskeið fyrir þau fyrirtæki sem þess óska.

► Excel 2007: Breytingar og nýjungar

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► Word 2007: Breytingar og nýjungar

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► PowerPoint 2007: Breyt. og nýjungar

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► Outlook 2007: Breytingar og nýjungar

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

► Access 2007: Breytingar og nýjungar

Lengd: 4 stundir/3 klst. **Verð:** 8.900 fyrir eitt námskeið en 7.565 fyrir tvö eða fleiri Office 2007

Veldu einhver fjögur af Office 2007 námskeiðunum og greiðdu fyrir þrjú!

Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðuð við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.

Lengd: 60 stundir/40 klukkustundir. Kennt á mánu- og miðvikud. kl. 19:30-22:30.
Verð: 47.900 **hefst 24. september**

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu **www.tv.is** til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

LINDA MCCARTNEY FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1942.

„Mér gekk vel að umgang-
ast blaðamenn þangað til ég
giftist Paul.“

Linda McCartney var ljós-
myndari og eiginkona bít-
ilsins Paul McCartney. Hún
lést 17. apríl 1998.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 24. SEPTEMBER 1966

MH settur í fyrsta sinn

Menntaskólanum við Hamrahlíð var ýtt úr vör laugardaginn 24. september árið 1966 og fyrstu stúdentar brautskráðust þaðan árið 1970. Rektor var Guðmundur Arnlaugsson, sem landsþekktur var fyrir snilli sína við skákborðið. Fast-ráðnir kennarar voru sex. Fyrstu árin starfaði skólinn samkvæmt bekkjakerfi eins og hefð var fyrir en 1972 var áfangakerfið tekið upp og var þá alger nýjung hér á landi. Sama ár hófst kennsla í öldungadeild, hinni fyrstu í íslenskum framhaldsskóla.

Skólinn var tilraunaskóli lengi vel og fékk heimild til að fara ótroðnar slóðir á ýmsum sviðum. Má þar nefna stofnun félagsfræðabrautar og síðar tónlistarbrautar til stúdentsprófs og kór skólans hefur og gefið starfi hans aukna dýpt. Einnig hefur hann byggt upp ýmsa þjónustu við fatlaða nemendur sem stefna á stúdentspróf.

Nemendafjöldi í dagskóla hefur síðustu annir verið um 1.000 og í öldungadeild kríngum 350.



MERKISATBURÐIR

- 1621 Fyrsta dagblað Englands var prentað.
- 1963 Mjólkurvörur hækkuðu í verði um fjórðung hér á landi og daginn eftir hækkaði kjöt um þriðjung.
- 1968 Fyrsta skurðaðgerðin var gerð á Borgarspítalanum í Fossvogi, í Reykjavík.
- 1975 Fyrstu Bretarnir komust á topp fjallsins Mount Everest, sem er í Nepal.
- 1988 Kanadíski hlauparinn Ben Johnson sigraði í hundrað metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Seoul, í Kóreu.
- 1993 Samtök iðnaðarins voru stofnuð í Reykjavík.
- 2005 Fellibylurinn Rita nam land í Bandaríkjunum og olli miklum skemmdum í Texas og Louisiana.



Innflytjendum hefur fjölgað mjög á landinu undanfarin ár en í dag fer fram málþing ungs fólks af erlendum uppruna, þar sem þau munu ræða stöðu sína og framtíð í íslensku þjóðfélagi.

Málþing erlendra ungmenna

Í dag klukkan 8.30 fer fram málþing í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð.

Á málþingi þessu mun hópur ungs fólks af erlendum uppruna ræða stöðu sína og framtíð í íslensku þjóðfélagi. Tilgangurinn með málþinginu er að auka skilning milli þessara ungmenna og annarra landsmanna. Þar gefst ungu fólki á aldrinum sextán til tuttugu og fimm ára tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri um hvernig hægt sé að byggja framtíð Íslands með tilliti til allra sem hér búa og stuðla að heilbrigðu umhverfi fyrir samfélagið sem heild. Ungmennin vilja með

þessu frumkvæði taka virkan þátt í mótun íslensks fjölmenningsamfélags.

Málþingið er haldið í samvinnu við Framtíð í nýju landi sem er samstarfsverkefni Rauða krossins, Reykjavíkurborgar, Alþjóðahúss, Velferðarsjóðs barna, stéttarfélagsins Eflingar, ásamt mennta- og félagsmálaráðuneyti. Verkefninu er ætlað að aðstoða ungmenntu af erlendum uppruna við að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt til að verða að virkum þátttakendum í íslensku samfélagi.

Málþingið stendur til klukkan 12.30.

AFMÆLI



Gardar Cortes
óperusöngvari er 67 ára.



Inga Jóna Þórðardóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, er 56 ára.



Guðrún Arnardóttir frjálssípróttakona er 36 ára.



Ástkær dóttir okkar, systir, barnabarn og mágkona,

Edda Sigrún Jónsdóttir,
Álftamýri 8,

Lést þriðjudaginn 11. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 25. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Barnaspítala Hringinsins.

Anna Reynisdóttir,
Halldór Jónsson,
Guðbjörg R. Jónsdóttir,
Sigurður R. Jónsson,
Kjartan V. Jónsson,
Svandís E. Jónsdóttir,
Hrefna V. Jónsdóttir,
Anna Sigurjónsdóttir,

Jón Baldvin Sveinsson,
Helena H. Júlíusdóttir,
Brynjar Ingason,
Svala Hilmarsdóttir,
Olga B. Bjarnadóttir,
Ólafur Þráinsson,
Tómas Rúnarsson,
Kristján J. Ólafsson



SR. ANNA SIGRÍÐUR „Eins og ég gleðst yfir að fá starf dómkirkjuprests finn ég til með þeim sem ekki fengu það en höfðu sínar væntingar.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SR. ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR: NÝR DÓMKIRKJUPRESTUR

Lífið hefur leikið við mig

Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir, prestur í Grafarvogskirkju, var valin úr hópi sjö umsækjenda um starf dómkirkjuprests, sex kvenna og eins karls. Hún tekur við embætti hinn 1. október.

„Ég get ekki sagt að ég hafi látið mig dreyma um þetta embætti. Ég hugsa ekki þannig“, segir sr. Anna Sigríður og kveðst hafa starfað í Grafarvogskirkju í tíu ár í góðum anda og góðum félagskap. „Svona vistaskipti hvarfla ekkert að manni fyrr en möguleikarnir verða til. En þegar ég vissi að Dómkirkjan mundi losna var ég þess fullviss að mig langaði að láta reyna á þetta tækifæri. Söfnuðirnir eru ólíkir og bjóða upp á ólíkar áherslur, því þótti mér Dómkirkjan spennandi starfsvettvangur.“ Sr. Anna Sigríður segir annríki mikið í preststarfinu. Miklu meira en margur geri sér grein fyrir. „Ég hef aldrei unnið meira á ævinni en eftir að ég varð prestur og hef þó alltaf verið vinnugæfin“, segir hún og heldur áfram: „Maður veit aldrei fyrir fram hvernig dagurinn leggst og þó að margt sé hægt að skipuleggja koma upp óvæntir þættir sem ekki er hægt að sjá fyrir. Hér í Reykjavík eru söfnuðirnir svo stórir og margbreytilegir og bjóða upp á mikið vinnuálág. Sumt er erfitt og annað gleðilegt og skemmtilegt. Það er allt í bland.“

Sr. Anna Sigríður er fyrst kvenna til að vera ráðin í starf dómkirkjuprests. Þegar henni er óskað til hamingju með það tekur hún skýrt fram að konur hafi þjónað í Dómkirkjunni áður og nefnir prestana Agnesi Sigurðardóttur og Maríu Ágústsdóttur sem voru þar báðar í æskulýðsstarfi, Jónu Hrönn Bolladóttur sem var miðbæjarprestur með athvarf í Dómkirkjunni og Báru Friðriksdóttur sem var í afleysingum. „Ég er þakklát fyrir að verða fyrir valinu sem dómkirkjuprestur og er afskaplega auðmjúk gagnvart því hlutverki“, segir hún en finnst ekki viðeigandi að nota hugtakið stolt í því sambandi.

Nú er sr. Anna Sigríður innt eftir fyrri störfum. „Ég lauk prófi frá Myndlista- og handiðaskólanum og sinnti myndlistarkennslu í fjórtán ár. Eftir það starfaði ég sem fjölskylduráðgjafi aðstandenda fólks með áfengis- og vímuefnavanda og síðan vann ég á þeim vettvangi fyrir Skandinava sem komu hingað til meðferðar. Þá fékk ég líka þjálfun í að starfa með þeim sem glíma við áfengis- og vímuefnaneyslu. Svo ákvað ég að fara í nám 45 ára gömul og þá kom ekkert annað til greina en guðfræði.“ Þegar haft er orð á að störf sr. Önnu Sigríðar hafi alltaf snúist um manneskjur segir hún glaðlega: „Já, fyrst með börnum og

unglingum og síðan fullorönu fólki. Svo blandast þetta allt í eitt í preststarfinu.“ Hún kveðst hafa verið svo lánsöm að eftir að hún lauk guðfræðinámi hafi ekki liðið langur tími þar til hún fékk embætti við Grafarvogskirkju. „Lífið hefur leikið við mig. Ég hef fengið að starfa við það sem mér hefur þótt áhugavert og það er ekki sjálfgefið. Við eigum mikinn sjóð í góðu fólki sem er útskrifað úr guðfræði en fær ekki prestsstörf“, segir hún og bætir við: „Eins og ég gleðst yfir því nú að fá starf dómkirkjuprests finn ég til með þeim sem ekki fengu það en höfðu sínar væntingar. Hugur minn er líka hjá þeim. Þetta eru vinir mínir því prestasamfélagið er náð.“

Spurð hvort blást með við miklum breytingum við komu hennar í Dómkirkjuna svarar sr. Anna Sigríður: „Mér dettur ekki í hug að koma inn í nýjan söfnuð og boða breytingar heldur mun ég fyrst og síðast vinna í samvinnu með þeim sem eru fyrir og hlakka til þess.“

Ég vona að ég standi undir þeim væntingum sem þeir sem völdu mig hafa til mín. Það veit ég að ég geri ekki nema með Guðs hjálp og góðum stuðningi þeirra sem með mér vinna. Ég treysti því að það verði þannig og reyni bara að gera mitt besta.“

gun@frettabladid.is

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhraun 10 Hafnarfjörð
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



50 ára afmæli

Sævar Árnason

rafvirkjameistari, bassaleikari og kafari er fimmtugur í dag. Hann er staddur á Grænlandi en við fjölskyldan óskum honum innilega til hamingju með daginn.

Elena, Vilhjálmur Örn og fjölskylda.

Margnota pokar fást gefins á endurvinnslustöðum Sorpu og í Góða hirðinum. Pokarnir eru af hentugri stærð og auðvelda alla flokkun á pappír og pappaumbúðum. Hægt er að skila úr pokunum í grenndargáma og á endurvinnslustöðvar Sorpu.



Litríkar og fallegar glerflöskur eru meðal þess sem finna má á heimasíðu Moss Online. Flöskurnar eru hannaðar árið 1968 af Tapio Wirkkala, sem notaði til þess Incalmo-tæknina þar sem brætt er saman tvenns konar gler. www.mossonline.com



Húsgagnahöllin hefur sent frá sér nýjan bækling þar sem þemað er haustrómantík. Í bæklingnum má meðal annars sjá fjölda fallegra ljósakróna sem fást í Húsgagnahöllinni og ættu að lifga upp heimilið í svartasta skammdeginu.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Ljósmyndatöskur og bakpokar

Myndavéla-
viðgerðir
Skipti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



„Neyslumeningin hefur völdin, fólk er mikið að losa sig við gamla hluti fyrir nýja og kannski þarfnast verðmætamatið endurskoðunar,“ segir Anna María.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Minnir á upprunann

Anna María Sigurjónsdóttir ljósmyndari heldur mikið upp á gamlan lampa sem hefur fylgt henni síðan úr æsku. Fyrir utan það að vera heimilisprýði gegnir lampinn því hlutverki að minna Önnu Mariu á uppruna hennar, en slíka áminningu telur hún nauðsynlega í hraða nútímans.

„Þessi lampi var til á mínu æskuheimili og hefur fylgt mér æ síðan. Ég rændi honum frá mömmu og lét gera á hann nýjan skerm,“ segir Anna María og bætir því við að henni þyki gott að hafa lampann á heimili sínu þar sem hann minni hana á uppruna sinn og æsku.

„Það er öllum hollt að muna hvaðan þeir koma,“ segir hún og vísar með þeim orðum í inntak sýningar hennar á ljósmyndum í Start Art á Laugavegi. Sýningin heitir On sale now og með henni vill ljósmyndarinn vekja sýningargesti til umhugsunar um hvar við, sem þjóð, erum stödd í dag.

„Við erum einhvern veginn komin út fyrir allt. Það er svo mikill hraði í öllu að fólk gleymir að staldra við og leiða hugann að því hvaðan við komum og hvar við erum stödd. Neyslumeningin hefur völdin, fólk er mikið að losa sig við gamla hluti fyrir nýja og kannski þarfnast verðmætamatið endurskoðunar,“ segir hún og bætir því við að ekki séu nema fimmtíu ár síðan landsmenn bjuggu í torfkofum.

„Við fylgjumst með öllum tækninýjungum og girnumst allar nýjungar, en þessar hröðu breytingar hafa orðið til þess að fyrir vikið erum við í mínum huga fremur áttavíllt þjóð,“ segir þessi kraftmikla kona að lokum.

margret@frettabladid.is



BÚ GRÆÐIR EKKERT

Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR

Sony Ericsson T250i

Íslensk valmynd.
82 gr.
Myndavél
FM Útvarp
Allt að 7 tímar í tali
12 dagar í bíð

kr. 12.990

Farsimalagerinn.is

5125050 Auglýsingasími Most lesið

www.honda.is

HONDA

ÚT S A L A

Á H O N D A M Ó T O R H J Ó L U M

CBR 1000RR Fireblade

TILBOÐSVERÐ KR. 1.299.000

CBF 1000F ABS

TILBOÐSVERÐ KR. 1.090.000

CB 600 F Hornet

TILBOÐSVERÐ KR. 920.000

VTX 1300 R

TILBOÐSVERÐ KR. 1.180.000

VTX 1800 F

TILBOÐSVERÐ KR. 1.487.000

Mikið úrval mótorhjóla á tilboðsverði. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum.

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



Fótum troðnar móttökur

Visnað lauf undir sóla. Jafnvel snemmkomið slabb á stígvélatá. Sandur milli lítilla tásla þegar tosaðir eru burt útiskór.

Allar þessar náttúru- og veðurminjar koma með heim að dyrum. Ekki alltaf velkomnar á pólerað parkett og drifhvít teppi. Þess vegna þarf sterkar útidyramottur þegar haustar og kólnar. Til að taka við leifum sumarsins og upphafi nýrrar árstíðar. Velkomin heim!

- þlg

Röndótt eins og býfluga. Skemmtileg fyrir heimili líffræðinga, náttúrufólks og þeirra sem sjá tilveruna í þrepum. Halsted-dyramotta frá Ikea á kr. 195.

Sterk og bjóðandi litlum drullu-pollafótum og harðasta útivistarfólki. Gúmmimotta með sporum frá Strönd, Suðurlandsbraut 10, á kr. 990.

Þessi minnir eilítið á franskan herragarð. Heimilislegur hálfmáni úr kókos og gúmmí. Frá Rúmfatalagernum á kr. 1.290.

Á barnelskum heimilum er fallett að leyfa Bangsímón og Grislingi að heilsa smáfólkinu við heimkomu. Disney-mottur fást í úrvali í Strönd, Suðurlandsbraut 10, á kr. 990.

Ekki eiga allir útidyr sem fá vetrarhríðina framan í sig. Útidyr vísa líka út að teppalögðum stigagöngum og sumir hafa sína dyramottu fyrir innan. Þessi er afgönsk, úr gegnheilli ull og lifir endalaust falleg. Frá Persíu, Bæjarlind 16, á kr. 3.862.

Skýrar línur og ekkert bull við innganginn. Allt á hreinu en látaust og töff kókosmotta frá Habitat, Askalind 1, á kr. 2.990.

Haustlegt augnayndi fyrir fagurkera og smekkfólk í húsum með hjarta. Kókosmotta frá Byko á kr. 2.990.

Box frá Georg Jensen

SMEKKLEG LAUSN FYRIR SMÁDÓTIÐ

Þetta litla box kallast Spin og er hannað af Karim Rashid fyrir Georg Jensen. Það er kjörið til að geyma í allt smáðótið sem flækist fyrir og á sér engan sérstakan stað. Til dæmis er tilvalið að geyma hluti eins og lykla og klink í boxinu. Svoleiðis smáðót á það til að tynast eða dreifast út um víðan völl og er þetta því smekklegt leið til að koma á skipulagi og taka til.

- hs



Kámugt króm

Lausn til að ná óhreinindum af krómi.

Undanfarin ár hefur króm verið mikið í tísku og varla það íslenska heimili þar sem ekki fyrirfinnst að minnsta kosti einn hlutur úr slíku efni.

Eins flott og króm kann að virðast getur yfirborð þess hæglega orðið kámugt og sumum vex því í augum að halda því hreinu og gljáfægðu.

Nú hafa gárungarnir fundið lausn við því, en það er að hella nokkrum dropum af Johnson's-barnaolíu í bómullarklút og renna yfir óhreinindin.

Eins undarlega og þetta kann að láta í eyrum er staðhæft að



olían virki á blettina. Það er því ekki annað að gera en prófa til að fá úr því skorið.

- rve

STIGAR

Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar
Erum einnig með glugga og hurðir Hagstæð verð og fljót afgreiðsla

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Ánægðir viðskiptavinir



GLÓFAXI HE
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR


- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

speedo puma

50-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

VERÐ
1.990

PUMA INNHÚSSKÓR
Verð áður: 3.990
Stærðir: 28-33



OPIÐ


Virka daga kl. 12 - 18
Laugardaga kl. 12 - 16

SPORT
OUTLET

Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

www.rainbow.is

RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Fri heimsending

VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi
og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800



Kerfisloft

Hagkvæm og falleg lausn fyrir öll loft.
Einstök hönnun sem hentar í flest rými.

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



Desockell

fasteignir

24. SEPTEMBER 2007

Þjónusta ofar öllu



Fasteignir

ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !



HRINGDU NÚNA
699 6165





Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Stefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali



Húsið stendur í stórum garði sem unnið hefur tvisvar til verðlauna.

Einbýli á útsýnisstað

Fallegt og vel við haldið einbýlishús við Fagraberg í Hafnarfirði er til sölu hjá Eignamiðlun.

Um er að ræða hús sem stendur í stórum verðlaunagarði á frábærum útsýnisstað. Það er á tveimur hæðum, 153,6 fermetrar að stærð. Þar fyrir utan er 20 fermetra sólstofa og einnig geymslur og kjallari.

Á 1. hæð er forstofa, innra hol, stofa, borðstofa, eldhús, vinnuherbergi, baðherbergi, þvottahús og sólstofa, auk annarrar forstofu. Í risi er hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og lítið herbergi auk snyrtingar. Gólfefni eru flísar og parkett.

Eldhúsið er með góðri innréttingu, lögn fyrir þvottavél og borðkrók. Baðherbergið er með hvít-máluðum panel, skáp, baðkeri og sturtuklefa.

Eignin stendur nokkuð hátt á lóðinni og er vel staðsett í rólegum botnlanga með fallegu útsýni yfir fjörðinn og niður á höfn. Stór, hellulögð og skjólgóð verönd er úti af sólstofunni. Húsið er byggt 1933 en var mikið endurnýjað 1994, loft og útveggir vel einöngruð og skipt um lagnir að mestu.

Garðurinn er stór og skjólsæll. Þar er dúkkuhús, kartöflugeymsla, verkfærageymsla og hjólageymsla. Hiti er undir bílastæðum, undir gönguleið frá aðalinngangi hússins að bílastæðum og undir hellulagðri verönd að hluta.

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS **3,2%**

ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust
fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.
com

Bílar óskast

Óðyr bíll óskast á 20-60 þús. Uppl. í s.
699 3548.

Jeppar



Snarlækkað verð á haustútsölum. 2007
Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer,
Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús,
pallbílar frá 1990þús. Nýir/Nýlegir
bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir
markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10%
útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími
5522000 www.islandus.com



Toyota Highlander á Lexus RX400
grunni. Slær Landcruiser út með kraft
og sparneytni. 270 hð, 7,5L/100km.
2007 frá 3.990þús. 2008 pantíð núna.
Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt
að 30% undir markaðsverði. Íslensk
ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust
fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.
com



260 þús. út!
Ford Explorer Eddie Bauer árg. '06,
ekinn 22 þús. km. Verð 4.250 þús. Uppl.
í síma 510 4900, Bilasala Islands.



Til sölu Daihatsu Feroza '91 ekinn ca
140 þús. Öryðgaður og skoðaður bíll.
Ásett verð 129.900. Uppl. í s. 895
7272.



Pajero dísel 7 manna árg. '03 ek. 115
þ. 33" breyttur. Leður, topplúga, krókur,
aircond. Verð 3,3. S. 696 1587, Halldór.



Dodge Ram 2500 Diesel árg 2007 ekinn
28þ km Leður Hús Einn með öllu.S
898-2811



Til sölu Toyota Hilux DC 2,4 Diesel
Turbo Intercooler árg. '99, ek. 174 þús.
á 38" Toppeintak. Verð 2.170 þús. Uppl
í síma 697 7777.

Pallbílar



Reyfarakaup á haustútsölum. 2007 Ford
F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM
frá 1990þús! Stærri pallbílar og sendi-
bílar benzín/dísel á 'tombólverðum.
Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt
að 30% undir markaðsverði. Íslensk
ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust
fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.
com

Sendibílar



Renault Kangoo árg. '99, 1,4 beinsk. Ek.
126 þ. Nýskoðaður. Toppbíll, verð 390
þ. 892 7852.

Húsbílar



Til sölu nýr Hobby Van húsbíll, árgerð
2007. Ford Transit 2,2 Diesel, 130 Hð.
Verð aðeins 5.790.000. Hobbyhúsið,
Dugguvogi 12 S. 517 7040 www.hobby-
husic.is

Mótorhjól



Útsala útsala útsala
Vespur til sölu nú á 109.900, 50cc 4
gengis. Ef þú kemur með 3 félaga með
og prófar færðu vespuna á 99.900 kr.
1 stk. krakkahjól 9cc til sölu á 69.900,
2 stk. Endurohjól eftir á frábæru verði
aðeins 159.900. Uppl. í s. 895 7272 og
endurohjol.com

Icebike.is auglýsir

Til sölu er mikið úrval af motorhjólum - fjórhjólum, aukahlutum á motorhjól, dekk á motorhjól og fjórhjól, fatnaður og margt fleira. Sími 421 5452 & 867 1282.

Fellihýsi

Til sölu Palamino Yearling, árgerð 2004. Með fortjaldi, verð aðeins 990.000.- Camp Let tjaldvagn, árgerð 1994 Verð aðeins 200.000 Hobbyhúsið, Dugguvogi 12, S. 517 7040, www.hobbyhusid.is

Bílaþjónusta

**BÓNHÖLLIN**
Súðarvogi 4
Sími: 517 5399

Aukahlutir í bíla

**GRETTIR**
VATNSKASSAR
Eigum vatnskassa í margar gerðir bíla Grettir Vatnskassar. Vagnhöfði 6, S. 577 6090

Hjólbarðar

4stk 255/65 16" á 15 þ. S. 896 8568.

Jeppadekk til sölu. 35"Wild country fyrir 15"felgur. fást fyrir 45þ.vel m/farin. S. 699 2447.

Varahlutir

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partaland s. 567 4100
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílastart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW o.fl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

Til sölu

**ÓTRÚLEG VERÐ TAKMARKAÐ MAGN**

OSKARSSON.IS
S. 566-6600

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri


EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

**Hringiðan**
Internetþjónusta

INTERNET tengingar
ADSL eða ljóðleiðir

Vinnu frá
3.990.-kr.

Hringdu núna
525 2400
www.vortex.is

Vélar og verkfæri

**Brottfleygar**

Rhino
Sterkir og endingargóðir Rhino brottfleygar til afhendingar stúx!

STURLAUGUR & CO
Fakslóð 14 - 101 Reykjavík
Sími 4 123 000
www.sturlaugur.is

Til bygginga


Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Verslun

**Amor**
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-

Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgellið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Ýmislegt

Parketgólfllísar
Til sölu 80 fm af parketgólfllísum úr keramik, dökkbrúnar. Er eins og parket þegar búið er að flísaleggja. Uppl. í s. 699 7284 eða 863 4762.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

**Hreingerningabjónusta**
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thevegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrífinn. Föst verðtilb. Flutningsþríf Bergþóru, s. 699 3301.

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingar-þríf. Svæði ehf. S. 848 7367.

Garðyrkja

**Umhverfisþryði ehf**
Þitt umhverfi - Þín þryði

25 ára reynsla
- Hellulagnir
- Vegghleðslur
- Sólþallar
- Túnþökulagnir
- Jarðvegsvinna
520 1220
þryði@umhverfisþrydi.is
www.umhverfisþrydi.is

Garðabjónusta H.G.

Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólþallar. Uppl. í s. 699 8509.

Gröfubjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum og sandspörtslun. Föst verð og tímavinna. S. 693 2625, Sigurður & Kristmundur List-verk.

FB málarameistarar

Getum bætt við okkur inniverkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 693 0999.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

2 búslóðalyftur

Til sölu 2 búslóðalyftur, önnur ný og hin mikið yfirfarin. Uppl. í s. 892 8002.

Húsaviðhald

Húsaviðhald
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu og flísalögnum.
Upplýsingar í síma 695 4661.

Húsasmiður

Gerum tilboð í viðhald og endurnýjun í smærri og stærri verk í nýbyggingum og eldri húsum. Fljót og góð vinna.
Upplýsingar gefur Ragnar í síma 699 7871.

Parketlagnir

Getum bætt við okkur parketlögnum. Fjarlægjum gömlu gólfefnin ef óskað er. Vinnum einnig kvöld og helgar. Íslenskir smiðir með reynslu, vönduð vinnubrögð.
Fagmannsverk
sími. 662 2770.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...

Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípu-lögnum og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Múrverktakar

Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Flísalögn

Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Tímavinna eða tilboð. Sími 857 0673 eða á shc@hive.is

Stíflubjónusta

**Stíflubjónustan ehf**
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Tölvubjónusta
Yfir 60 fyrirtæki í föstum viðskiptum og hundruðir einstaklinga

Kem á staðinn. Microsoft vottun.

11 ára reynsla - Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

Nudd

Nudd!
Vatnslosandi ilmoliunudd og nudd við vöðvabólgu.
Upplýsingar í s. 693 4517.

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Spádómar

**Orlagalinan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.

Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Kærleiks-ljósið

Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
Visa S. 566 7311 Euro

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI - Spámiðill

Spá í spil og kristalkúlu. Fyrirbærnir. Sími 557 4391, www.engill.is

Spásíminn 908 5666. Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Alsþá 445 5000

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Visa Euro Masters. Opíð 12-24. www.spamidlun.com

Hanna 908 6040

Símaspá, fyrirbærir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Klara

Lára er farin í frí og Klara tekinn við. Opíð frá 18-23. S. 908 5050 & 863 1987.

Kristjana spámiðill.

Þeir sem til mín vilja leita. Pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Iðnaður

Til leigu áldokamót 40lm x2 og bygg-ingakrani. Uppl. í síma 865 2954, Kalli Þór.

Rafvirkjun

**Sart**
www.sart.is

Önnur þjónusta

**GAGNVIRKNI**
Hlíðasmára 8, 201 Kóp., s. 517-4511
www.gagnvirkni.is

K-Matt ehf. vefsíða www.k-matt.is. Sími 421 8999. E-mail k-matt@k-matt.is

HEILSA

Heilsuvörur

**ShapeWorks**
www.bergrun.is
Fyrir Enn
Ég breytti um lífstíl!
Hvað með þig??
Uppl. í s. 861 5512

Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.

LR- HENNING - Nýtt á Íslandi.

Viltu léttast? Fá meiri orku?

Stuðningur, einkaráðgjöf og matarþrógramm sniðið að þínum þörfum
Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024

Eða lr-dora@internet.is / www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 27 ár.

Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife.

Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Viltu léttast hratt og örugglega?

www.diet.is — www.diet.is Margrét s. 699 1060.

5 mínútur í þynnri þig. Frí líkamsgrein-ing. Dagný Davíðsd. S.D.A. Herbalife 897 7612

Botnlaus orka betri líðan!

Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan.

Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Þjónusta

Samtalstímar
Erfið samskipti, sorg, hegðun, börn, unglingar? Einkatímar - Þró - Hópar - Teymi - Handleiðsla.
Gústaf Edilónsson S. 844 0599
Gestalt / Psychotherapeut opal@simnet.is

Samtalstímar

Erfileikar - Möguleikar - Viðhorf - Úrræði - Handleiðsla.
Bergljótt V. Óladóttir Gestalt / Psychoterapeut Tímabantanir sími 848 0905.

Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði.

Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is


SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**FLUGSKÓLI ÍSLANDS**

Flugskóli Íslands.

Flugskóli Íslands mun hefja flugkennaranámskeið FI(A) 10. Óktober og upprifjunarnámskeið flugkennara 8. Óktober. Þeir sem vilja skrá sig geti farið á www.flugskoli.is eða haft samband í 530 5100.

Flug

**FLUGSKÓLI ÍSLANDS**

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avenis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.


HEIMILIÐ

Dýrahald

**HUNDARÆKTUNAR FÉLAGIÐ ÍSHUNDAR**

Íshundar auglýsa

Haustýning Íshunda fer fram helgina 27 og 28 Okt n.k. Skráning er hafin í síma 577 2474 og á ishundar.is skráningu lýkur 5 okt.



Afríka sunn-an Sahara

Út er komið tímamótaverk, „Afríka sunnan Sahara – í brenni-depli“. Aldrei hefur verið skrifað jafn umfangsmikið rit um álfuna á íslensku.

Bókinni er ætlað að veita almennt fróðleik og auka skilning á álfunni, sögu hennar og samtíma. Útgefendur bókarinnar eru félagið Afríka 20:20, sem er félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara, og Háskólaútgáfan. Ritstjórar eru mannfræðingarnir Jónína Einarisdóttir og Þórdís Sigurðardóttir.

Bókin er sneisafull af litríku myndefni og umfjöllunarefnum eru afar fjölbreytt. Tölf höfundar skrifa kafla í bókina, sem er skipt upp í fjóra hluta: Sagan, Lífnað-arhættir og lífsafkoma, Listir og bókmenntir og Afríka og umheimurinn.

Sérstaklega hefur verið vandað til útgáfunnar og er ritinu ætlað að hjálpa okkur að skilja Afríku. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sendiherra í Suður-Afríku, segir í formála að bókina „miðli þekkingu um margbreytileika álfunnar, auðlindir hennar og vandamál, stöðu hennar á alþjóðavettvangi og þá ímynd sem hún hefur í hugum okkar“.

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA ÞÍNA Á AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

CLASSIC NIKÓTÍN BRAGÐ

MINTU BRAGÐ

LAKKRÍS BRAGÐ

ÁVAXTA BRAGÐ

KOMDU VIÐ Í NÆSTU LYFJU OG FÁÐU FRÍAR NICOTINELL BRAGÐPRUFUR*

*NICOTINELL BRAGÐPRUFUR ERU LYFLEYSA OG INNIHALDA ÞVÍ HVORKI NIKÓTÍN NÉ ÖNNUR VIRK EFNI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnar og eru ákvarðaðar eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaðng, alvarlega hjartsláttarreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is



LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Fyrsta Vísindakaffið í KVÖLD 24.sept.

Fá náttthrafnar og morgunhanar sér hænublund eða kríu yfir miðjan daginn?

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við – á mannamáli
- Kaffistofa Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi frá kl. 20.00 – 21.30


Öll þekkjum við ótrúlega sterka svefnþörf, en af hverju sofum við og hvaða áhrif hefur svefn á líkamlega og andlega heilsu okkar? Dr. Karl Aegir Karlsson hjá Háskólanum í Reykjavík og Björg Þorleifsdóttir hjá Háskóla Íslands, sem um árabil hafa starfað við rannsóknir á svefni ræða málið.

Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson, þýðandi

Allir velkomnir!

RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Þetta er veislan mín og ég grenja ef ég vil

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FINNUR BARNIÐ Í SÉR Í TÆKA TÍÐ FYRIR AFMÆLISVIKU



September er afmælis-mánuður hjá mér. Fyrir utan sjálfa mig fagna bæði lítill bróðir og ein besta vinkona mín afmæli í sama mánuði. Sjálf hélt ég mjög fágáða afmælisveislu sjálfri mér til heiðurs um helgina. Ég var hvað spenntust yfir því að skreyta borðið – ég eyddi klukkutíma ráfandi á milli hillna í Blómavali, keypti blóm, blómavasa, skraut, servíettur, kertastjaka og sjö þúsund kerti í ýmsum litum. Ég missti mig, í hreinskilni sagt. Ég skammast mín því lítið þegar ég lýsi því yfir að ég er keppinatur um titilinn Næsta Martha Stewart.

Fyrir utan borðið var aðaltí-

hlökkunarefnið að hitta gestina og borða góðan mat (þó ég segi sjálf frá). Svona er maður orðinn full-orðinn. Af er það sem áður var þegar mig var farið að dreyma um pakkafjallið einhvern tímann í maí.

Fyrir tveimur vikum var ég í afmæli hjá litla bróðurnum. Hann varð fjögurra ára, og þar var pakka-áhuginn á sínum stað, ásamt sykursjokkinu og almennum æsingi. Mér er tjáð að drengurinn væri með dálítill fráhvarfseinkenni eftir hátíðahöldin, sem ég skil ósköp vel. Það er gaman að vera miðpunktur athyglinnar þegar maður er fjögurra ára, og leiðinlegt þegar allir veislugestirnir fara heim.

Ég er alin upp við fyrsta, annan

og þriðja í afmæli, við að það eigi að fagna svona áföngum almennilega. Þeir þurfi ekki að vera merki-legri en að hafa lifað eitt ár í viðbót. Með aldrinum hef ég þó misst dálítinn metnað í þessum efnum. Undanfarin ár hef ég bara stefnt vinum og vandamönnum á veitingastað (eða bar, ef ég á að vera alveg hreinskilin) og skálað tvisvar, þrisvar. Eftir að hafa séð hamingjuna hjá strumpinum mínum yfir athyglinni, sykrunum, pökkunum, er ég hins vegar horfin aftur til fyrri og betri vegar. Í dag hefst afmælisvikan mín. Og ég áskil mér rétt til að verða skökk af sykra, rífa pakkana upp án þess að lesa á kortið og taka frekjukast ef einhver mótmælir óskum mínum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vasta hux'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



cer

FRÁ
3.201
Á MÁNUÐI
KR

FRÁ 3.201 Á MÁNUÐI KR

CORE 2 DUO

Örgjörvi	1.5GHz Core 2 Duo T5250 Intel PM965 Express, 667FSB-2MB
Minni	1GB DDR2 667MHz Einfalt að stækka minnið
Harður diskur	160GB 5400RPM SATA Hraður og hljóðlátur
Skrifari	8xDVD ± RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	15.4" WXGA WideScreen skjár Breiðtaladsskjár með CrystalBrite
Skjákort	128MB ATI Radeon HD X2300 Sjálfstætt minni og TV-út tengi
Hátalarar	High Definition hljóðkerfi Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggjt 802.11 abg, loftnet í skjá
Netkort	Gigabit 10/100 /1000 Einnig innbyggjt 56k mótald
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Flip 3D Navigation Aero

ACER ASPIRE 5720G-1A INTEL CORE 2 DUO


Ný tækni frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkubörf en áður.



Magnaður 15.4" Acer breiðtjaldsskjár með CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



0.3 MP Acer CrystalEye innbyggð
vefmyndavél með Acer PrimaLite
tækni sem skilar aukinni ljósnæmni



ATI Radeon HD2300 PCI-Express
skjákortu með sjálfstæðu 128MB
minni og HyperMemory allt að 384MB



Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar



Innbyggður 5 in 1 kortalesari,
4xUSB 2.0, VGA, DVI Firewire, Blue-
Tooth. TV-out. ExpressCard/54 o.fl.



VERD 109.900

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	• NÓATÚNI 17	• SÍMI 414 1700
AKUREYRI	• GLERÁRGÖTU 36	• SÍMI 414 1730
EGILSSTAÐIR	• MIÐVANGUR 2-4	• SÍMI 414 1735
KEFLAVÍK	• HAFNARGÖTU 90	• SÍMI 414 1740
KÓPAVOGUR	• HLÍÐASMÁRI 10	• SÍMI 414 1760

**ATH!**

Fjórða breiðskífa hljómsveitarinnar Múm, *Go Go Smear the Poison Ivy*, kemur út í dag en þrjú ár eru síðan sveitin gaf síðast út plötu. Sú nýja var tekin upp úti um víðan völl, meðal annars í Tónlistarskóla Ísafjarðar og á eyggi Nötö við vesturströnd Finnlands. Það er Smekkleysa sem sér um útgáfu plötunnar.

menning

menning@frettabladid.is

Skáldað í tré í Ráðhúsinu

Nú stendur yfir sýning Félags trérennismiða í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík undir yfirskriftinni „Skáldað í tré – handverkshefð í hönnun“. Sýningin stendur til sunnudagsins 30. september næstkomandi.

Á sýningunni sýna þrettán félagsmenn rennd trélistaverk sem eru þversnið af því hvernig vinna og hönnun hefur þróast í trérennismiði á Íslandi undanfarin ár. „Þarna sýna tólf karlmenn og ein kona,“ segir Karl Helgi Gíslason, sem situr í sýninganefnd félagsins. „Við þyrftum að fá fleiri konur í félagið, sem er nú orðinn 200 manna félagskapur um allt land.“

Þetta er í þriðja sinn sem Félag trérennismiða á Íslandi skáldar í tré í Ráðhúsinu og fimmta sýning félagsins undir þeim merkjum. „Hinar sýningarnar gengu vel og mönnum ber saman um að nú sé þetta komið á góðan vegspöl. Það er enginn byrjendabragur á þessu lengur enda eru menn farnir að gera hinar ýmsu kúnstir í tré,“ segir Karl. Sýningin er opin frá kl. 12-18 alla daga.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA SÝNIR Í Ráðhúsi Reykjavíkur eru nú sýndir renndir listmunir úr tré.

Semur fyrir Anderson



Jonny Greenwood, gítarleikari Radiohead, semur tónlistina við nýjustu mynd Pauls Thomas Anderson, *There Will Be Blood*. Daniel Day-Lewis fer með

aðalhlutverkið í myndinni, sem er byggð á skáldsögunni *Oil!* eftir Upton Sinclair sem kom út 1927. Upptökum er lokið á nýrri plötu Radiohead en ekki hefur verið ákveðið hvenær hún kemur út eða hjá hvaða plötufréttari. Síðasta plata Radiohead, *Hail To The Thief*, kom út árið 2003.

Vinsældir í Japan

Plata hljómsveitarinnar Skakkamanage, *Lab of Love*, er komin út hjá japönsku tímarita- og tónlistarútgáfunni Afterhours. „Þeir fengu eintak af plötunni í gegnum Örvar úr múm sem var staddur þarna úti. Hann gaf þeim plötu og þau hrifust svona vel af henni að þau höfðu samband við okkur og vildu gefa hana út,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson, liðsmaður Skakkamanage. „Það er verið að leggja drög að því að fara til Japans og spila á næsta ári en það er ekki komið lengra en það.“ Á plötunni eru tvö aukalög; annars vegar jólalagið *Merry Christmas* og hins vegar *Drunk Tourist*.

Skakkamanage heldur tónleika á Organ 12. október til að fagna útgáfu plötunnar í Japan. Ný plata frá sveitinni kemur síðan út á næsta ári og hefjast upptökur í janúar. „Við erum að klára að útsetja bunka af lögum sem við erum búin að semja. Við ætlum að frumflytja slatta af þeim á Organ og á Airwaves,“ segir Svavar Pétur.



SKAKKAMANAGE Hljómsveitin Skakkamanage virðist eiga upp á pallborðið hjá Japönum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Spaugilegar hliðar herlífs

Hildur Helgadóttir hjúkrunarfræðingur sendir frá sér bókina Í felulitum á næstunni. Þar miðlar hún af reynslu sinni af friðargæslu og veltir upp áleitnum spurningum um þátttöku Íslands í slíkum verkefnum.

Hildur Helgadóttir fór til Bosnía á vegum íslensku utanríkisþjónustunnar árið 1998, ásamt þremur öðrum Íslendingum; tveimur læknum og einum hjúkrunarfræðingi. „Við fórum með breska hernum í þetta verkefni á vegum íslenska utanríkisráðuneytisins, og undir merkjum Nató. Fyrst fórum við í mánuð í þjálfun til Bretlands, til að kynna herdeildinni og herlífinu. Síðan vorum við með þeim í Bosnía í hálf ár,“ útskýrir Hildur. Verkefni Íslendinganna var fyrst og fremst að sinna heilsugæslu og sjúkrahúspjónustu fyrir hermennina, frekar en almenning í landinu. „Af því að hermenn eru nú upp til hópa ungt og hraust fólk þurfa þeir alla jafna ekki mikið á heilbrigðisþjónustu að halda. Af því hlaut þess vegna svona allsherjar aðgerðarleysi. Það er það sem sat í mér eftir þessa reynslu, og er ein af ástæðunum fyrir því að ég fór að skrifa um þetta,“ heldur Hildur áfram.

Í bókinni gagnrýnir Hildur það fyrirkomulag sem var á þátttöku Íslendinga í friðargæslu á þessum tíma. „Ég veit ekki annað en að allir þeir hópar sem fóru utan á vegum utanríkisráðuneytisins á þessum árum hafi verið tengdir við herdeildir. Það fóru hópar



HILDUR HELGADÓTTIR Í bók sinni, Í felulitum, veltir Hildur Helgadóttir upp spurningum um þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum. Hún segir einnig frá spaugilegum hliðum herlífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á hálf árs fresti í nokkur ár. Ég þekki nokkra af þeim sem fóru á undan mér og eftir, og það var alveg það sama upp á teningnum hjá þeim, fólk hafði ekkert að gera,“ segir Hildur.

Henni þykir því mikilvægt að farið sé yfir í hvað starfskraftar Íslendinga í friðargæslu nýfast. „Þarna er verið að velja reynda og góða atvinnulækna og hjúkrunarfræðinga, með fjölbætta og breiða reynslu, en svo hefur þetta fólk ekkert að gera. Kraftar þeirra væru betur nýttir í einhverjum öðrum verkefnum á öðrum forsendum,“ segir Hildur.

Af aðgerðaleysi því sem hún

lýsir hljótast einnig nokkrar spaugilegar upptökur. „Ég geri svolítið grín að þessum aðstæðum öllum, án þess að þetta sé einhver grinsaga. Þegar fólk er svona í framandi landi og er allt af að bíða eftir því að eitthvað gerist fer það smám saman að brjóta reglurnar. Við vorum svolítið eins og krakkar í sveit, fólk fór að skrifa út fyrir girðinguna og athuga hvað það kæmist langt. Það er marga spaugilegt sem kemur upp, og herinn sjálfur er náttúrulega alveg ótrúleg stofnun,“ segir Hildur og kímur.

Í felulitum kemur út á næstu vikum. JPV gefur út.

sunna@frettabladid.is

ÁST í samstarfi við Vesturport

27.9.2007 20:00
5.10.2007 20:00
6.10.2007 20:00

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarfeikhus.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík

28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00

Miðasala daglega í Iðnó í síma 562 9700
frá kl. 11 - 17 og á midl.is

Pabbinn

PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

miði.is
THORSSON PRODUCTIONS

SÓLRÚN BRAGADÓTTIR SIGURÐUR FLOSASON

DÍVAN og jazzmaðurinn

TÓNLEIKAR

Laugarneskirkju
mið. 26. sept. kl. 20:30

Forsala: midl.is

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
Næstu sýningar: 23/9 - 27/9 - 29/9 og 30/9

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
Næstu sýningar: 22/9 29/9 6/10

Miðasala í síma 551 4700
og á midl.is

AUSTURBÆR

Meistaraverk í viðeigandi búning

The Piper at the Gates of Dawn var fyrsta plata Pink Floyd og sú eina sem sveitin gerði með Syd Barrett. Þessi fjörutíu ára afmælisútgáfa er þreföld.

Á fyrsta disknum er upprunalega platan í mónó, á disk númer tvö er platan endurhljóðblönduð í sterió og á þriðja disknum eru smáskifulög sem ekki rötudu á plötuna (þ. á m. Arnold Layne, See Emily Play og Apples and Oranges) og að auki aðrar útgáfur af nokkrum laganna, þ. á m. tvær af Interstellar Overdrive.

The Piper at the Gates of Dawn kom upphaflega út 5. ágúst árið 1967. Hún var að mestu leyti tekin upp í hljóðveri 3 í Abbey Road á tímabilinu febrúar-júlí það ár. Á sama tíma voru Bítlarnir að taka upp Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band í næsta herbergi. Syd Barrett notaði mikið af LSD á þessum tíma, „tuggði það stöðugt, næstum daglega“ að sögn. Heilsu hans hrakaði jafnt og þétt á árinu og hann hætti í

Floyd snemma á árinu 1968, en hann samdi langflest lögina á Piper.

Tónlistin á Piper er mjög tilraunakennd. Sum laganna eru popplög sem búið er að krukka í, önnur eru hrein tilraunamennska, þ. á m. hið tíu mínútna sýruferðalag Interstellar Overdrive. Tilraunamennskan á plötunni kemur fram bæði í spilamennskunni (gítar- og orgelorgíum), útsetningum (t.d. röddun og hljóðeffektum), lagasmíðunum og textunum, sem eru margir skemmtilegir.

The Piper at the Gates of Dawn er eitt af höfuðverkum enska sýruokksins. Tónlistin hefur elst mjög vel og þessi nýja viðhafnarútgáfa er fyrirtak. Hún er bundin inn í bók með textum og myndum og endurgerð af einni af klippimyndabókum Syd Barrett fylgir með í sérstökum vasa.

Útgáfa sem hæfir meistaraverki eins og þessu.

Trausti Júlíusson

**TÓNLIST**


The Piper at the Gates of Dawn

Pink Floyd

★★★★★

Þessi fyrsta og eina plata Pink Floyd með Syd Barrett er eitt af höfuðverkum enska sýruokksins. Meistaraverk sem stendur fyrir sínu enn í dag, hér í þrefaldri fjörutíu ára afmælisútgáfu.

FRÁ ÞEIM SEM FÆRÐU ÞÉR
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG **KNOCKED UP**



*"Fáranlega fyndin mynd...
með fyndnari myndum í langan tíma!"*
- Auðunn Blöndal, Tekinn Stöð 2

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



FRUMSÝND 28. SEPTEMBER

**SENDU SMS JA SBV
Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!**

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIRA!

>VISSIR PÚ?

Hamborgarar eiga rætur sínar að rekja aftur til fyrri hluta nítjándu aldar þegar þýskur kaupmaður sá heimamenn í Asíu mýkja kjöt sitt með því að setja það undir hnakka sína. Eftir það hnoðuðu þeir kjötið saman og borðuðu. Hugmyndin náði til heimaborgar kaupmannsins, Hamborgar, þar sem maturinn var kallaður Hamborgarkjöt.



fólk
folk@frettabladid.is

Britney óhæf til að ala upp börnin

Lífvörður Britney Spears segir að söngkonan sé ófær um að ala upp börn sín vegna andlegra vandamála sinna og eiturfjaneyslu. Lífvörðurinn, sem heitir Tony Barretto, bar vitni um ástand Britneyjar við réttarhald í forræðisdeilu hennar og Kevin Federline.

„Ég ákvað að bera vitni vegna þess að Britney er orðin stjórnláus og þarfnast hjálpar,“ sagði Barretto í viðtali í News of the World. „Ég gerði þetta fyrir börnin hennar. Hún er ekki góð móðir vegna þess að hún á við andleg vandamál að stríða og hún er háð eiturfjum. Það er ekki gott umhverfi fyrir börn.“

Í viðtalinu kemur fram að fyrir skemmstu óttaðist Barretto að Britney hefði tekið of stóran skammt af eiturfjum. „Ég kom upp í herbergið hennar



og það var hvítt duft og rör á borðinu. Britney var alveg úti á túni og við héldum að hún myndi deyja,“ segir lífvörðurinn. Auk þessa segir lífvörðurinn að Britney hafi nýtt eiturfjfa á heimili sínu meðan synir hennar dvöldust hjá henni.

Í breskum fjölmiðlum í gær var sömuleiðis greint frá því að Britney hefði verið valin versta mamman á meðal fræga fólksins. Fékk hún yfirburðakosningu í könnuninni, sem gerð var á breskri vefsíðu.

ÓHÆF MAMMA Britney Spears ætti ekki að hafa forræði yfir börnum sínum að sögn lífvarðar hennar.

Hjálpar einhverfum syni

Leikkonan Jenny McCarthy segir að kærasti sinn Jim Carrey hafi hjálpað syni sínum Evan að takast á við einhverfu sína. Áður en hún hitti Carrey óttaðist McCarthy að hún gæti ekki fundið góðan mann vegna veikinda sonar síns en annað kom á daginn.

„Það var án efa ákveðið fyrir fram að Jim og Evan myndu ná vel saman,“ segir hún í viðtali við tímaritið People. „Hann hefur hjálpað Evan að komast yfir hindranir sem ég gat ekki hjálpað honum með. Stundum kallla ég hann einhverfuhvíslarann. Hann talar tungumál sem Evan skilur og Evan finnur til mikils öryggis hjá honum.“

Hin 34 ára McCartney og Carrey, sem er 45 ára, viðurkenndu sam-



KÆRUSTUPAR Jenny McCarthy og Jim Carrey á góðum degi í Róm.

band sitt opinberlega á síðasta ári. Þrátt fyrir að vera afar ástfangin ætlar McCarthy ekki að giftast hinum tvífráskilda Carrey. „Það verður ekki skrifað undir neitt lagaplagg. Samband okkar nær lengra en það. Jim kom inn í líf okkar með opnu hjarta og opnum örmum. Hann hefur lært mikið um einhverfu. Hann hlustar. Það að hlusta getur skipt sköpum.“

McCarthy skildi við leikstjóran John Asher fyrir tveimur árum eftir sex ára hjónaband. Skömmu fyrir skilnaðinn var Evan, sem er fimm ára, greindur með einhverfu. McCarthy segir frá glímu sinni við einhverfu sonar síns í bók sinni Louder Than Words: A Mothers' Journey in Healing Autism.

Tilprifamikil tíska

Tískuvikan í London hefur nú runnið sitt skeið. Sýning House of Holland, Louise Gray og Noki undir merkjum Fashion East vakti mikla athygli, en þar var hver klæðnaðurinn öðrum tilprifameiri. Sumartíska Kisa var hins vegar hvít, svört og í gráum tónum þess á milli. Hönnun Matthew Williamson féll í kramið hjá áhorfendum, en Prince stal þó senunni á þeirri sýningu þegar hann stökk upp á svið og söng fyrir hópinn.



KISA NORDICPHOTOS/GETTY



FASHION EAST



FASHION EAST



MATTHEW WILLIAMSON



MATTHEW WILLIAMSON



Italsofa

Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri

Verð kr. 330.000,-



Italsofa Vandaður leður hornsófiHornsófi

Verð kr. 250.000,-



Italsofa Leðursófasett 3+2 - Rautt leður

Verð kr. 295.000,-



Nabucco



Stækkanlegt borð f.20 manns



Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm

Italsofa

Verð kr. 228.000,-



Afar vönduð og sigild
borðstofuhúsgögn



Verð kr. 235.000,-

Italsofa Afar vandaður leðurhornsófi



Corinne

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koniaksbrúnt verð 229.000,- Einnig í Micro-álklæði. Verð kr. 198.000,-



Stökunarstólar í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr. 59.500,-

Vandaður stökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



Borðstofustólar í miklu úrvali

Verð kr. 16.500,-

Afar vandaður og þægilegur borðstofustóll

Litir: Dökkbrúnt, ljóst, fætur: Dökk / ljós eik

www.valhusgogn.is

Rötu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Ópið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Þriggja ára skilorð

Rapparinn Snoop Dogg hefur verið dæmdur í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi og til að inna af hendi 160 klukkustunda samfélagsþjónustu eftir að hann játaði sig sekan um að hafa haft í förum sínum hættulegt barefli.

Snoop var handtekinn á flugvelli í Kaliforníu fyrir ári eftir að bareflið fannst í tösku hans. „Markmið Snoop er að búa til tónlist, ekki að mæta í réttarsali,“ sagði lögfræðingur hans. „Hann vill halda áfram með líf sitt. Hann vill taka upp tónlist, leika í kvikmyndum og koma fram á tónleikum.“

Þetta er í annað sinn á þessu ári sem rapparinn sleppur við fangelsisdóm. Í apríl var hann dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi og til að inna af hendi 800 klukku-



SNOOP DOGG Rapparinn Snoop Dogg hefur verið dæmdur í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi.

stunda samfélagsþjónustu eftir að hann játaði að hafa haft fíkniefni og byssu í förum sínum.




EINS OG ANGELINA Mary-Louise Parker, aðalleiknonan í Weeds, hefur ættleitt litla stúlku frá Afríku.

Ættleiðir afríska stúlku

Mary-Louise Parker, aðalleiknonan í þáttaröðinni Weeds, hefur fetað í fótspor Angelínu Jolie og ættleitt stúlku frá Afríku. Parker á þriggja ára son með leikaranum Billy Crudup, en þau hættu saman áður en að hann kom í heiminn, eftir að hafa verið saman í átta ár.

Parker, sem var tilnefnd til tveggja Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í Weeds, sást með dóttur sinni yfir helgina. Talsmenn hennar hafa þó ekki gefið upp hvenær ættleiðingin átti sér stað. Heimildarmaður People Magazine segir Parker vera í skýjunum. „Mary-Louise er frábær mamma, hún gæti ekki verið hamingjusamari yfir þessu.“



ÓKINDIN Spennumyndin fræga Jaws, eða Ókindin, verður sýnd ofan í Laugar-dalslaug hinn 29. september.

Jaws sýnd í sundlaug

Spennumyndin Jaws eftir Steven Spielberg verður sýnd í Laugar-dalslaug hinn 29. september á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Sýningartjaldi verður komið fyrir í lauginni og verður myndinni varpað þangað. Þá verður hljóðkerfi sem varpar hljóði undir yfirborð vatnsins komið fyrir og því verður aðeins hægt að sjá og heyra í því sem fram fer með því að kafa ofan í laugina.

Ef upplifunin reynist of raunveruleg er hægt að flýja upp á bakkann og klára myndina í öruggri fjarlægð, því myndinni verður einnig varpað á venjulegt tjald með hefðbundnu hljóðkerfi fyrir þá áhorfendur sem vilja vera á þurru landi.

Timberlake talar um kærusturnar

Söngvarinn Justin Timberlake er meðal annars þekktur fyrir að ræða ekki ástarsambönd sín, hvorki fyrrverandi né núverandi. Hann gerði þó undantekningu á því í viðtali hjá Oprah Winfrey á miðvikudag þar sem hann tjáði sig bæði um Jessicu Biel og Britney Spears.

Hann nefndi Jessicu þó ekki á nafn heldur sagðist hann vera að hitta ákveðna manneskju sem „ilmaði mjög vel“. Sömuleiðis viðurkenndi hann að vera rómantískur og sagðist stundum syngja fyrir kærustuna.

Oprah spurði Timberlake einnig hvað hann héldi að væri í gangi hjá hans fyrrverandi,



Britney Spears, en þau hættu saman fyrir fimm árum. „Ég veit það hreinlega ekki,“ sagði Timberlake. „Ég hef ekki talað við hana árum saman.“ Söngvarinn bætti þó við að Britney væri frábær einstaklingur með afar stórt og gott hjarta.

JUSTIN TIMBERLAKE Söngvarinn er afar varfærinn þegar kemur að því að tala um einkamálín. Oprah Winfrey náði þó upp úr honum nokkrum setningum.

Ert þú rétt stillt/ur?



- Hvergi meira úrval af stillanlegum heilsurúmum og heilsudýnum.
- Sérþjálfað starfsfólk aðstoðar við val á réttu rúmi.
- Sjúkrapjáfari er í versluninni á fimmtudögum frá kl. 16 - 18.



LYSTADÚN

Marco

Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500

Ákureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 og laugardaga 11-16

Ástin er sterkasta aflið

Heimildarmyndin Lion in the House fylgir eftir fimm krabbameinsveikum börn-um og fjölskyldum þeirra í sex ár. Myndin fékk bandarísku Emmy-verðlaunin í flokki heimildarmynda og verður sýnd á RIFF-kvik-myndahátíðinni sem hefst hér í vikunni. Jarþrúður Karlsdóttir ræddi við leikstjóra myndarinnar.



LJÓN Í HÚSINU Julia Reichert og Steven Bogner unnu Emmy-verðlaunin fyrir heimildarmyndina Lion in the House, sem fylgir eftir fimm krabbameinsveikum börnum og fjölskyldum þeirra í sex ár.

fimm mínútur að átta okkur á að við yrðum að gera þetta.“ Julia heldur áfram: „Ef það væri ekki fyrir dóttur okkar hefðum við ekki gert myndina. Við hefðum ekki vitað að þetta væri saga sem þyrfti að segja.“

Níu ára vinna

Þegar þau byrjuðu höfðu þau þó ekki hugmynd um hvað þau væru að fara út í. „Við vorum mjög „naí““. Við höldum að við myndum fara á spítalann, taka myndir í svona eitt ár og klára myndina. Dóttir okkar var veik í ár, læknaðist og svo höldum við bara áfram að lifa eðlilegu lífi og þannig höldum við að þetta væri yfirleitt.“ Raunveruleikinn var allt annar. Vinnsla myndarinnar tók níu ár og á þessum tíma tengdust þau fjölskyldunum sterkum böndum.

Í tengslum við sýningu myndarinnar verða Julia og Steven með námskeið í eftirvinnslu fyrir kvikmyndagerðarfólk. Við gerð myndarinnar tóku þau upp rúma 520 tíma af efni sem þau stytту niður í tæplega fjögurra stunda mynd í tveimur hlutum. Námskeiðið fer fram hinn 3. október í Norræna húsinu.

Vilja opna umræðu

Í myndinni er fylgt eftir lífi fimm

barna og fjölskyldna þeirra í sex ár. Myndin sýnir sorgir þeirra og gleði, litla og stóra sigra og langa, erfiða baráttu allra sem koma að. Ekki bara fjölskyldnanna heldur líka lækna og hjúkrunarfólksins.

„Öll börnin vildu vera með í myndinni. Foreldrarirnir tóku þátt í myndinni bæði vegna barnanna, því í langri sjúkráhússdvöl er öll tilbreyting kærkomin, en líka til að reyna að koma einhverju til leiðar. Þau myndu líka ganga í gegnum þetta óhád því hvort við værum á staðnum eða ekki og við gætum alveg eins tekið það upp.“

Ástin og dauðinn

Gerð myndarinnar hafði mikil áhrif á þau bæði. Aðeins tvö barnanna eru enn á lífi og talin læknuð. „Við skiljum dauðann miklu betur núna, erum ekki hrædd við hann langur. Við skiljum ástina líka miklu betur. Við sáum hana þarna í sínu tærasta formi. Það er magnað að horfa á foreldri berjast fyrir lífi barnsins síns,“ segir Julia. „Ég lærði líka að hætta að dæma fólk fyrir ákvarðanirnar sem það tekur. Áður dæmdi ég oft foreldrana fyrir ákvarðanir þeirra. Núna trúi ég því að allir séu að gera sitt besta og það sé ekki mitt að dæma það.“

Stuttur en eftirminnilegur

Heavenly Sword er eitt af fyrstu trompspilum Sony fyrir Playstation3 leikjatölvuna þessa vetrarvertrið sem nú er að byrja og spannar fimm daga í lífi Nariko. Hún er dóttir foringja hins himneska sverðs sem ætt hennar hefur gætt í margar aldir. Sverðið er talið hafa stigið niður af himni og síðan þá hefur verið eftirsótt af öllum sem hafa viljað notað það til að ná völdum. Til að vernda fjölskyldu sína og vini tekur Nariko upp sverðið og notar það gegn hinum illa konungi Bohan, þrátt fyrir að vita að það muni kosta hana lífið.

Þó að Nariko sé aðalpersóna leiksins mun spilarinn stundum spila sem Kai föstursystir Nariko. Kai er yndisleg persóna og mín uppáhalds í leiknum. Kai er með boga og örvar en getur að öðru leyti ekki varið sig. Hennar partar í leiknum eru því frekar öðruvísi og brjóta leikinn upp. Þegar Kai skýtur ör úr boga sínum hefur maður tækifæri á að nota sixaxis-stjórnun leiksins og stjórna hvert örin hennar fer. Þetta tekur andartak að læra og er stórskemmtilegt.

Nariko hefur Sverðið sér til halds og trausts. Það eru þrír stansar sem spilarinn getur notast við og til að lifa bardagana af er mikilvægt að læra hvaða stans virkar á móti árásum óvinanna. Þetta snýst allt um ákveðið mótjafnvægi.

Styrkur leiksins liggur að mínu mati í raddsetningu og hreyfingum persónanna. Þar er að þakka Andy Serkis, sem lék Gollum í Hringadróttinssögu. Serkis er dramatískur leikstjóri leiksins og ljær Bohan konungi, aðalópökka leiksins, bæði rödd sína og andlit. Á milli hasarparta leiksins eru leikin atriði innan leiksins þar sem leikurinn og raddsetningin fá að njóta sín til hins ýtrasta.

Grafík leiksins og hljóð eru til fyrirmyndar og sýna hvert stökk-ið á milli Playstation2 og Playstation3 er mikið. Hin nýja kynslóð leikjatölva er að gera hluti sem mann gat bara dreymt um áður.

Leikurinn er hraður og það hægist aldrei á hasarnum. Heavenly Sword er stuttur en mjög eftirminnilegur og sómar sér vel í safni Playstation3-eigna.

Sveinn A. Gunnarsson



TÖLVULEIKIR

Heavenly Sword
PS3

★★★★

Leikurinn sómir sér vel sem stór Hollywood-mynd og ég hvet fólk til að upplifa ævintýrið sem er Heavenly Sword.

www.SAMbio.is 575 8900 **midi.is**

CHUCK AND LARRY
I NOW PRONOUNCE YOU
CHUCK AND LARRY
KEVIN JAMES ADAM SANDLER

disturbia
Allir eiga sín leyndarmál.
MR. BROOKS
Övuntasti sálfréttiryllir ársins.

bratz
Stærstuþegundin vísar í
hvern árs myndir.

ASTRÓPIÁ
Langmest sýtt myndin á Íslandi í dag

ALFABAKKA				AKUREYRI			
CHUCK AND LARRY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12		BRATZ - THE MOVIE	kl. 6	L	
CHUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:30	VIP		SHOOT 'EM UP	kl. 8 - 10	16	
MR. BROOKS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16		ASTRÓPIÁ	kl. 6	sjúkusýningar	L
BRATZ	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L		MR. BROOKS	kl. 8	16	
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	14		VACANCY	kl. 10	16	
ASTRÓPIÁ	kl. 6 - 8 - 10:10	L		KEFLAVÍK			
ASTRÓPIÁ	kl. 6	VIP		CUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:10	L	
RATATOUILLE	kl. 5:30	L		BRATZ THE MOVIE	kl. 8	L	
KRINGLUNNI				DISTURBIA	kl. 10:10	12	
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16		SELFOSSI			
BRATZ	kl. 5:30	L		KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30	12	
LICENSE TO WED	kl. 8	7		VEDRAMÓT	kl. 8 - 10:20	14	
ASTRÓPIÁ	kl. 6	L					
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10	14					
TRANSFORMERS	kl. 10:30	DIGITAL	10				

Nýtt í bíó

LAUGARÁR BÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus

ADAMSANDLER KEVINJAMES

I NOW PRONOUNCE YOU
CHUCK AND LARRY

600 kr

Hákarlabeita

HAIRSPRAY

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

CHUCK & LARRY	kl. 5.45, 8 og 10.20	12
HÁKARLABEITA	ISL. TAL.	L
HAIRSPRAY	kl. 5.30, 8 og 10.20	L
KNOCKED UP	kl. 8 og 10.30	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midi.is**

NÝTT Í BÍÓ!

ADAMSANDLER KEVINJAMES

SVINNU LARST MYNDIR KU LARSA FYRIR BESTA VINNUNN

CHUCK AND LARRY

12

16

LUXUS

L

Aðeins 600kr.

KNOCKED UP

14

★★★★

-A.F.B. Bíóíð

L

★★★★

-S.V. MBL

HAIRSPRAY

16

★★★★

-S.V. MBL

VACANCY

14

★★★★

-S.V. MBL

VEDRAMÓT

14

★★★★

-E.E., -DV

R.H.-FBL

THE BOURNE ULTIMATUM

14

★★★★

BY. MBL

55.000 manns

THE SIMPSONS MOVIE

12

L

ASTRÓPIÁ

L

SHOOT 'EM UP

16

kl. 6 - 8 - 10

HÁKARLABEITA

kl. 6

VACANCY

16

kl. 8 - 10

VEDRAMÓT

14

kl. 5.40 - 8 - 10.20

RUSH HOUR 3

kl. 8 - 10.20

CHUCK AND LARRY

12

kl. 5.40 - 8 - 10.20

HÁKARLABEITA

kl. 6 - 8 - 10.10

HAIRSPRAY

kl. 6

VEDRAMÓT

14

kl. 5.40 - 8 - 10.20

KNOCKED UP

14

kl. 10.10

BOURNE ULTIMATUM

14

kl. 8 - 10.30

CHUCK AND LARRY

kl. 6 - 8 - 10.10

HÁKARLABEITA

kl. 6

HAIRSPRAY

kl. 6

KNOCKED UP

14

kl. 10.10

SMÁRRÁBÍÓ				REGBOGINN			
SÍMI 564 0000				SÍMI 551 9000			
SHOOT 'EM UP	kl. 6 - 8 - 10	16		SHOOT 'EM UP	kl. 6 - 8 - 10	16	
SHOOT 'EM UP LUXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10			HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 6		
HÁKARLABEITA	kl. 4 - 6			VACANCY	kl. 8 - 10	16	
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30			VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14	
VACANCY	kl. 8 - 10	16		RUSH HOUR 3	kl. 8 - 10:20		
VEDRAMÓT	kl. 5:40	14					
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:40	14					
BRETTIN UPP	ISL. TAL.	kl. 4					
THE SIMPSONS MOVIE	ISL. TAL.	kl. 3:45					
LAUGARÁR BÍÓ				REGBOGINN			
SÍMI 530 1919				SÍMI 462 3500			
CHUCK AND LARRY	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12		CHUCK AND LARRY	kl. 6 - 8 - 10:10	12	
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30			HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 6		
VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14		HAIRSPRAY	kl. 8		
ASTRÓPIÁ	kl. 6			KNOCKED UP	kl. 10:10	14	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14					

Skrítin og sjálfstæð Björk

Stór grein um tónlistarmanninn og upptökustjórann Valgeir Sigurðsson er að finna í breska dagblaðinu The Independent. Dvaldi



blaðamaður í fimm daga á Íslandi og lætur vel af landi og þjóð. Í greininni kemur fram að Valgeir hafi verið hægri hönd Bjarkar Guðmundsdóttur í mörg ár en núna stígi hann loks úr skugganum með útgáfufyrirtæki sitt Bedroom Community og með sólóplötu sinni Ekvilibrium. Valgeir fékk stóra tækifærið sem upptökustjóri þegar hann var bedinn um að vinna að lögum Bjarkar fyrir söngvamyndina Dancer in the Dark. Hann ber söngkonunni vel söguna. „Fólk er mjög stolt af henni. Það er gott fyrir okkur að ímynd íslenskrar tónlistar úti í heimi sé svona skrítin og sjálfstæð.“ Valgeir segist á sínum tíma hafa rætt við Björk um að búa til „heimagerða“ tónlist, sem síðar varð til í heimahljóðveri hans, Gróðurhúsinu. „Hún sagði mér frá alls kyns undarlegum hugmyndum eins og að búa til lag með því að nota öll hljóðin úr eldhúsinu,“ segir Valgeir, sem **BJÖRK** Björk Guðmundsdóttur hefur unnið mikið með Valgeiri Sigurðssyni í gegnum tíðina.



VALGEIR SIGURÐSSON Upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn Valgeir Sigurðsson er í viðtali í breska dagblaðinu The Independent. einnig hefur tekið upp fyrir þekkta flytjendur á borð við Bonnie „Prince“ Billy, Cocorosie og Maps. „Að fá tónlistarmenn heim til mín er að mínu mati rétta aðferðin til að búa til tónlist,“ segir hann. „Það er mjög persónulegt vegna þess að það er ekki hægt að fara neitt annað. Ég tengist verkefnunum miklum tilfinningaböndum og þegar ég lýk við þau líður mér eins og ég sé að binda enda á ástarsamband.“

Spennandi Airwaves-sveit

Ein af mest spennandi hljómsveitum næstkomandi Airwaves-hátíðar er án efa Ra Ra Riot frá Syracuse í Bandaríkjunum. Miðað við umtalið á hinum ýmsu miðlum um tónleika sveitarinnar gæti Ra Ra Riot orðið einn óvæntasti glaðningur hátíðarinnar. Hljómsveitin varð hins vegar fyrir gríðarlegu áfalli í byrjun sumars þegar trommari sveitarinnar druknaði. Ra Ra Riot hefur hins vegar haldið ótrauð áfram þrátt fyrir missinn en þessi stuttskífa sveitarinnar leit dagsins ljós réttum mánuði eftir fráfall trommarans, John Pike. Það er því á dramatískan hátt sem lögin sex á plötunni kallast á. Dying Is Fine og Ghost Under Rocks eru kannski bestu dæmin. Yfirbragðið er hins vegar kankvíst og hispurslaust. Meðlimir Ra Ra Riot framkalla afar safaríkar melódíur með ljúffengu bragði. Hér er einfaldlega á ferð beinskeytt og gítardrifið kraftapopp, skreytt með hógværum strengjum. Samanburður við Arcade Fire er því nærri óumflýjanlegur, sérstaklega er lagið A Manner to Act vel til þess fallið. Manni finnst samt allt einhvern veginn höfstílltara í fari Ra Ra Riot en Arcade Fire.



TÓNLIST

Ra Ra Riot

Ra Ra Riot

★★★★

Gríðarlega spennandi stuttskífa með bitastæðum lögum. Gítardrifið kraftapopp í háum gæðaflokki.

Þessi stuttskífa Ra Ra Riot sannar að hér er hljómsveit sem getur vel gert magnaða hluti með tíð og tíma. Við skulum vona að sú verði raunin á Airwaves í október. **Steinþór Helgi Arnsteinsson**

VEFDRÆTTI

MIÐRÖÐ

MEÐAN

ÞU ERST

Á morgun drögum við út 30 milljónamæringa. Verður þú einn af þeim?

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

> Guðjón Valur á leið í aðgerð

Handknattleikskappinn Guðjón Valur Sigurðsson spilar ekki með Gummersbach næstu vikurnar. Guðjón fór úr axlarlið í leik Gummersbach um helgina og mun því gangast undir aðgerð, að öllum líkindum í þessari viku. Það þýðir að Guðjón getur ekki leikið handbolta næstu vikurnar en hversu margar vikur það verða kemur í ljós síðar. Slík meiðsli geta verið mjög erfið til lengdar en það er vissulega bót í máli að Guðjón skuli hafa farið úr lið á vinstri öxlinni en ekki þeirri hægri.

sport
sport@frettabla-



ÞJÁLFARI OG LEIKMENN VALS: KOM ALDREI TIL GREINA AÐ TAPA LEIKNUM

Baráttan skein úr hverju Valsandliti

„Það hefur ýmislegt verið sagt um okkur Valsmenn í sumar og meint karactersleysi í sumar en við höfum aldrei tekið mark á því. Við settum okkur ákveðin markmið fyrir sumarið sem við höfum unnið eftir og það að koma hingað í Kaplakrika í 17. umferð, skora Íslandsmeistarana og topplið deildarinnar á hólmi, og fara síðan með sigur af hólmi – það lýsir styrknum sem býr í þessu liði,“ sagði sigurreifur þjálfari Valsmanna í leiklok, Willum Þór Þórsson.

„Ég er kannski ekki hlutlaus en mér fannst við miklu betri aðilinn í þessum leik. FH-ingar fengu ekki mörg tækifæri og við lokuðum svæðunum vel. Það skein baráttu úr hverju andliti inni á vellinum og mér fannst hungrið einfaldlega vera meira okkar megin. Það var það sem skildi að,“ sagði Willum. Markaskorarinn Helgi Sigurðsson var með



fæturna á jörðinni og sagði að verkefninu væri ekki lokið. „Það er einn leikur eftir og við þurfum að vinna hann. En nú er þetta komið í okkar hendur og það er mjög ljúft,“ sagði Helgi, sem barðist og djöflaðist í varnarmönnum FH allan leikinn. „Þótt að FH-ingar hafi alltaf verið á undan okkur í sumar og við klikkað þegar við höfum getað komist á toppinn höfum við aldrei misst trúna. Það kom aldrei til greina að tapa þessum leik í dag.“

Fyrirliðinn Sigurbjörn Hreiðarsson sagði dagsformið hafa ráðið úrslitum í leiknum í gær. „Við unnum þá í deildinni fyrr í sumar, síðan unnu þeir okkur í bikarnum og í dag féll þetta okkar megin. Þessi lið eru nánast hnífjöfn að getu og það lið sem mætir betur stemmt til leiks fer með sigur af hólmi. Og stemningin var meiri í okkar liði að þessu sinni,“ sagði Sigurbjörn.

	1-1	
Fram		KR
Laugardalsv., áhorf.: 1797  Magnús Þórisson (8)		
0-1 Óskar Örn Hauksson (49.)		
1-1 Ívar Björnsson (90.+2)		
TÖLFRÆÐIN		
Skot (á mark) 17–15 (10–3)		
Varin skot Hannes 1 – Stefán Logi 7		
Horn 9–1		
Aukaspjrnur fengnar 14–16		
Rangstöður 1–2		
FRAM 4–5–1	KR 4–3–3	
Hannes Halldórsson 6	Stefán Logi Magnúss 7	
Óðinn Arnason 7	Sigþór Júlíusson 5	
Reynir Leósson 7	Pétur Marteinsson 6	
*Kristján Hauks. 7	Gunnlaugur Jónsson 7	
Daði Guðmundsson 6	Guðmundur Reynir 6	
Hjálmar Þórarinnsson 5	Ágúst Þór Gylfason 5	
Ingvar Ólason 6	Kristinn Magnússon 6	
Hans Mathiesen 6	Rúnar Kristinsson 4	
(75., Ívar Björnsson) 6	(28., Björgólfur Takef.) 5	
Alexander Steen 6	Jóhann Þórhallsson 5	
(59., Theódór Ósk.) 5	(89., Skúli Jón) 6	
Heinrik Eggerts 6	Grétar Hjartarson 6	
Jónas Grani Garðars. 5	(82., Ásgeir Ö. Ólafsson) 6	
	Óskar Örn Hauksson 6	
	<i>*Maður leiksins</i>	

Newcastle vann West Ham:

Owen aftur frá vegna meiðsla

FÓTBOLTI Newcastle vann góðan heimasigur á West Ham í ensku úrvalsdeildinni í gær. Mark Viduka skoraði tvö marka Newcastle í leiknum sem komust upp í fimmta sæti með sigrinum.

Newcastle varð fyrir áfalli í leiknum þar sem hinn meiðsla-hrjáði framherji þeirra, Michael Owen, þurfti að yfirgefa völlinn í byrjun seinni hálfleiks og ekki var vitað hversu alvarleg meiðslin eru.

„Ef Owen þarf að fara í aðgerð þá fer hann strax í hana. Hans hagsmunir eru ofar öllu öðru,“ sagði Sam Allardyce, stjóri Newcastle.

- öþ

	1-1	
HK		Breiðablik
Kópavogsv., áhorf.: 1688  Eyjólfur Kristinsson (6)		
0-1 sjálfsmark (41.)		
1-1 Þórður Birgisson, víti (83.)		
TÖLFRÆÐIN		
Skot (á mark) 9–9 (3–3)		
Varin skot Gunnleifur 2 – Casper 2		
Horn 10–4		
Aukaspjrnur fengnar 11–14		
Rangstöður 5–6		
HK 4–5–1	BREIÐA. 4–4–2	
Gunnleifur Gunnleifs 6	Casper Jacobsen 5	
Stefán Eggertsson 5	Árni Gunnarsson 5	
Ásgrímur Albertsson 5	Guðmann Þórisson 7	
*Finnbogi Lorenz. 7	Srdjan Gasic 5	
Jóhann Björnsson 6	Arnór Aðalsteinsson 6	
Calum Þór Bett 4	Gunnar Örn Jónsson 6	
(65., Jón Þorgeirsson) 5	(85., Kristján Óli Sig.) 6	
Hólmur Örn Eyjólfsson 5	Ólgeir Sigurgeirsson 7	
Brynjar Víðisson 6	Guðmundur Kristjánsson 6	
(73., Almir Cosic) 6	Nenad Zivanovic 5	
Hermann Geir Þórs 5	(73. Kristinn Jónsson) 6	
Hörður Már Magnús 6	Magnús Páll Gunnars 6	
(81., Þórður Birgiss) 6	Prince Rajcomar 6	
Oliver Jaeger 5	(81., Kristinn Steind.) 6	
	<i>*Maður leiksins</i>	

Samí aumingjaskapurinn hjá okkur og í allt sumar

Ívar Björnsson tryggði Fram 1-1 jafntefli gegn KR með marki í uppbótartíma. Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, var foxillur út í sína menn í leiklok.

FÓTBOLTI Ívar Björnsson tryggði Fram eitt mikilvægt stig í 1-1 jafntefli við KR í botnbaráttu- og borgarslagnum á Laugardalsvelli í gær.

Jöfnunarmarkið kom í uppbótartíma þegar pressa Framliðsins upp við KR-markið var orðin mjög mikil og í rauninni aðeins tíma-spursmál hvenær markið kæmi. Þetta var fimmti leikurinn í röð sem Framarar ná í stig og fyrir vikið er staða liðsins mun betri fyrir lokaumferðina. Framliðið hefur miklu betri markatölu en KR og það gæti skipt máli þegar upp er staðið um næstu helgi.

„Þetta var bara snilld og ætli þetta sé ekki eftirminnilegasta markið sem ég hef skorað hingað til,“ sagði markaskorari Framara, Ívar Björnsson, sem var kátur í leiklok. Ívar hafði komið inn á sem varamaður fimmtán mínútum áður. „Maður varð að koma inn og sanna sig. Óli sagði mér að fara inn á og berjast og sýna hvað ég gæti en það er rosalega sætt að skora á 90. mínútu,“ sagði Ívar sem var að skora sitt fyrsta mark síðan í þriðju umferðinni.

„Loksins datt þetta hjá mér því ég var búinn að fá nóg af færum í sumar. Ég sagði að þetta gengi ekki þegar hann bjargaði frá mér á lúnnu og negldi hann inn,“ sagði Ívar sem skoraði markið eftir að varnarmenn KR höfðu bjargað frá honum á marklínu.

Það leit samt út fyrir að glæsilegt mark Óskars Arnar Hauks-sonar á 49. mínútu myndi færa KR-ingum þrjú stig og góða stöðu í botnbaráttunni en KR-liðið hafði þó ekki gert mikið meira en að skora þetta eina mark. Framarar voru bæði grimmari og sóknarjaf-ari. Logi Ólafsson hafði skipt tveimur varnarsinnuðum leik-



NÆSTUM ÞVÍ HETJA Óskar Örn Hauksson var aðeins rúmri mínútu frá því að tryggja KR-ingum öll þrjú stig in gær. Hér sést hann í baráttunni við Framarann Daða Guðmundsson í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mönnum inn fyrir sóknarmenn á lokakaflanum og liðið lagði alla áherslu á að halda fengnum hlut. Sú ráðstöfun gerði það einungis að verkum að liðið féll enn aftar á völlinn sem endaði síðan með því að Framarar jöfnuðu.

Stefán Logi Magnússon varði oft á tíðum vel í marki KR-inga en hann var ekki sáttur með sína liðs-félaga í leiknum. „Það er hryllingur að fá á okkur þetta mark en við áttum þetta samt bara skilið. Við vorum búnir að biða eftir þessu í 30 mínútur,“ sagði Stefán Logi sem varði meðal annars fjögur skot á lokamínútunum áður en hann þurfti að horfa á eftir boltanum í markið í blálokinn.

„Þetta er sami aumingjaskapurinn sem er búinn að vera hjá okkur

í allt sumar. Menn benda á hver annan í staðinn fyrir að gera það sem fyrir var lagt,“ sagði Stefán foxillur í leiklok. „Þetta er stig í húsi en þau áttu að vera þrjú. Framararnir börðust eins og ljón og voru miklu klókari en við. Þeir sáu það að við vorum ekki tilbúnir í þetta,“ sagði Stefán Logi sem stóð fyrir sínu í leiknum.

Fyrri hálfleikur hafði ekki upp á margt að bjóða. Bæði lið vörðust vel, tóku litla áhættu og gáfu ekki mörg færi á sér. Það var meira í gangi í seinni hálfleik og eftir mark KR-inga tóku Framarar smám saman öll völd á vellinum og reyndu hvað þeir gátu til að jafna leikinn sem tókst síðan á endanum.

ooj@frettabladi.is

HK færðist stigi nær því að halda sæti sínu í Landsbankadeildinni:

Fátt um fína drætti í Kópavogsslagnum

FÓTBOLTI HK og Breiðablik skildu jöfn, 1-1, í miklum baráttuleik í Landsbankadeildinni í gærkvöldi. Eins og oft vill verða í nágrannas- lögum sem þessum þá var baráttan á kostnað gæðanna.

Breiðablik var sterkari aðilinn í fyrri hálfleik án þess þó að skapa sér mörg góð færi. Eitt þeirra leit þó dagsins ljós á 41. mínútu þegar Gunnar Örn Jónsson átti góða rispu upp hægri kantinn. Gunnar Örn sendi boltann fyrir þar sem Ásgrímur Albertsson varð fyrir því óláni að senda boltann í eigið mark undir mikilli pressu frá Magnúsi Páli Gunnarssyni.

HK sótti í sig veðrið í seinni hálfleik og var þá meira jafnræði með liðunum. Eins og í fyrri hálfleik var lítið um færi en HK jafnaði metin úr vafasamri vífaspjrnun. Oliver Jaeger féll í vítateignum



JAFNTEFLI Blíkin Prince Rajcomar í baráttu við HK-ingana Ásgrím Albertsson og Calum Þór Bett.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við af því er virtist litla snertingu á 83. mínútu og varamaðurinn Þórður Birgisson skoraði örugglega með sinni fyrstu snertingu.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, var mjög vonsvikinn í leiklok. „Við höfum átt í vand-

ræðum með að drepa leiki sem við eigum að klára í allt sumar. Annars var HK að berjast fyrir lífi sínu og ná í mikilvægt stig. Þjálfarar á Íslandi virðast stilla upp fimm manna varnarlínu og ég get svo sem ekkert sett út á það. Menn verða að eiga það við sig,“ sagði Ólafur óánægður eftir að horfa á leiðinlegan leik.

Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, var öllu ánægðari í leiklok.

„Við náðum í gríðarlega mikilvægt stig. Ég var ósáttur við fyrri hálfleikinn þar sem við vorum seinir í öll návígi en það var mikill vilji til að jafna leikinn og komast yfir í seinni hálfleik,“ sagði Gunnar. HK er enn í fallhættu fyrir síðustu umferðina í deildinni í sjöunda sæti en stigið í dag gæti farið langt með að halda liðinu í deildinni.

- gmi



CARLOS TEVEZ Skoraði sitt fyrsta mark fyrir United í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Man. Utd lagði Chelsea, 2-0:

Vondir dagar hjá Chelsea

FÓTBOLTI Það er lítil gleði í herbúðum Chelsea þessa dagana. Fyrst missti liðið stjórnann sinn, José Mourinho, og í gær tapaði liðið fyrir Man. Utd á Old Trafford, 2-0. Það voru Carlos Tevez og Louis Saha sem skoruðu mörk United en mark Saha kom úr víti.

Það var þó Mike Dean dómari sem stal senunni. Hann sleppti augljósu víti á Chelsea snemma í leiknum en henti síðan John Obi Mikel af velli og þótti það spjald grimmur dómur. Sir Alex Ferguson vildi þó fá annað rautt spjald á Joe Cole en hann tæklaði Ronaldo illa.

„Cole átti að sjá rautt. Svona tæklingar eru stórhættulegar og það er ekki honum að þakka að Cristiano sé ekki stórslasaður,“ sagði Ferguson reiður en Avram Grant, stjóri Chelsea, var líka ósáttur við dómarrann og hefur þegar áfrýjað spjaldi Mikel.

„Ferguson á ekki að kvarta heldur getur hann verið ánægður með dómara. Dómarinn gerði sitt besta en gerði þrjú afdrifarík mistök – rauða spjaldið, fyrsta markið og svo vítið,“ sagði Grant.

- hbg

	1-0	
ÍA		Víkingur
Akranesvöllur, áhorf.: 689  Egill Már Markússon (7)		
1-0 Andri Júlíusson (16.)		
TÖLFRÆÐIN		
Skot (á mark) 9–17 (6–6)		
Varin skot Páll Gísli 6 – Ingvar 4		
Horn 5–14		
Aukaspjrnur fengnar 6–10		
Rangstöður 4–3		
ÍA 5–4–1	VÍKING. 4–5–1	
Páll Gísli Jónsson 6	Ingvar Þór Kale 5	
Helgi Pétur Magnús 5	Höskuldur Eiríksson 4	
*Árni Thor Guðm. 7	(81., Dragan Galic) 6	
Dario Cingel 6	Grétar Sigfinnur 5	
Heimir Einarsson 5	Milos Glogovac 5	
Guðjón H. Sveins 5	Hörður Bjarnason 5	
Andri Júlíusson 6	Arnar Jón Sigurgeirss. 6	
Jón Vilhelm Ákas 6	Jón Björgvin Herm. 6	
(15., Kári Steinn) 5	Víðar Guðjónsson 5	
Bjarni Guðjónsson 6	(70., Stefán Kári) 6	
Björn Bergmann 5	Þorvaldur Sveinsson 5	
(77., Guðmundur G.) 5	Gunnar Kristjánsson 5	
Vjekoslav Svadum 5	Sinisa Kekic 6	
	<i>*Maður leiksins</i>	

	0-2	
FH		Valur
Kaplakrikav., áhorf.: 4.238  Jóhannes Valgeirsson (7)		
<i>0-1 Baldur Aðalsteinsson (32.)</i>		
<i>0-2 Helgi Sigurðsson (84.)</i>		

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	7–15 (3–5)
Varin skot	Daði 3 – Kjartan 3
Horn	2–7
Aukaspyrnur fengnar	14–8
Rangstöður	5–4

FH 4–3–3	VALUR 4–4–2
Daði Lárusson 6	Kjartan Sturluson 8
Guðm. Sævarsson 5	Birkir Már Sævars. 8
Tommy Nielsen 7	Atli Sveinn Þórarins. 8
Sverrir Garðarsson 6	Barry Smith 8
Freyr Bjarnason 5	René Carlsen 9
Dennis Siim 3	Baldur Aðalsteins. 7
(63., Arnar Gunnl. 4)	(43., Dennis Mort. 6)
Davíð Þór Viðarsson 4	Sigurbjörn Hreiðars. 7
Ásgeir Gunnar 6	Pálmi Rafn Pálmas. 8
(77., Sigurvin Ólafs. 3)	Bjarni Ólafur Eiríks. 7
Tryggvi Guðmunds. 4	(66., Hafþór Ægir 4)
Matthías Guðm. 3	Guðmundur Ben. 7
(80., Atli Guðnason 3)	(76., Kristinn Hafl. 3)
Matthías Vilhjálmss. 4	*Helgi Sigurðsson 9)
<i>*Maður leiksins</i>	

	4-0	
Fylkir		Keflavík
Fylkisvöllur, áhorf.: 789  Kristinn Jakobsson (6)		
<i>1-0 Peter Gravesen (2.)</i>		
<i>2-0 Albert Ingason (16.)</i>		
<i>3-0 Albert Ingason (40.)</i>		
<i>4-0 Albert Ingason (68.)</i>		

TÖLFRÆÐIN	
Skot (á mark)	8–10 (6–4)
Varin skot	Fjalar 4 – Bjarki 2
Horn	6–4
Aukaspyrnur fengnar	7–9
Rangstöður	3–2

FYLKIR 4–4–2	KEFLAV. 4–4–2
Fjalar Þorgeirsson 6	Bjarki Guðm. 4
Andrés Jóhannes. 7	Guðjón Antoníus. 5
Kristján Valdimars. 8	Kenneth Gustafs. 4
David Hannab. 7	Hallgrímur Jónas. 4
Guðni Rúnar Helga. 8	Nicolai Jørgensen 5
Halldór Hilmisson 6	Einar Orri Einarss. 4
(78., Hermann Aða. 3)	Guðm. Steinarsson 6
Valur Fannar 7	(36., Milos Tanasic 5)
Peter Gravesen 8	Jónas Guðni 7
Páll Einarsson 6	Marco Kotilainen 4
*Albert Ingason 8	(70., Sigurb. Elias. 5)
Christian Christians. 6	Magnús Þorsteins. 6
(59., Ólafur Stígs. 6)	Sigurbjörn Hafþórs. 4
	(59., Högni Helgas. 4)
<i>*Maður leiksins</i>	

STADAN:										
1. Valur	17	10	5	2	40:20	35				
2. FH	17	10	4	3	39:25	34				
3. ÍA	17	8	5	4	31:24	29				
4. Fylkir	17	8	4	5	22:17	28				
5. Breiðablik	17	5	8	4	27:18	23				
6. Keflavík	17	5	5	7	23:29	20				
7. HK	17	4	4	9	17:34	16				
8. Fram	17	3	6	8	23:29	15				
9. KR	17	3	6	8	16:29	15				
10. Víkingur	17	3	5	9	14:27	14				

Víkingar eru komnir á botn Landsbankadeildarinnar eftir 1-0 tap gegn ÍA:

Víkingar voru sjálfum sér verstir

FÓTBOLTI Víkingur og ÍA mættust á Akranesi í hörkuleik sem spilaður var við erfiðar aðstæður. ÍA fór með sigur, 1-0, en Víkingur var meira með boltann í leiknum og átti fleiri skot en nýttu sér ekki tölfræðilega yfirburði sína.

ÍA-liðið náði að skora strax á 16. mínútu þegar Andri Júlíusson var fyrstur að átta sig í teignum og afgreiddi boltann í netið eftir að skalli Björns Bergmanns fór í slá. En fram að markinu höfðu Víkingar sótt grimmt og leikurinn nánast farið fram á vallarhelmingi ÍA. Jafnræði var með liðunum fram að hálfleik, en Víkingur var þó nær því að skora eftir hálf tíma leik þegar Sinisa Kekic átti skot rétt framhjá.

Í seinni hálfleik fór leikurinn að mestu fram í teignum hjá ÍA og Víkingar reyndu allt til þess að skora en þetta var ekki þeirra dagur.

Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga, var vitanlega svekkur í leikslök. „Við yfirspiluðum Skagamenn á þeirra heimavelli hér í dag og það er slæmt að taka ekki neitt frá leiknum. En það lið sem nýtir ekki færi sín, það vinnur ekki leiki



MEÐ AÐRA HÖNDINA Á BIKARNUM Helgi Sigurðsson og Kjartan Sturluson fögnuðu hreint ógurlega eftir sigurinn á FH í gær. Þeir áttu báðir góðan leik og þá sérstaklega Helgi sem skoraði mark og lagði upp hitt markið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valdatíð FH á enda runnin?

Það er allt útlit fyrir valdaskipti í íslenskum fótbolta eftir að Valur gerði sér lítið fyrir og lagði Íslandsmeistara FH, 2-0, á Kaplakrika í gær. Sigur Vals var fyllilega verðskuldaður. Valsmenn verða Íslandsmeistarar með sigri á HK.

FÓTBOLTI FH var búið að sitja á toppi Landsbankadeildarinnar síðan 19. júlí árið 2004 áður en þeir lutu í gras fyrir Val á heimavelli í gær. FH hafði setið samfleytt á toppnum í 60 umferðir. Þetta var í fjórða skiptið sem Valur fékk tækifæri til að komast á toppinn og óhætt að segja að Valsmenn komi upp á hárréttum tíma.

Fyrri hálfleikur var bráðfjörugur og leikmenn héldu áhorfendum heitum með fjörugum leik. Valsmenn þurftu að sækja til sigurs í leiknum enda tveim stigum á eftir meisturunum.

Þeir mættu mun betur stemmdir til leiks, voru grimmari á alla bolta á meðan FH-ingar voru fullrölegir í tíðinni. Valsmönnum gekk vel að komast upp kantana þar sem Baldur Aðalsteinsson og Bjarni Ólafur fóru mikinn.

Helgi Sigurðsson var síðan mjög ógnandi í fremstu víglínu og hélt

óruggri vörn FH við efnið. Valsmenn bökkðu líka vel, lokuðu svæðum og voru síðan fljótir fram.

Það var einmitt úr snarpri sókn sem Valur tók forystuna. Freyr Bjarnason missti þá af boltanum, Helgi lagði boltann út í teiginn þar sem Guðmundur Benediktsson lét boltann fara og fyrir aftan hann kom Húsvíkingurinn Baldur Aðalsteinsson og lagði boltann snyrtilega í netið.

Eins og búast mátti við féllu Valsmenn nokkuð til baka í síðari hálfleik. FH-ingar reyndu hvað þeir gátu að brjótast í gegnum þéttan og gríðarlega vel skipulagðan varnarmúr Vals en án árangurs.

Það var engin hugmyndaauði í sóknarleik meistaranna, þeir komust ekkert upp vængina sem fyrr og sóknarleikurinn einkenndist af háum sendingum í teiginn sem

Valur var í litlum vandræðum með.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, hefði að ósekju mátt hrista upp í leik sinna manna fyrr og það var ekki fyrr en Atli Guðnason kom af bekknum tíu mínútum fyrir leikslök sem FH náði að ógna Val af einhverju viti. Atli fékk strax færi en skallaði yfir.

Skömmu síðar komst hinn lúsiðni Helgi Sigurðsson inn fyrir vörn FH og hann lagði boltann listavel í netið framhjá Daða í marki FH.

Sigur Vals var fyllilega verðskuldaður. Valsmenn voru betri í vörn sem sókn og það segir sína sögu að FH náði nánast aldrei að opna vörn Valsmanna að einhverju ráði. Valur hefur öll ráð í hendi sér fyrir lokaumferðina. Það er í þeirra höndum að velta FH endanlega af valdastóli í íslenskum fótbolta.

henry@frettabladid.is

Ólafur Jóhannesson: Treystum á Kópavogsrísann

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, var óánægður með frammistöðu sinna manna í leiknum.

„Það er erfitt að segja hvað klikkaði hjá okkur í dag. En þeir voru einfaldlega betri en við,“ sagði hann en minnti um leið á að mótið er ekki búið. „Nú er þetta ekki lengur í okkar höndum og við verðum bara að vona að Kópavogsrísinn vakni með hveli í næsta leik,“ sagði Ólafur og átti þar við lið HK, andstæðinga Valsmanna í lokaumferðinni. „Það dásamlega við fótboltann er að allt getur gerst og þess vegna höldum við enn í vonina,“ sagði Ólafur.

- vig



ÖRUGGUR Kjartan Sturluson var öryggð uppmálað í marki Vals í gær og greip oft vel inn í leikinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Davíð Þór Viðarsson:

Valur átti sigurinn skilinn

FÓTBOLTI Leikmenn FH voru niðurlútir er þeir gengu af velli í Kaplakrika í gær og miðjumaðurinn Davíð Þór Viðarsson var fámáll í leikslök.

„Við mættum einfaldlega ekki tilbúnir til leiks og því fór sem fór. Það er ömurlegt að hafa lent á svona degi í þessum leik, fyrir framan alla þessa áhorfendur á okkar heimavelli,“ sagði Davíð. „Ég ætla ekkert að vera að reyna að afsaka þetta, Valsarar voru bara betri og áttu sigurinn skilinn.“

- vig

Keflavík sá aldrei til sólar í Árbænum:

Fjögurra stjörnu frammistaða hjá Fylki

FÓTBOLTI Fylkir vann frábæran 4-0 sigur á Keflavík í gær. Fylkismennvoru snarpir í upphafi leiks og fengu víti strax á annarri mínútu þegar Kristinn Jakobsson, dómari leiksins, taldi að brotið hefði verið á Páli Einarssyni innan vítateigs. Peter Gravesen spurði hins vegar engra spurninga og skoraði örugglega úr spyrnunni.

Keflvíkingar vöknðu aðeins við markið. Fylkismenn voru þó alltaf hættulegri, og áttu nokkrar hraðar sóknir. Albert Brynjar Ingason komst einn inn fyrir eftir eina slíka. Kristján Valdimarsson var fljótur að snúa vörn í sókn og sendi langa sendingu inn fyrir á Albert, sem kláraði með stæl.

Albert, sem var frábær í fyrri hálfleik, skoraði sitt annað mark á 40. mínútu. Enn barst löng sending fram völinn, og aftur kláraði Albert Brynjar frábærllega. Setti boltann upp í vinstra hornið. Fjórða markið leit dags-

ins ljós á 68. mínútu og uppskriftin var enn og aftur sú sama. Löng sending barst inn fyrir frá Andrési Má Jóhannessyni. Miðverðir Keflvíkinga voru einu sinni sem oftár í vandræðum, Albert Brynjar komst einn gegn Bjarka markverði og innsiglaði þrennuna.

Fylkismenn voru betri á öllum sviðum knattspyrnunnar í gær. Varnarlínan steig vart feilsþor, með þá Guðna Rúnar og Kristján sem bestu menn, miðjan var svínnandi og Albert Brynjar eins og gammur í framlínunni. Keflvíkingar vilja hins vegar gleyma leiknum sem allra fyrst. Jónas Guðni Sævarsson getur einn þeirra borið höfuðið hátt.

Kristján Valdimarsson, varnarmaður Fylkis, segir Fylkismenn stefna ótrauda að Evrópusæti. „Við getum ekki annað gert en að vinna síðasta leikinn og vonað að Keflvíkingar geri Skagamönnum grikk. Þetta gekk fullkomlega upp hjá okkur í kvöld.“

- jsk

og það var okkar hlutskipti í dag,“ sagði Magnús sem var þó sáttur með baráttu sinna manna í leiknum. „Ef við spilum á móti FH eins og við spiluðum í dag og hlutirnir falla með okkur, þá er ég ekkert smeykur við næsta leik,“ sagði Magnús að lokum. Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, var sáttur við

úrslitin en ekki jafn sáttur við spilamennskuna. „Sigurinn var góður og við vissum að Víkingar myndu koma grimmir til leiks og þeir gerðu það. Í restina var pressan gríðarlega mikil á okkur og það má kannski segja að við höfum sloppið fyrir horn,“ sagði Guðjón.

- öþ

> Jeff Goldblum

Jeffrey Lynn Goldblum er á meðal hávöxnustu leikara í Hollywood, en hann er 1,94 metrar á hæð. Goldblum hefur leikið í fjölda kvikmynda og þátta, og fær oftast en ekki að leika sérvitra karaktera. Utan leiklistarinnar er Goldblum góður djasssöngvari og pianóleikari og hefur sagt að hann myndi leggja tónlistina fyrir sig ef hann yfirgæfi leiklistina. Goldblum leikur lögreglumanninn Raines í samnefndum þætti sem Skjár einn sýnir í kvöld.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR VAKNAR FYRR EN ELLA

Morgunvaktin ómissandi

Hér birtist fyrir skömmu mikið lof um morgunleikfimi Halldóru Björns. En áður en gamlingjarnir byrja að sprikla geta aðrir árrisulir notið eins allra besta útvarpsþáttar í heimi. Morgunvaktina síðasta vetur stóðu þau Kristján Sigurjónsson, Ólöf Rún Skúladóttir og Sveinn Helgason. Þátturinn hefur verið framúrskarandi fyrir mikið og hugmyndaríkt spjall um hvaðeina. Hvort sem rætt er við forsætisráðherra, sjómenn eða róttækan prest úr Stóra-Núpsprestakalli; allir mæta á vaktina.

En þetta er ekki bara gæðablaður. Morgunvaktin spilar og betri tónlist en gengur og gerist í útvarpi. Oft ófáanlega tónlist, veit undirritaður af biturri reynslu. Það geta verið söngvararnir úr kirkju Basils helga í Moskvu, Komwa Komwa-strengjahljómsveitin frá Papúa Nýju-Gíneu, nú eða bara Óðinn Valdimarsson frá Akureyri. Tónlistarstjórinn, sem er líklega Kristján, á inni Fálkaorðuna fyrir valið og er áhugasömum ráðlagt að skoða lagalistann á heimasíðu þáttarins. Eða hvar

annarsstaðar heyrir maður afkynninguna „já, þeir eru alltaf jafn vinalegir karlarnir í Ladysmith Black Mambazo-kórnum frá Suður-Afríku,“ klukkan sjö á morgnana?

Mælikvarðinn á góða útvarpsrödd er ómeðvitaður vilji hlustanda til að bjóða viðkomandi inn í stofuna til sín. Er þetta viðkunnanlegt fólk eða ekki, sem malar þarna í sífellu? Er það skemmtilegt og vel gefið? Langar okkur að bjóða því í te og meðði? Morgunvaktarfólkið skarar hér einnig fram úr. Sveinn, ritstjóri þáttarins, er stundum hikandi og eilítið feimnislegur svona í morgunsárið, sem eykur enn á sjarmann. Meintur tónlistarstjóri yfirvegaður og mildur. Þetta eru góðra drengja raddir og vandaðra.

Að þeim ölöstuðum var samt seiðandi rödd Ólafar best. Hún var líka prýðilegt mótvægi við strákana. Ákveðnari og einhvernvegin djúpraddaðri en þeir. Einbeitt og töff. En hún þagnaði nýskeð, eins og svo margar góðar raddir RÚV. Tvær nýjar leysa Ólöfu af hólmi í vetur. Gangi þeim vel.



EKKI MISSA AF



► 20.20 Matur er mannsins megin SJÓNVARPIÐ



► 20.45 Men in Trees STÖÐ 2



► 18.00 A Series of Unfortunate Events STÖÐ 2 BÍÓ



► 21.15 Smallville SIRKUS



► 22.00 C.S.I. New York SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.20 Leikir kvöldsins e.
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Prinsinn og kóralhafið
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís (58:104)
18.06 Fæturnar á Fanney (15:26)
18.17 Halli og risaæðlufatan (28:52)
18.30 Út og suður (2:12)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

► 20.20 Matur er mannsins megin (1:6) (The Truth about Food) Heimilda-myndaflokkur frá BBC um þau áhrif sem mismunandi fæðutegundir hafa á fólk í lengd og bráð. Í þessum þætti eru rannsakaðar fullyrðingar um að viss fæða veiti vörn gegn sjúkdómum og leitað svara við spurningum á borð við þessar: Gæti mataræði forfeðra okkar verið lykillinn að góðri heilsu?

21.15 Í nafni réttlætis (11:13)
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
22.45 Slúður (2:13) Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Með aðalhlutverk fara Courteney Cox, Ian Hart, Josh Stewart og Laura Allen.

23.40 Spaugstofan
00.10 Bráðavaktin (10:23)
01.00 Kastljós
01.40 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Chasing Beauties
08.00 The Producers
10.10 Lackawanna Blues
12.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events
14.00 The Producers
16.10 Lackawanna Blues
► 18.00 Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events
20.00 Chasing Beauties
22.00 Dirty War
00.00 Crime and Punishment in Suburb
02.00 Hard Cash
04.00 Dirty War



07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Oprah
08.55 Í finu formi 2005
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (26:120)
10.15 Sisters (13:24)
11.00 Whose Line Is It Anyway
11.25 Örlagadagurinn (11:14)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters 4 (5:22)
13.55 Broadcast News
16.05 Barnatími Stöðvar 2 (e)
17.30 The Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.20 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (18:22) (e)
19.50 Friends (8:24)

20.15 Heima hjá Jamie Oliver (11:13) Jamie heldur áfram að elda hráefni úr garðinum en að þessu sinni eru það súrar gúrur og annað meðlæti.

► 20.45 Men in Trees (15:17) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.

21.30 Saving Grace (3:13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. 2007. Bönnuð börnun.

22.15 Weeds (9:10) Eftir að eiginmaðurinn deyr snögglega lendir húsmóðirin, Nancy Botwin, í miklum fjárhagsvandræðum. Til þess að bjarga sér úr vandræðunum tekur Nancy upp á því að fara að selja maríjúana.

22.45 Weeds (10:10) Eftir að eiginmaðurinn deyr snögglega lendir húsmóðirin, Nancy Botwin, í miklum fjárhagsvandræðum.

23.15 NCIS (4:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sersveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliða.

00.00 Justice (5:13)
00.45 Footballers' Wives (8:8)
01.55 Broadcast News
04.05 Men In Trees (15:17)
04.50 Fréttir og Ísland í dag
05.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi



07.00 Landsbankamörkin 2007
07.30 Landsbankamörkin 2007
08.00 Landsbankamörkin 2007
08.30 Landsbankamörkin 2007
09.00 Landsbankamörkin 2007
14.50 Landsbankadeildin 2007
16.40 Landsbankamörkin 2007
17.10 Spænski boltinn
18.50 NFL Endursýning á leik Denver og Jacksonville í NFL-deildinni sem fram fór í gærkvöld.
20.50 David Beckham - Soccer USA (9:13)
21.20 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifi úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
22.00 Spænsku mörkin 2007-2008 Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.
22.45 World Series of Poker 2007 (\$1,500 No Limit Hold 'Em, Las Vegas, NV)



07.00 Man. Utd. - Chelsea
15.05 Coca-Cola Championship
16.45 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Víðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
17.40 Liverpool - Birmingham
19.20 Fulham - Man. City
21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Víðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
22.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 30 Rock (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Thick & Thin (e)
19.30 Giada's Everyday Italian (e)
20.00 Friday Night Lights (6:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
21.00 The Company - NÝTT Glæný megasería í sex þáttum með stóroleikurunum Chris O'Donnell, Michael Keaton og Alfred Molina í aðalhlutverkum. Þetta er kraftmikil þáttaröð um kalda stríðið og hlutverk bandarísku leynipjónustunnar í því.
► 22.00 C.S.I. New York (4:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Mac og Stella rannsaka groddalegt morð á háskólastólku sem var afhöfðuð í partí þar sem öll vitnin voru of ölvuð til að muna hvað gerðist. Morðinginn skilur eftir dulin skilaboð fyrir lögregluna.
22.50 Raines (5:7) Bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumann sem rannsakar morðmál og nær óvenjulegu sambandi við fórnarlömbin.
23.40 Jay Leno
00.30 3 Lbs (e)
01.20 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

THE COMPANY

HEFST Í KVÖLD KL. 21.00 Á SKJÁEINUM



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.30

Saving Grace

Í kvöld er spennandi þáttur af Saving Grace með Óskarsverðlaunaleik-konunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. Í þætti kvöldsins baslar Grace við að sætta sig við tilveru Earl en hann virðist ekkert vera á förum.

F4 SIRKUS

18.23 Fréttir

19.00 Hollyoaks (20.260)

19.30 Hollyoaks (21.260)

20.00 The War at Home (22.22) Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.

20.25 Most Shocking Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líka. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.

21.15 Smallville (11.22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 Monk (10.16) Fyrirverandi ranns óknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórna honum og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. 2006.

22.45 Næturvaktin NÝTT Glænýr íslenskur gamanþáttur með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Næturvaktin er fyrsta leikna þáttaröð sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráglettnum húmor í anda Seinfeld og The Office. 2007.

23.10 The Tudors (5.10) Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Meyers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstílinn. Stranglega bönnuð börnum.

00.05 The 4400 (11.13)

00.50 Jake 2.0 (10.16) (e)

01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Down to Earth 13.00 Miss Marple 14.00 Passport to the Sun 14.30 Cash in the Attic 15.30 Small Town Gardens 16.00 As Time Goes By 16.30 Last of the Summer Wine 17.00 A Life Coach Less Ordinary 17.30 A Life Coach Less Ordinary 18.00 Silent Witness 19.00 Murder Prevention 20.00 Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps 20.30 The Kumars At Number 42 21.00 Silent Witness 22.00 Ever Decreasing Circles 22.30 Murder Prevention 23.30 As Time Goes By 0.00 Last of the Summer Wine 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Down to Earth 3.00 How I Made My Property Fortune

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.15 Grosvold 10.55 Beat for beat 11.55 Med hjartet på rette staden 12.45 Tom og Jerry 12.50 Tom og Jerry 13.00 Fabrikken 13.25 Totalt genialt! 14.00 Gatefootball 14.25 Viva Pinata 14.40 Kid Paddle 15.00 NRK nyheter med verdensværet 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.00 Små Einsteins 16.25 Gjengen på taket 16.40 Distriksnyheter 17.00 Dagsrevyen med sport 17.30 Puls 17.55 Faktor: Konsert for tre hester i to takter 18.25 Redaksjon 18.55 Distriksnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 "Leende guldbruna øgon" 20.30 Store studio 21.00 Kveldsnytt med sport 21.15 Columbo 22.40 Nytt på nytt 23.10 Kulturnytt 23.20 Sport jukeboks 1.00 Country jukeboks

SVT 1

11.45 Kurragömma 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Globalisering 15.30 Krokomax 16.00 Nicke Nyriken 16.25 Ebb och Flo 16.30 Hockeykväll 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Upp till kamp 20.00 Pakistan Zindabad 20.55 Rapport 21.05 Kulturnyheterna 21.15 Babben & co 22.15 Vita huset 23.00 Sändningar från SVT24

► THE COMPANY - NÝTT

Skjár einn kl. 21.00

Glæný sería í sex þáttum með stórleikurunum Chris O'Donnell, Michael Keaton og Alfred Molina í aðalhlutverkum. Þáttaröðin fjallar um hlutverk bandarísku leyniþjónustunnar í kalda stríðinu. Sagan spannar fjörutíu ár og fjallar um baráttu manna sem fórnðu öllu í stríðinu um upplýsingar fyrir CIA, KGB og MI6. Framleiðendur þáttanna eru bræðurnir Ridley og Tony Scott, sem gert hafa fjölmargar stórmyndir í Hollywood.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn

07.05 Morgunvaktin

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.03 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vít og breitt

14.03 Bak við stjórnurnar

15.03 Útvarpssagan: Vansæmd

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.24 Auglýsingar

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Heima er best

21.10 Stjörnuþikur

22.15 Afsprengi

23.10 Landið helga

00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



ÍSLENSKA SÍULAS FLU 3772 68V7

Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is



LÍFSTRÉ

Hefur þú áhuga á að vera þátttakandi í rannsókn sem snýr að þróun bættrar þjónustu kvenna er greinast með brjóstamein og aðstandenda þeirra?

Hefur þú greinst með brjóstakrabbamein fyrir að minnsta kosti 6 mánuðum síðan eða ert aðstandandi, það er maki, barn 18 ára og eldri, foreldri, systkini, vinkona eða vinur konu sem hefur greinst með brjóstakrabbamein fyrir að minnsta kosti 6 mánuðum síðan? Hvernig litist þér þá á að taka þátt í rannsókn?

Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt til Persónuverndar.

Aðalrannsakendur eru **Herdís Jónasdóttir** hjúkrunarfræðingur MSc. og **Ingibjörg Hreiðarsdóttir** hjúkrunarfræðingur BSc. Meðrannsakendur eru 20 talsins og samanstanda af heilbrigðisstarfsfólki, konum sem hafa greinst með brjóstakrabbamein og aðstandendum. Þeir eru eftirfarandi:

Aðalbjörg Finnbogadóttir, hjúkrunarfræðingur MSc.
Auður Elísabet Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc.
Dóra Júlíussen, félagsráðgjafi BA.
Edda Hannesdóttir, meistaranemi í sálfræði við Háskóla Íslands.
Eldey Huld Jónsdóttir, kennari B.ed, félagsráðgjafi MSW og andlegur heilari.
Guðrún Þórðardóttir, leikari og kennaranemi við Listháskóla Íslands.
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi BA.
Jóhanna Björk Briem, sjúkranuddari frá Canada, Craniosacral meðferðanám frá Englandi og MA í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands.
Kristín Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur BSc.
Margrét Gunnarsdóttir, sjúkrapjálfari MSc í integrative psychotherapy.
Ragna Dóra Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og meistaranemi í heilsuhagfræði.
Ruth Sigurðardóttir, skurðhjúkrunarfræðingur BSc.
Sigrún Sæmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur MSc.
Sigurður Árnason, sérgrein: krabbameinslækningar.
Snorri Ingimarsson, sérgrein: geð- og krabbameinslækningar.
Svanhildur Jónsdóttir, skurðhjúkrunarfræðingur og MA í mannauðsstjórnun.
Valgerður Hjartardóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og djákni.
Þóra Baldvinsdóttir, ráðgjafi.
Þórunn Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og meistaranemi í þýðingum.
Þorbjörg Ingvadóttir, sjúkraliði og framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.

Megintilgangur rannsóknarinnar er að kanna með hópviðtölum rýnihópa (focus groups), viðhorf og væntingar kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og aðstandenda þeirra til sérhæfðrar brjóstameinsmiðstöðvar með hliðsjón af hugmynd sem fengið hefur nafnið *Lífstré*.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort hugmyndin samræmist hugmyndum kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og aðstandenda þeirra á þeirri þjónustu sem þau vænta frá greiningu til loka meðferðar og að nýta viðhorf og væntingar þessa tiltekna hóps til frekari framþróunar á þjónustu þeim til handa.

Áhætta af þátttöku er í lágmarki þar sem áherslur viðfangsefna rýnihópanna eru á þætti þjónustunnar en ekki á upplifun þátttakenda af sjúkdómi sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í heilbrigðisþjónustu fyrir konur sem greinast með brjóstamein og aðstandendur þeirra.

Óskað er eftir 210 þátttakendum. Viðtölin verða á 4-6 vikna tímabili í október og nóvember 2007. Hver hópur hittist einungis einu sinni og mun hvert hópviðtal taka um 1-1 ½ klst. Leitað er eftir þátttöku fólks af öllu landinu. Fundarstaðir hópviðtalanna verða hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Maður Lífandi Borgartúni, Krabbameinsfélagi Austfjarða og Krabbameinsfélagi Akureyrar.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga hjá Herdísi Jónasdóttur í síma 694-3250 eða Ingibjörgu Hreiðarsdóttur í síma 694-6939.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.



LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Goodbye,
ástkæra ...


Sú var tíð að hægt var að sjá af Sholdafari fólks staðsetningu þess í metorðastiga þjóðfélagsins. Aðeins kaupmenn, prófastar og sýslumenn höfðu efni á að koma sér upp ístru, sem var stöðutákn þeirra tíma. Snotur ístra jafngilti 50 milljóna sportbíl í nútímanum en knésíð vömb var á við einkaþotu.

ÞETTA ókeypis fitusog sem alþýðan bjó við hafði þann kost með sér að íslenskrar konur voru í kjörþyngd sýningarstúlkna frá landnáms tíð fram á miðja tuttugustu öld. Þá uppgötvuðu auðmennirnir loksins að til væri fjölbreyttari afþreying en að safna ístru. Sjóndeildarhringur yfir stéttarinnar víkkaði til muna í góðærinu mikla sem var fyrst og fremst Adolf Hitler að þakka og stundum er kennt við síðari heimsstyrjöld.

Í HARÐINDUM fyrri alda varð yfirstéttin að notast við danska mynt, því að íslenskir peningar voru auðvitað öngvir til, þar til í stríðinu. Þá komu dollarar og pund í stað hinnar dönsku myntar. Upp á grín var „álnum vaðmáls“ breytt í íslenskar krónur. Sá gjaldmiðill vakti hlátur í fjármálastofnunum veraldar og var eingöngu notaður innanlands á svörtum markaði þar sem alþýðunni voru seldir dollarar á uppsprengdu verði meðan betra fólk fékk þá í bönkum á sanngjörnum prís. Þetta var áður en mönnum hafði hugkvæmst sú hagræðing sem fólst í því að afhenda yfirstéttinni bankana á einu bretti.

EINS OG hinn sauðþrái íslenski almúgi hefur löngum haldið fram eru peningar ekki það sem máli skiptir í lífinu heldur þau forréttindi að geta hugsað, talað og skrifað á tungu feðra sinna. Í Noregi til forna var töluð íslenska. Þetta tungumál tóku landnámsmennirnir með sér að heiman og kölluðu „ástkæra ylhýra málið“ og notuðu til að semja skemmti efni fyrir svonefndar kvöldvörur í moldarkofum sem þettaðir voru með mykju.

NÚ ætlar yfirstéttin að taka upp ensku sem þjóðtöngu við fyrsta hentugleika enda er öllum betri mönnum að verða ljóst að ekkert er upp úr íslenskunni að hafa. Þó verður fyrst um sinn heimilt að blóta á íslensku á laun þar sem vottum verður ekki við komið. Goodbye, ástkæra, ylhýra ...



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 24. september, 267. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.15	13.20	19.23
Akureyri	6.59	13.04	19.08

Heimild: Almanak Háskólans



NISSAN PATHFINDER ADVENTURE
GERI AÐRIR BETUR!

Nissan Pathfinder Adventure er alvöru bíll, kraftmikill, fallegur og töff! Hann er með fullkomið fjórhjóladrif sem gefur möguleika á að aka einungis í afturhjóladrifi (2WD) og spara þannig eldsneyti þegar ekki er þörf á fjórhjóladrifi (4WD). **Adventure** útgáfan er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og fæst hvergi nema á Íslandi.

STAÐALBÚNAÐUR:

- 33" breyting
 - Sérsmíðaðar álfelgur
 - 7 manna
 - Sjálfskipting
 - 174 hestafla díselvél
 - 3000 kg dráttargeta
 - Cruise control
- Dráttarbeisli
 - 6 diska CD spilari
 - Húddhlíf
 - Vindskeið
 - Litað gler
 - Regnskynjari
 - Þokuljós



ATH:
Við erum með Adventure sýningarbíl í salnum og reynsluakstursbíl á staðnum

NISSAN PATHFINDER ADVENTURE SE

Verð aðeins **4.950.000 kr.**

KOMDU OG REYNSLUAKTU



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.